











# Bændablaðið

17. tölublað 2023 ● Fimmtudagur 21. september ● Blað nr. 641 ● 29 árg. ● Upplag 33.000 ● Vefur: bbl.is



Í Hrunaréttum var féð niðurrignt, enda mikil úrkoma á réttardaginn og daginn áður. Fleiri myndir úr réttum eru á síðu 8 og miðopnu blaðsins. Mynd / MHH

## Varnarlínur breytast

**Með nýjum tölum er líklegt að áherslan á varnarlínur og niðurskurð minnki í baráttunni við búfjársjúkdóma.**

Með innflutningi á sauðfé komu til landsins áður óþekktar pestir. Mæðiveiki, garnaveiki og riða ollu miklum búsifjum en með sauðfjárveikivörnum tókst að útrýma fyrstnefndu sóttinni. Með bóluefni hefur tekist að halda garnaveiki niðri.

Á síðustu misserum hafa orðið þáttaskil í baráttunni gegn riðu eftir að arfgerðir sem eru alþjóðlega staðfestar sem riðuónæmar fundust í íslensku sauðfé. Með því verði hægt að rækta upp ónæmi í sauðfjárstofninum sem breyti nálguninni í sauðfjárveikivörnum. Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir hjá Matvælastofnun, segir rétt að leggja mat á gildi núverandi fyrirkomulags í ljósi þess að við séum komin með fleiri verkfæri í verkfærakistuna.

Sérfræðingahópur skipaður af matvælaráðherra er að rýna tillögur frá fulltrúum sauðfjárbænda um breytingar á sauðfjárveikivörnum. Þær snúi í fyrsta lagi að uppbyggingu hjarðar eftir riðuniðurskurð. Í öðru lagi útfærslu á aðgerðum þegar riðuveiki greinist. Í þriðja lagi hvernig standa skuli að ræktun gegn riðuveiki. Von er á niðurstöðum 1. nóvember næstkomandi. /ÁL

*Sjá nánar á bls. 20–21.*

# Alls staðar fækkun sláturlamba

**Sláturtíð er komin á fullt og kemur fé vænt af fjalli. Eins og er starfa öll sláturhúsin á fullum afköstum en allt bendir til áframhaldandi fækkunar sláturlamba eins og undanfarin haust.**

Ágúst Andrésson, forstöðumaður kjötafurðastöðva Kaupfélags Skagfirðinga (KS), segir dilkana vera nálægt hálfu kílói þyngri miðað við sama tíma í fyrra. Nú séu lömbin álíka væn og þau voru 2021, sem var sérstaklega gott ár. Staðan núna segi þó ekki til um hvernig meðalþunginn verði í lok sláturtíðar, því bændur sendi bestu lömbin oft fyrst.

Miðað við ásetningstölur gerir Ágúst ráð fyrir að sláturlömbum fækki um fjögur og hálft prósent á landsvísu. Það sé nálægt átján til tuttugu þúsund lömbum. Kaupfélag Skagfirðinga rekur sláturhúsin á Sauðárkróki og Hvammstanga, en saman slátra þessi hús rúmum þriðjungi lamba á landinu. Ágúst gerir því ráð fyrir að KS finni fyrir þessum samdrætti og áætlar samanlagða fækkun í báðum sláturhúsunum upp á sex til sjö þúsund. Á Sauðárkróki er 2.800 lömbum slátrað á dag, á meðan sláturhúsið á Hvammstanga tekur við 2.400 gripum daglega.

### *Fækkun hafi áhrif á reksturinn*

KS byrjaði að slátra 11. september og er mesta pressan á sláturhúsin í upphafi sláturtíðar, þar sem greitt er álag fyrir lömb sem slátrað er snemma. Miðað við áætlanir gerir Ágúst ráð fyrir að sláturtíðin verði endaslepp í lok október. Þá reiknar hann með að öðru sláturhúsinu verði lokað og síðasta vikan verði kláruð á hinum staðnum, sem feli í sér betri nýtingu á mannskap. Ekki sé búið að ákveða hvoru sláturhúsinu verði lokað fyrst.

Niðurskurður vegna riðu undanfarin ár hefur haft áhrif á fjölda sláturlamba hjá KS. Bæði vegna þess að sumir innleggjendur detta út á meðan aðrir selja mikinn fjölda líflamba til þeirra sem eru að taka fé aftur, sem sé jákvætt. Ágúst telur að ekki verði mikil aukning í slátrun á fullorðnu fé í ár, eins og var undanfarin haust. Hann veit ekki til þess að neinn innleggjandi hjá honum sé að bregða búi.

Fækkun lamba hefur haft áhrif á rekstur sláturhúsa KS. Óhagkvæmnin eykst um leið og ekki næst full nýting á aðstöðunni. Samdrátturinn sem hefur verið undanfarin ár samsvari því magni sem hefur farið í gegnum eitt af stóru sláturhúsunum. Þó sé fjöldi sláturhúsa í landinu enn sá sami.

### *Væn lömb á Vopnafirði*

Skúli Þórðarson, framkvæmdastjóri Sláturfélags Vopnfirðinga, segir bændur hafa pantað slátrun fyrir 23.000 lömb og 2.300 rollur í ár. Sjö til átta prósent fækkun er á sláturlömbum í ár samanborið við síðasta haust. Sláturtíðina 2022 var 24.800 lömbum og 2.500 fullorðnum ám slátrað. Skúli segir þetta birtingarmynd þess að bændum fari fækkandi eða þeir hafi minnkað við sig.

Sláturtíðin á Vopnafirði stendur yfir í rétt rúmar sex vikur, en áætluð lok eru 23. október. Á hverjum degi er 800 til 840 lömbum slátrað. Skúli segir lömbin vera væn, en þau eru kílói þyngri en í fyrra.

Nokkuð vel hefur gengið að manna en 45 starfsmenn þurfi yfir sláturtíðina. Skúli segir sláturhúsið yfirleitt mannað af fólki af minnst tólf þjóðernum.

### *Of snemmt að fullyrða um fullorðið*

Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Kjarnafæði Norðlenska, segir slátrun enn sem komið er vera sambærilega því sem var í fyrra, en fyrirtækið rekur sláturhúsin á Húsavík og Blönduósi. Í lok dags þann 15. september var samanlagður fjöldi dilka í báðum húsunum kominn í 30.000.

Á Blönduósi er ekki rík hefð fyrir því að bændur panti tíma í slátrun. Of snemmt sé því að fullyrða hversu mikil slátrun verði í haust, en allt bendi til að samdrátturinn verði nálægt fjórum prósentum. Slátrun á fullorðnu er takmörkuð í upphafi sláturtíðar og því lítið að marka tölur hvað það varðar. Meðalþungi dilka er hærri en hann var á sama tíma í fyrra. Ágúst Torfi segir fé virðast hafa átt gott sumar í haga þetta árið.

Sláturtíðin hjá Sláturfélagi Suðurlands (SS) hófst 6. september og eru áætluð lok 31. október. Benedikt Benediktsson, framleiðslustjóri hjá sláturhúsi SS, segir heildarpöntun fyrir lambfé vera 90.000, sem sé þúsund lömbum færra en í sláturtíðinni í fyrra. Í ár stefnir í slátrun á 9.600 fullorðnum ám, samanborið við 11.000 síðasta haust.

Lömbin eru þyngri en í fyrra, en þegar Bændablaðið ræddi við Benedikt var meðalþunginn 17 kíló, samanborið við 16,7 kílógrömm á sama tíma í fyrra. /ÁL

FRÉTTIR

Grænlamb:

# Sauðfjárafurðir af sjálfbæru beitilandi

**Nú í haust verða íslenskar sauðfjárafurðir af vel grónu og sjálfbæru beitilandi í fyrsta skiptið markaðssettar á Íslandi.**

Vörurnar verða seldar undir vörumerkinu Grænlamb, sem er verkefni þriggja kvenna sem stunda sauðfjárbúskap í Kelduhverfi.

„Okkar framtíðarsýn er meðal annars að efla sauðfjárrækt í Kelduhverfi og gera það að eftirsóttum stað til búsetu," segir Guðríður Baldvinsdóttir í Lóni 2, sem er ein þeirra þriggja sem standa að verkefninu. Hinar konurnar eru Salbjörg Matthíasdóttir í Árdal og Berglind Ýr Ingvarsdóttir, Fjöllum 2. „Það viljum við gera með því að byggja á styrkleikum okkar – framleiðslu sauðfjárafurða á vel grónu landi í sátt við náttúruna, sem verða verðlagðar hærra á þeim forsendum. Lykilorð okkar er sjálfbærni, bæði hvað varðar landnýtingu og búrekstur."

*Vel gróið beitiland í Kelduhverfi*

Að sögn Guðríðar hefur Kelduhverfi þá sérstöðu að mest allt beitiland er þar vel gróið. Um 90 prósent af því fellur í tvo bestu flokkana samkvæmt flokkunarkerfi GróLindar, sem metur og vaktar ástand gróður- og jarðvegsauðlinda landsins auk þess að þróa sjálfbærnivísa fyrir landnýtingu á Íslandi.

Á landsvísu er hlutfallið um 40 prósent. „Unnið hefur verið að verkefninu með hléum, samhliða öðrum störfum, enda erum við í verkefnisstjórninni í mörgum hlutverkum eins og aðrir sauðfjárbændur. Upphaf verkefnisins var þátttaka í Hacking Norðurland, frumkvöðlakeppni sem haldin var á vormánuðum 2021 og við unnum. Síðan fengum við ágætan styrk úr Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2022 sem gerði okkur kleift að halda áfram," segir Guðríður.

*Stefna á að vörurnar fáist víða*

Takmarkið með verkefninu er að vörur seldar undir merkjum Grænlambs fáist víða, bæði beint frá býli og í völdum verslunum og kjötvinnslum. Einnig að veitingastaðir bjóði upp á Grænlambskjöt. Í byrjun verður hægt að kaupa vörur frá þeim þremur bæjum sem eru þátttakendur í verkefninu.

„Nú erum við komnar á þann stað að gera okkur sjálfar að tilraunadýrum og prufukeyra verkefnið í haust með að selja milliliðalaust okkar vörur. Við vonumst eftir góðum undirtektum því að sjálfsögðu viljum við taka verkefnið áfram og leyfa því að þróast," segir Guðríður.

Merki Grænlambs.

*Leitað eftir samstarfsaðilum um markaðssetningu*

Aðrir bændur í Kelduhverfi eru jákvæðir út í verkefnið, að sögn Guðríðar, en hafa ekki allir áhuga eða tök á að vera sjálfir í beinni markaðssetningu og sölu. Þær sjá því fyrir sér samstarf í framtíðinni við aðila sem geta tekið þann þátt til sín. „Við viljum ná til þeirra neytenda sem hafa dregið úr eða jafnvel hætt neyslu lambakjöts vegna fyrirkomulags landnýtingar í dag en einnig stórs kolefnisspors. Við viljum sumsé vinna til baka þann markað."

*Vilja ná til nýrra neytenda*

„Það var gerð óformlega skoðanakönnun á opnu Facebook-síðunum Gamaldags matur og Matartips sem sýndi að tæplega 50 prósent svarenda myndu frekar kaupa lambakjöt af vel grónu landi og að 80 prósent þeirra væru tilbúin að borga meira fyrir það en annað lambakjöt.

Við höfum því fulla trú á að það sé eftirspurn eftir þeirri vöru sem Keldhverfingar hafa upp á að bjóða. En við erum ekki eingöngu að tala um lambakjöt, því við erum einnig að vinna með ullina og ein okkar býður upp á ullarband af sínum kindum," segir Guðríður.

Á næstu dögum verður vefur verkefnisins opnaður á slóðinni graenlamb.is, þar er ýmsan fróðleik og upplýsingar að finna.

Guðríður segir að þær taki gjarnan við fyrirspurnum í gegnum netfangið graenlamb@graenlamb.is. /smh



Garðyrkjan ríður ekki feitum hesti frá fjárlagafrumvarpi komandi árs fremur en aðrar búgreinar. Mynd / Bbl

Fjárlagafrumvarp:

# Garðyrkjubændur í áfalli

## – Aukið framlag til kornræktar og arfgerðarannsókna en aðrir á horriminni

**Einu landbúnaðartengdu verkefnin í fjárlögum ríkisins fyrir árið 2024 sem fá aukið framlag eru tengd dýrasjúkdómum og eflingu kornræktar.**

Vilji stjórnvalda til að hlúa frekar að innlendum landbúnaði, svo sem vegna fæðuöryggis og sjálfbærni, er lítt merkjanlegur í fjárlögunum að öðru leyti.

Athygli vekur að t.d. garðyrkjan býr áfram við rýr framlög þrátt fyrir vilyrði stjórnvalda um að bæta þar um betur.

„Það eru gríðarleg vonbrigði að sjá núverandi stjórnvöld hunsa gerða samninga og svíkja gefin loforð," segir Axel Sæland, formaður búgreinadeildar garðyrkjubænda. „Enn ein fjárlögin og enginn áhugi er hjá núverandi stjórnvöldum að standa við eigin orð. Við erum með samning sem er til endurskoðunar á þessu ári og þar átta stjórnvöld ekki að gera neitt til að uppfylla sínar skyldur og þar af leiðandi eiga bændur ekki möguleika á að gera sitt," heldur Axel áfram.

Einnig hafi komið skýrt fram í stjórnarsáttmála að efla ætti garðyrkju í landinu til muna, með föstu niðurgreiðsluhlutfalli á raforkuverði til ylræktar og sérstökum stuðningi við útiræktun í gegnum búvörusamninga. Enginn áhugi sé nú hjá stjórnvöldum að standa við þessi fyrirheit.

*Gríðarleg vonbrigði garðyrkjubænda*

„Íslenskt grænmeti er gæðavara sem er að verða ósamkeppnishæf við innflutt grænmeti vegna þess hversu dýrt er að framleiða," segir Axel. „Bændur þurfa að velta öllum kostnaði yfir í verðlag þar sem stjórnvöld ætla sér ekki að koma til móts við greinina. Sem raungerist í því að innfluttar garðyrkjuafurðir verða mun ódýrari samanborið við þær íslensku. Þetta stangast algerlega á við markmið núverandi samnings," segir hann enn fremur.

Um 100 fyrirtæki eru í garðyrkju á Íslandi, að sögn Axels. Í ylrækt sé launakostnaður orðinn langstærsti einstaki kostnaðarliðurinn, 40%, og raforkukostnaður um 15–20% af heildarkostnaði. Áburðarkostnaður sé ekki hár af heildinni í ylrækt en verulegur kostnaður í útirækt.

*Innleiðingu verndandi arfgerða hraðað*

Aukið framlag á fjárlögum 2024 til arfgerðagreiningar verndandi arfgerða íslensks sauðfjár nemur 110 m.kr. og til aukinnar innlendrar framleiðslu á korni til fóðurs og til manneldis 198 m.kr.

„Hvað varðar aukningu í kornrækt og sauðfjárræktun þá eru þetta fjármunir sem samþykktir voru af ríkisstjórn í vor, bæði á grunni skýrslunnar Bleikra akra (aðgerðaáætlun Landbúnaðarháskóla Íslands um aukna kornrækt) og riðurannsóknum, þetta eru nýir fjármunir og við fögnum því," segir Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands. Varðandi lækkun á öðrum fjármunum til landbúnaðar sé verið að skoða þá liði nánar innan samtakanna.

Í greinargerð Landbúnaðarháskóla Íslands kemur fram að hægt væri að innleiða verndandi arfgerðir gagnvart riðusmiti á takmörkuðum svæðum þannig að eftir fimm ár verði yfir 80% ásetts fjár á mestu áhættusvæðunum arfblendið eða arfhreint fyrir verndandi samsætum og þar af leiðandi ólíklegt til að veikjast af riðu.

*Kynbótastarf, innviðir og beinn stuðningur*

Hækkun um 198 m.kr. til aðgerða sem eiga að stuðla að aukinni innlendri framleiðslu á korni til fóðurs og til manneldis gerir ráð fyrir að fjármagnið skiptist á milli verkefna til fjárfestingarstuðnings og innviðauppbyggingar í kornrækt annars vegar og beins stuðnings við kornframleiðslu hins vegar. Fyrri hluta tímabilsins verði megináhersla lögð á kynbótastarf og innviðauppbyggingu og á síðari hluta verði innleiddur beinn stuðningur við kornframleiðslu, í samræmi við áherslur sem birtast í aðgerðaáætlun Landbúnaðarháskólans um aukna kornrækt, Bleikum ökrum. Gert er ráð fyrir að á komandi árum fari framlagið til verkefnis stighækkandi.

Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að heildarframlag til landbúnaðar árið 2024 nemi 22.961,2 m.kr. Þar af er 741 m.kr. eyrnamerkt í rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 126,6 m.kr. að raungildi. Framlög til búvörusamninga lækka skv. frumvarpinu um 326 m.kr. í samræmi við fjármagnsliði samninganna.

Sjá nánar um fjárlagafrumvarpið og landbúnaðinn á síðu 18. /sá




Eyjafjörður:

# 2.500 tonna kornþurrkstöð borgi sig frekar

**25 af 33 eyfirskum bændum sem spurðir voru, sögðu að þeir myndu nýta sér kornþurrkstöð í firðinum ef hún yrði reist.**

Jafnframt myndu ríflega 60 prósent aðspurðra leggja til hlutafé og tæp 72 prósent myndu auka ræktun. Þetta kemur fram í lokaverkefni Oddleifs Eiríkssonar í búvísindum við Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ). Þar er gengið út frá því að kornþurrkstöð yrði reist að Syðra-Laugalandi í Eyjafirði og kostnaður borinn saman við notkun á þurrkstöð sem til stendur að reisa skammt frá Húsavík. Sé 1.000 tonna kornþurrkstöð reist í Eyjafirði verði kostnaður við rekstur einingarinnar það hár að hagkvæmara væri að flytja kornið um lengri veg.



**Mikill áhugi er á kornþurrkstöð meðal eyfirskra bænda, en ríflega 60 prósent myndu leggja inn hlutafé.**

Oddleifur segir í lokaorðum verkefnisins að ljóst sé að ýmsar forsendur til kornþurrkunar séu til staðar í Eyjafirði. Mismunur á flutningi korns að Syðra-Laugalandi samanborið til Húsavíkur sé 2,6 krónur á kílóið. Sé einungis miðað við flutningskostnað, þá væri hagkvæmara að reisa þurrkstöð í Eyjafirði í ljósi þess að kornrækt er umfangsmeiri þar en í Þingeyjarsveit.

Vissulega sé stærðarhagkvæmni að samnýta þurrkstöð við Húsavík og hún sé líklega vanmetin. Til standi að sú þurrkstöð nýti glatvarma, sem sé orka sem fari til spillis, og þurrki bæði korn og framleiði grasköggla. Oddleifur greinir nánar frá verkefninu í aðsendri grein á blaðsíðu 52 í þessu blaði. /ÁL




Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

3+4 ÁBYRGÐ
ÁRA ÞJÓNUSTA
VEGAAÐSTOÐ
2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur. *Gildir ekki með öðrum tilboðum og aðeins með nýjum seldum bílum.

Land og Skógur:

# Ágúst verður forstöðumaður

**Ágúst Sigurðsson hefur verið skipaður forstöðumaður Lands og skógar, nýrrar stofnunar sem verður til við sameiningu Landgræðslunnar og Skógræktarinnar.**



Ágúst Sigurðsson. Mynd / Aðsend

Í tilkynningu frá matvælaráðuneytinu segir að Ágúst hafi verið sveitarstjóri Rangárþings ytra frá árinu 2014 til 2022 og rektor við Landbúnaðarháskóla Íslands frá 2004 til 2014, þar sem hann stýrði m.a. sameiningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Garðyrkjuskóla ríkisins. Þá starfaði Ágúst sem landsráðsnautur í búfjárerfðafræði og hrossarækt hjá Bændasamtökum Íslands frá árinu 1996 til 2004. Ágúst hefur setið í stjórnum, ráðum, nefndum og hópum tengdum meðal annars landbúnaði, landgræðslu, hrossarækt og háskólamálum. Hann hefur ritað fjölda vísindagreina í alþjóðlegum ritrýndum vísinda- og ráðstefnuritum ásamt greinum í fagtímarit og blöð.

Land og skógur tekur formlega til starfa 1. janúar 2024. /sá




Rekstur Búvís verður áfram að mestu í óbreyttri mynd. Bræðurnir Einar (t.h.) og Gunnar (t.v.) hafa rekið fyrirtækið frá stofnun 2006. Mynd / Aðsend

# Skeljungur kaupir Búvís

**Samningar hafa tekist um kaup Skeljungs á öllu hlutafé í Búvís. Bæði fyrirtækin hafa verið öflug í sölu tilbúins áburðar, rúlluplasti og rekstrarvörum.**

Búvís er í eigu bræðranna Einars Guðmundssonar og Gunnars Guðmundarsonar. Þeir stofnuðu fyrirtækið árið 2006 og hafa rekið síðan þá. Einar, framkvæmdastjóri Búvís, segir helstu ástæðuna fyrir sölunni vera þá að bræðurnir séu komnir af léttasta skeiði. Einar er 62 ára og er Gunnar tveimur árum yngri. Jafnframt finnst þeim Skeljungur hafa svipaða framtíðarsýn og þeir varðandi Búvís.

Einar reiknar með að salan gangi í gegn fljótlega, en hún sé háð samþykki Samkeppniseftirlitsins. Hann á ekki von á öðru en það gangi í gegn þar sem samanlögð markaðshlutdeild þessara fyrirtækja sé ekki yfir mörkum.

Aðspurður telur Einar að Búvís hafi verið með átján til tuttugu og tveggja prósenta markaðshlutdeild á tilbúnum áburði, sem sé svipuð hlutdeild og Skeljungur hafi náð.

Búvís hefur flutt sinn áburð frá Eistlandi á meðan áburðurinn hjá Skeljungi kemur frá Bretlandseyjum. Hann gerir ráð fyrir að Skeljungur haldi áfram áburðarsölu undir merkjum Búvís.

Búvís rekur verslun á Akureyri og starfa sex starfsmenn hjá fyrirtækinu. Auk rekstrarvara selur Búvís heyog jarðvinnutæki, áburðardreifara, vagna og ýmislegt annað. Einar telur Skeljung hafa alla burði til að efla Búvís, en til standi að reka fyrirtækið að mestu í óbreyttri mynd. „Skeljungur er með öflugt og sterkt fyrirtæki og ég held að þeir hafi alla burði til að gera þetta vel í framtíðinni," segir Einar. /ÁL






Huðnur hafa verið mjólkaðar í sumar í Ytri-Fagradal en ekki hefur enn mátt selja mjólkina þaðan. Mynd / Aðsend

Geitamjaltir:

# Heilt sumar eyðilagt hjá geitabóndanum Höllu

## – Beiðni hennar um úttekt á mjólkurvinnslu sinni „féll milli skips og bryggju"

**Í síðasta tölublaði Bændablaðsins greindum við frá því að Halla Sigríður Steinólfsdóttir, geitabóndi í Ytri-Fagradal á Skarðsströnd, hefði ekki fengið úttekt hjá Matvælastofnun á aðstöðu sinni til mjólkurvinnslu, þrátt fyrir að hafa sent inn beiðni þess efnis í lok júní.**

Skýringin sem starfsmaður stofnunarinnar gefur á seinaganginum er að erindi Höllu hafi „fallið milli skips og bryggju" hjá honum.

„Þetta er óvenjuleg umsókn og hef ég þurft að bíða eftir umsögn sérfræðinga. Engin slík umsókn hefur verið afgreidd í mínu umdæmi áður að mér vitandi. Vegna sumarfría hefur málið svo gleymst, sem er mjög bagalegt fyrir Höllu," segir Daníel Haraldsson, héraðsdýralæknir Matvælastofnunar, í Norðvesturumdæmi í svari við fyrirspurn.



Halla Sigríður Steinólfsdóttir, geitabóndi í Ytri-Fagradal. Mynd / smh

### *Fékk úttekt daginn sem hún hætti að mjólka*

Halla fékk svo starfsmann í úttekt hjá sér miðvikudaginn 13. september, daginn sem hún hætti að mjólka geiturnar, vegna þess að kindurnar hennar þurfa nú sitt pláss á ný í fjárhúsunum. Halla segir þetta alvarlegt mál þar sem heilt sumar hafi verið eyðilagt hjá henni hvað varðar sölu á geitamjólkurafurðum sínum og að öllum líkindum talsverð verðmæti tapast. Hún segir að allt stefni í að hún fái leyfi til sölu á mjólkinni sinni athugasemdalaust. Það sé hins vegar of seint.

### *Fullkomlega óásættanleg málsmeðferð*

„Skoðun okkar er að sjálfsögðu sú að svona meðferð mála er fullkomlega óásættanleg," segir Oddný Anna Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka smáframleiðenda matvæla og Beint frá býli.

„Ég grennslaðist fyrir um þetta tiltekna mál og virðist meginorsökin liggja í að sótt var um úttektina í júní þegar starfsmenn voru að detta í sumarfrí og hvorki sá sem fékk umsóknina á sitt borð né sá sem hann ætlaði að koma henni til brugðust við þrátt fyrir að Halla hafi ítrekað spurst fyrir um stöðuna og henni lofað að brugðist yrði við. Sumarfrístími er engin afsökun ef opið er fyrir umsóknir og ekki tekið fram þegar þær eru mótteknar að þær verði ekki afgreiddar fyrr en eftir tiltekna dagsetningu þegar starfsmenn eru komnir úr fríi. Vonandi sjá stjórnendur stofnunarinnar til þess að svona endurtaki sig ekki í framtíðinni."



Oddný Anna Björnsdóttir.

### *Seinagangur í afgreiðslu umsókna*

„Í gegnum tíðina höfum við heyrt af alls konar málum sem eru jafnólík og þau eru mörg og já, hluti þeirra hefur tengst seinagangi í afgreiðslu umsókna, að fólk bíði og bíði og fái engin svör. Það sorglegasta er hve margir, bæði þeir sem eru ekki byrjaðir og þeir sem hafa áhuga á að prófa eitthvað nýtt í sinni starfsemi, hafa hætt við eða ekki lagt í að fara út í frumkvöðlastarfsemi, því þeir upplifa að það þýði að þeir þurfi að fara í átök við kerfið. Samskipti frumkvöðla og eftirlits eiga ekki að þurfa að vera þannig og hef ég nú sjálf persónulega reynslu af slíkum slag eftir að við vorum kærð af Lyfjastofnun fyrir að rækta hamp, þrátt fyrir að þau vissu fullvel að við vorum með skriflegt leyfi frá Matvælastofnun. Þá urðum við fórnarlamb í valdabaráttu tveggja stofnana, þar sem hvorki var gætt meðalhófs né viðhöfð góð stjórnsýsla," segir Oddný.

Hún segir mikilvægt að báðir aðilar, framleiðandi og eftirlitsaðili, fari inn í ferlið með það markmið að vera lausnamiðaðir. „Þetta á ekki að vera slagur, þar sem annar vinnur og hinn tapar; heldur einlægur vilji beggja að gera vel og finna leiðir til að láta verkefnið ganga upp um leið og matvælaöryggi og velferð dýra er tryggð. Ef það væri alltaf gert, væru vandamálin ekki svona mörg. Svo er rétt að nefna að í fjölmörgum tilfellum gengur ferlið, þessi samskipti, mjög vel og eftirlitsaðilar bæði lausnamiðaðir og afgreiða málin hratt og vel. Það er jú þannig að við heyrum helst af þeim málum þar sem illa gengur, ekki þeim málum sem ganga hratt og vel fyrir sig." /smh

# Við undirbúum veturinn með þér



N1
**Vefverslun**
Skoðaðu úrvalið og skráðu þitt fyrirtæki



**Vattfóðraður kuldagalli**

Kuldagalli vatteraður með cordura-efni á álagsflötum. Rennilásar á skálmum með flipa yfir. Hægt að taka hettuna af. Hnjápúðavasar.



**Dimex kuldagalli**

Vatteraður kuldagalli. Stórir brjóst- og hliðarvasar með rennilás. Símavasi og innri vasi með rennilás.

Litur: Svartur. Stærðir: XS–3XL.



**Fóðraður regnkuldagalli**

Lillehammer regnkuldagalli. Fóðraður og vatnsheldur.

Litur: Blár. Stærðir: S–3XL.




**Tegera vetrarhanskar**

Nítrildýfðir vetrarhanskar með mjög góðu gripi. Þeir eru liprir og fóðraðir.

Litur: Svartur. Stærðir: 9-11.



**Portwest kuldasokkar**

Hlýir og þægilegir sokkar fyrir veturinn. Passa vel í kuldaskó og stígvél.

Litur: Grár. Stærðir: 39–43.



**Prjónavettlingar**

Prjónaðir vinnuvettlingar úr ull og næloni. Veita hlýju í vetrarkuldanum.

Litur: Grár. Stærðir: M–L.

**Verslanir N1 um land allt**

**Akureyri** s. 440 1420 • **Blönduós** s. 440 1339 • **Húsavík** s. 440 1448
**Höfn** s. 478 1940 • **Ísafjörður** s. 456 3574 • **Klettagarðar** s. 440 1330
**Ólafsvík** s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245 • **Reyðarfjörður** s. 474 1293
**Reykjanesbær** s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127

**440 1000** **n1.is**

N1 ALLA LEIÐ

# Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.**
**Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.** Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar þá kr. 14.900 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 11.900 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Sigurður Már Harðarson (ábm.) smh@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is – Þórdís Anna Gylfadóttir thordisanna@gmail.com
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is** – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## SKOÐUN

## Neytendavernd

**Hér í blaðinu er viðtal við mann sem hefur tileinkað sér lífsstíl sem felst í því að neyta eingöngu dýraafurða – og í hans tilfelli að mestu leyti nautakjöts.**

Það sem vakir fyrir honum er að halda heilsu stöðugri í gegnum dagana og vellíðan – sem kann að skjóta skökku við því það er þvert á allar næringarráðleggingar yfirvalda sem mæla með fjölbreyttu fæði og mjög takmarkaðri neyslu á rauðu kjöti.

Hann var hrjáður af þrálátum bólgum í líkamanum og ýmsum lífsstílskvillum og illa gekk að fá bót meina sinna innan heilbrigðiskerfisins. Hann fór því að stúdera næringarfræði og náði sæmilegum árangri með lágkolvetna mataræði, en það var ekki fyrr en hann fór alveg yfir í dýraafurðaneyslu eingöngu sem hann öðlaðist góða og stöðuga heilsu.

Og þetta var fyrir um sjö árum síðan. Blóðprufur hafa staðfest góð áhrif mataræðisins á líkamann.

Hann tilheyrir samfélagi á Facebook sem heitir Carnivore Tribe-kjötætur sem lofsyngur einum rómi þennan lífsstíl. Enda finnur fólkið þar á eigin skinni betri líðan og heilsu – og engin ástæða til að tortryggja það.

Vilhjálmur Árnason heimspekingur hefur gefið út endurskoðaða bók sína Siðfræði lífs og dauða, um siðfræði og heilbrigðisþjónustu. Í viðtali á dögunum sagði hann frá því að hann hafi þurft að gera breytingar á bókinni í gegnum árin vegna tiltekinna breytinga sem hafa orðið í samfélaginu. Forræðishyggja lækna gagnvart sjúklingum væri til dæmis nú á undanhaldi, sem gekk út á það að hlýða einfaldlega læknisráði. Í staðinn væri tilhneiging í þá átt að líta beri á sjúklinga sem neytendur og þeirra sjálfræðisrétt í samræmi við það – sem Vilhjálmur varar mjög við. Ekki sé skynsamlegt að líta á sjálfræði sjúklinga með sama hætti og sjálfræði neytenda, vegna þess að sjúklingurinn sé alltaf háður hinu faglega mati. Fagmaðurinn verður að vera ábyrgur í að veita viðnám gegn ákveðnum óskum sem stangast á við faglega ábyrgð.

Læknirinn hafi þessa faglegu vitneskju en sjúklingurinn hefur annars konar vitneskju um eigin líkama. Þess vegna sé samtal þeirra mjög mikilvægt.

Auðvitað væri ákjósanlegt ef það væri alltaf boðið upp á frjóar samræður milli sjúklings og læknis varðandi mögulegar meðferðir við heilsufarsvandamálum. En þar held ég að við eigum enn langt í land, eins og í allri næringar- og lífsstílsráðgjöf til forvarnar gegn sjúkdómum.

Framþróunin er hröð á vettvangi læknavísinda og sömuleiðis bætast sífellt við upplýsingar um hvað sé heilsusamlegt og hvað ekki. En svo breytast líka upplýsingar hratt; það sem var heilsusamlegt í gær er það ekki lengur í dag. Upplýsingaóreiðan er nánast yfirþyrmandi. Bæði sjúklingar og neytendur eru að vissu leyti varnarlausir.

Læknar þurfa í raun að vera í stöðugri endurmenntun ef vel ætti að vera. Það er líka þörf á ákveðnum rannsóknum sem hagsmunaaðilar hafa ekki áhuga á að fjármagna. Hver hefur áhuga á að kosta langtímarannsóknir á heilsufarslegum áhrifum föstu á fólk?

Þótt jafnan beri að virða faglegt læknisráðin þá hafa þau mörg verið misráðin.

Það á við um mörg svið heilbrigðismála – ekki síst næringarráðleggingar. Hvað gera svo neytendur þegar hin faglega ábyrgð bregst? – þeir verða að bjarga sér sjálfir og bera ábyrgð á eigin heilsu.

Tilhneigingin er sú að neytendur og sjúklingar taka málin æ meira í sínar hendur og ábyrgðina á eigin heilsu. Taka „samræðuna“ þá frekar á netinu eins og við sjáum í dæmisögunni af fyrrnefndri nautakjötsætu.

En þá er vissara að vera vel vopnaður gagnrýnni hugsun. /smh

## Káfað upp á atvinnufrelsið




**Gunnar Þorgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is


**Síðustu misseri hefur okkur á skrifstofunni, í ljósi umræðu síðustu vikna, verið tíðrætt um atvinnufrelsið sem varið er samkvæmt 75. gr. stjórnarskrárinnar.**

Þar er sú grundvallarregla orðuð að öllum sé frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa og til þess að skerðing á þessu frelsi sé lögleg þurfi tvö skilyrði að vera uppfyllt. Í fyrsta lagi verður að kveða á um skerðinguna í lögum. Í öðru lagi þurfa almannahagsmunir að krefjast þess að gripið sé til skerðingarinnar.

Dómstólar hafa gert strangar kröfur til þess að skilyrðið um að skerðingar á atvinnufrelsi eigi sér stoð í lögum sé uppfyllt. Þannig er löggjafanum, hinu háa Alþingi, t.d. óheimilt að framselja framkvæmdarvaldinu frjálst mat um slíkar skerðingar. En hvað hefur verið að gerast síðustu mánuði? Í annan stað, þá velti ég því fyrir mér hvort það sé þá heimilt að framselja vald til eftirlitsstofnana í Brussel? Höfum í huga að samkvæmt EES-reglum þá ber aðildarríkjum að sýna sveigjanleika gagnvart framleiðendum og gæta meðalhófs.

Til upprifjunar þá var á liðnu þingi til umfjöllunar þingmannafrumvarp frá Flokki fólksins um bann við blóðmerahaldi sem hefur verið lagt fram síðastliðin þrjú löggjafarþing, eða frá árinu 2020, og 154. löggjafarþing sem nú hefur verið sett, verður þar engin undantekning. Vegferð „góða fólksins“ hefur nú birst í því að reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum nr. 900/2022 verður felld úr gildi frá 1. nóvember nk., þrátt fyrir að hafa verið sett með gildistíma til þriggja ára. Eftirlitsaðilinn, MAST, og ráðuneytið klóra sér eflaust í hausnum þessa dagana um hvernig skuli útfæra starfsemina og á meðan bíða bændur eftir svörum um hvort atvinnustarfsemi sem heimilt hefur verið að stunda hér á landi sl. 40 ár eða svo, verði fram haldið með góðu móti. Fyrirsjáanleikinn er enginn.

Það sló mig óneitanlega um daginn þegar samtal erlendra mótmælenda sem hlekkjuðu sig við hvalveiðibáta afhjúpaðist í beinni útsendingu. Af hverju? Jú, vegna þess að í samtali þeirra á milli kom fram að hvorugur þeirra hafði séð hval! Ég leyfi mér að fullyrða að fæstir þeir sem tala gegn blóðmerahaldi hafi verið viðstaddir þá framkvæmd og þá veit ég fyrir víst að flutningsmanni frumvarpsins um bann við blóðmerahaldi hefur ítrekað verið boðið að fylgjast með, en hún aldrei þegið.

Þingmenn hafa mörgum hlutverkum að gegna en eitt af því getur ekki verið að tala gegn atvinnugreinum sem heimilar eru samkvæmt lögum, og skapa störf og verðmæti. Til viðbótar hlýtur það að vera hlutverk fastafulltrúa Íslands á erlendum vettvangi sem starfa í utanríkisþjónustunni að gæta hagsmuna Íslands en ekki tala gegn atvinnuréttindum samborgara sinna en ekki viðra persónulegar skoðanir sínar í fréttum.

Hér þykir manni hreinlega að verið sé að káfa upp á atvinnufrelsið sem varið er samkvæmt stjórnarskrá á grundvelli persónulegra skoðana.

*Endurskoðun búvörusamninga*

Undanfarna mánuði hafa staðið yfir viðræður við samninganefnd ríkisins um endurskoðun gildandi búvörusamninga sem gildir til ársins 2026. Fram til þessa hefur enginn vilji verið til að auka fjármagn inn í búvörusamningana og það endurspeglast í nýbirtu fjárlagafrumvarpi og einnig í fjármálaáætlun sem gildir frá 2024 til 2028. Við höfum ítrekað bent á að samkvæmt búvörulögum segir að ávallt skuli tryggja nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu og að kjör þeirra sem landbúnað stunda skulu vera í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta. Hvað séu eðlileg kjör samanborið við aðrar stéttir hefur síðan verið skýrt nánar m.a. í 1. mgr. 8. gr. búvörulaga þar sem fjallað er um verðlagningu mjólkur en þar segir að áætlað vinnuframlag skili endurgjaldi hliðstæðu og gerist hjá starfsstéttum sem bera sambærilega ábyrgð á rekstri og mæta hliðstæðum kröfum um viðveru og færni.

Þá segir í 30. gr. búvörulaga að heimilt sé að mæla fyrir um endurskoðun samnings skv. 1. mgr. á samningstímanum þar sem metin eru áhrif og þróun samkvæmt samningi og teknar upp samningaviðræður að nýju teljist þess þörf. Því verður að telja að samkvæmt lögum sé skýrt að bæði eigi innlend landbúnaðarframleiðsla að anna innanlandsmarkaði auk þess sem afkoma þeirra sem slíka framleiðslu stunda eigi að vera í eðlilegu samræmi við kjör annarra stétta. Bændur bera jafnframt ákveðnar skyldur samkvæmt búvörulögum og búvörusamningnum. Þeir skuldbinda sig m.a. til að framleiða landbúnaðarafurðir og báðir aðilar, þ.e. ríkið og bændur, skuldbinda sig til að stuðla að þróun atvinnugreinarinnar. Það gefur auga leið að slíkt raungerist ekki nema afkoma bænda sé tryggð til framleiðslunnar.

Hækkanir aðfanga í landbúnaði árið 2022 hafa ekki gengið til baka. Þar að auki hefur fjármagns- og launakostnaður hækkað verulega milli ára, svo telur í milljörðum. Flestar búgreinar standa frammi fyrir miklum áskorunum í sínum rekstri og hluti þeirra býr við afkomubrest. Staðan er ekkert frábrugðin því sem var árið 2022. Bændasamtökin gera ráð fyrir því að það vanti um 9.400 12.200 milljónir til að landbúnaðurinn geti staðið undir rekstrarlegum skuldbindingum og eðlilegri launagreiðslugetu árið 2023. Sú sviðsmynd sem hefur verið rakin hér er ekki burðug og hefur bæði verið kynnt fyrir þingmönnum í atvinnuveganefnd og fjárlaganefnd á vordögum. Skilnings gætir en fátt er um aðgerðir.

Án íslensks landbúnaðar mun þjóðin glata einu því besta sem í henni er og við getum verið viss um að þegar bændur verða ekki lengur til staðar eða þeim mun fækka svo um munar að þá höfum við glatað hlutverki okkar sem sjálfstæð þjóð.

## GAMLA MYNDIN




**Blómabúðin Dögg stóð meðal annars á horni Bæjarhrauns og Hólshrauns. Árið 1982 ákváðu eigendur hennar, hjónin Ásmundur Jónasson og Halldóra Hermannsdóttir, að byggja þar fyrsta sérhannaða húsnæðið undir blómaverslun. Var húsnæðið sexstrendingur að lögun og sérstaklega hugað að sem bestu birtuskilyrðum. Var verslunin annars stofnuð árið 1977 og stóð lengi vel að Álfheimum 6, en í dag má hana finna að Bæjarhrauni 26 í Hafnarfirðinum. Hurðarop þeirrar verslunar er nákvæmlega sex skrefum frá þeim inngangi er þjónaði gestum frá ómunatíð – kemur fram í Fjarðarpóstinum árið 2011, og tekið fram að sama persónulega þjónustan og úrvalið hafi ekkert breyst.** /SP

LÍF & STARF



Kúabændurnir í Birtingaholti 4 en það eru þau Sigurður Ágústsson og Fjóla Ingveldur Kjartansdóttir, ásamt Heimi, syni þeirra, og konu hans, Dagnýju Lilju Birgisdóttur, og strákunum þeirra, þeim Emil (sá eldri) og Matthíasi Ara.




Jóhannes Kjartansson, sölumaður hjá Lely, en á Íslandi starfa um 20 manns hjá fyrirtækinu. Myndir / MHH

# Lely 75 ára – opin fjós í Birtingaholti og Spóastöðum

**Fjöldi fólks mætti í opin fjós á kúabúinu í Birtingaholti í Hrunamannahreppi og kúabúinu á Spóastöðum í Bláskógabyggð sunnudaginn 17. september.**

Ástæðan var 75 ára afmæli hollenska fyrirtækisins Lely, sem er með starfsemi á Íslandi, en fyrirtækið sérhæfir sig í sölu á hátæknitækjum til landbúnaðarstarfa. Í báðum fjósunum eru mjaltaþjónar og önnur tæki frá Lely. „Við höfum verið með tvo nýja mjaltaþjóna frá fyrirtækinu í eitt ár og líkað vel, auk annarra tækja eins og kálfafóstrunnar,“ segir Fjóla Ingveldur, kúabóndi í Birtingaholti. Þar eru um 130 kýr í fjósinu og mjólkurkvótinn er um 830 þúsund lítrar.

Lely hefur selt um 200 mjaltaþjóna á Íslandi frá 1999 og er salan alltaf að aukast. „Það vantar meiri mjólk á Íslandi en það eru ferðamennirnir sem gera það að verkum. Það er því um að gera fyrir bændur að standa sig og framleiða mjólk með hjálp tækninnar. Mjaltaþjónarnir vinna jú allan sólarhringinn fyrir bóndann og standa sig vel í því hlutverki,“ segir Jóhannes Kjartansson, sölumaður hjá Lely í Reykjavík, en fyrirtækið er líka með starfsemi á Akureyri. */MHH*



Tveir mjaltaþjónar frá Lely eru í fjósinu í Birtingaholti, sem hafa reynst vel, en fyrirtækið er brautryðjandi í róbótatækninni í fjósum.



Fjóla Ingveldur að sýna hvernig kálfafóstran virkar í gegnum tölvubúnaðinn, en hver kálfur er að fá um 12 lítra af mjólk á dag í fjósinu í gegnum sérstakt skömmtunarkerfi.



Fjöldi gesta mætti í opna fjósið í Birtingaholti, meðal annars Magnús H. Sigurðsson og Guðbjörg Björgvinsdóttir, sem búa í Birtingaholti og systurnar Guðbjörg og Margrét Runólfsdætur, sem búa á Flúðum.

## MÆLT AF MUNNI FRAM

**Fyrstu tvær vísur þessa þáttar fengu ekki inni í síðasta þætti. Báðar eru þær eftir Rósberg G. Snædal og er fyllsta ástæða til að koma þeim í þennan þátt. Engin orð þarf til að lýsa ágætum vísnanna frekar en öðrum kveðskap hans. Fyrri vísuna nefnir hann „Heilræði“.**

*Fóta gáðu fyrr og síð,*
*fræi sáðu bestu.*
*Kveddu dáð í deigan lýð,*
*dugnað, ráð og festu.*

Seinni vísuna nefnir Rósberg einfaldlega „Mannlýsingu“.

*Heyri ég yfir höfði þyt*
*af Heljar vængjum þöndum.*
*Verkin dreymd og vonaglit*
*verð ég að láta af höndum.*

*Fjölgaði niðjum, fékk sér „snaps“,*
*felldi í miðju taflið.-*
*Lengi í viðjum lagastafs*
*lék við „þriðja aflið“.*

**Ingólfur Ómar Ármannsson** kjótlar annað slagið vísum til mín. Þessi er nýfædd og nefnist „Haust“.

*Haustið er að hefja spjöll,*
*hvellt í vindum gnauðar.*
*Blómin visin eru öll*
*og allar flugur dauðar.*

Svo bárust mér í bréfi frá Ágústi, syni Orms, nokkrar vísur eftir föður hans, **Orm Ólafsson**. Ormur nefnir þær einu nafni „Skophendur“:

*Vandasamt er vísna svið,*
*vissar hömlur setur.*
*Illa samið upphafið*
*enginn botnað getur.*

*Finnst að vonum fjandi hart,*
*fyllir hugann ergi,*
*þó fundið hafi fyrripart*
*finn ég botninn hvergi.*

*Upphafið á enga stoð,*
*eyðir rósemd hverri.*
*Byrjunin er bölvað hnoð,*
*-botninn ennþá verri.*

*Fyrripartur fundinn hér,*
*fagna slíku gengi,*
*í Borgarfirði botninn er*
*búinn að vera lengi.*

*Hönnun vísna hætta verð,*
*höfuðstöfum kuðla.*
*Vonlaus orðin vísnagerð,*
*-vantar rím og stuðla.*

Eftir **Jónas Illugason** er þessi vísa:

*Melar gróa og hellnahraun*
*hátt til jökulása,*
*en það er meira en meðalraun*
*ef manndómshagar blása.*

**Stefán frá Hvítadal** orti þessi sléttubönd undir stuttstafahætti:

*Saxa árin nærri ná*
*naumum svanna vonum,*
*vaxa sárin ára á*
*aumum manna sonum.*

**Sigurður Halldórsson** orti þessa vísu:

*Enginn gleymir æskurann,*
*ástin geymist falin,*
*oft því dreymir útlagann*
*aftur heim í dalinn.*

**Gestur Jóhannsson** orti:

*Höfuðþing í heimi veit*
*harmur kring þó geysi,*
*til að ringa tárin heit*
*tilfinningaleysi.*



**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggd1@gmail.com*

FRÉTTIR

Ljárskógarétt:

# Fé fækkað um 3.500 á undanförnum árum

**Laugardaginn 2. september var réttað í Ljárskógarétt í Dölum, rétt norðan Búðardals. Að sögn Ágústs G. Péturssonar, bónda í hinu forna höfuðbóli Hjarðarholti í Laxárdal, kom fé þokkalega vænt af fjalli, en smalað var Ljárskóga- fjall í Dölum.**

„Miðað við hvernig vorið var þá finnst mér það koma bara nokkuð vel af fjalli og mér heyrist á öðrum hér sveitinni að þetta sé alveg þokkalegt. Það gekk vel að smala, þetta var svona nálægt tvö þúsund sem við rákum í réttina. Fé hér í Dölunum hefur fækkað mjög á undanförnum árum, sérstaklega hér í Laxárdal þar sem mér telst til að hafi fækkað um 3.500 á síðustu fimm til sex árum.

Þetta er mjög slæm þróun þar sem sauðfjárrækt hentar einstaklega vel á okkar svæði.“

***Ósáttur við afurðaverðið***

Ágúst reiknar með að senda sín lömb til slátrunar á næstu dögum, en honum líst ekki nógu vel á afurðaverðið sem sauðfjárbændum er boðið upp á. „Ég hefði viljað fá það upp í þúsundkallinn fyrir kílóið,“ segir hann. „Núna fáum við ekki þessar greiðslur sem komu úr spretthópnum, vegna áburðarkaupanna – og það munar miklu um það.“

Spurður hvort þau taki eitthvað heim til vinnslu, segir hann að það sé ekkert svigrúm til þess – nóg sé fyrir þau að sjá um sjálfan búskapinn, en þau Björk Baldursdóttir, kona hans, eru með um 800 fjár á vetrarfóðrum. „Við höfum verið með erlendar ungar konur hér í allnokkur ár til að hjálpa okkur bæði á sauðburði og í göngum og réttum. Það hefur verið mjög ánægjulegt og góð kynni tekist með okkur,“ segir Ágúst.

/smh



Ágúst G. Pétursson, bóndi í Hjarðarholti í Dölum, nýkominn í Ljárskógarétt ofan af Ljárskógafjalli.



Svanborg Einarsdóttir og Elna Haraldsdóttir.



Hermann Bjarnason og Gróa Magrét Viðarsdóttir.



Þessi sáu um fjárdráttinn fyrir Hjarðarholt. Arnór Guðmundsson, Björk Baldursdóttir, Laura Jäger, Lucia Kohoutová, Ágúst Pétursson, Annika Döring og Pauline Flörke.






Féð komið í Ljárskógarétt sem stendur í botni Hvammsfjarðar. Handan fjarðarins sér í Skeggjadal á Fellsströnd. Þar er Hvammur, hið forna höfðingjasetur og landnámsjörð.

# Fjöldi afslátta og sérkjara

**Kynntu þér kosti viðskiptakorts Skeljungs**
Kortið veitir þínu fyrirtæki afslátt af eldsneyti, vörum og þjónustu hjá samstarfsaðilum Skeljungs.




skeljungur.is | Skútuvogi 1

Skeljungur

FRÉTTIR

# Lífræni dagurinn haldinn hátíðlegur í Kaffi Flóru

**Lífræni dagurinn var haldinn hátíðlegur víðs vegar um landið laugardaginn 16. september. Opin býli voru hjá fjórum framleiðendum í lífrænum búskap og einn viðburður var á Kaffi Flóru í Grasagarðinum í Reykjavík.**

Að sögn Önnu Maríu Björnsdóttur, verkefnastjóra Lífræna dagsins, gekk hátíðin mjög vel fyrir sig. „Við hjá Lífrænu Íslandi vorum á viðburðinum á Kaffi Flóru þar sem framleiðendur voru á staðnum að kynna, sýna, gefa smakk eða selja sínar vörur. Einnig voru sýnishorn frá fleiri framleiðendum. Svo var lífrænt bingó fyrir börnin og myndir til að lita.“

### *Nokkur erindi flutt á Kaffi Flóru*

Nokkur erindi voru á viðburðinum á Kaffi Flóru. Anna María hélt erindi um Lífrænt Ísland-verkefnið, sem er samstarfsverkefni matvælaráðuneytisins, Bændasamtakanna og VORs (Verndun og ræktun – félag um lífræna ræktun og framleiðslu) um að auka lífræna framleiðslu á Íslandi. Að sögn Önnu Maríu hélt Stefán Jón Hafstein, höfundur bókarinnar Heimurinn eins og hann er, erindið Vandinn við matvælakerfi heimsins. Jóhanna Vilhjálmsdóttir, höfundur bókarinnar Heilsubók Jóhönnu – um áhrif eiturefna á heilsu og umhverfi, hélt erindið Heilsan og lífrænt mataræði. Eydís Magnúsdóttir og Rúnar Máni Gunnarson, lífrænir sauðfjárbændur, héldu erindið Af hverju lífrænn sauðfjárbúskapur?

### *Hliðstæð verkefni*

„Hliðstæð verkefni við Lífrænt Ísland eru í gangi á Norðurlöndunum og ekki að ástæðulausu. Það er gríðarlega margt sem liggur að baki þegar lífræna vottunarmerkið er á vöru sem skiptir marga neytendur máli, en ekki allir eru meðvitaðir um. Markmið Lífræna dagsins er að vekja athygli á þessari tegund ræktunar á Íslandi og leyfa almenningi að kynnast þessu betur, hitta framleiðendur, fá að smakka afurðir en einnig heyra hvaða máli þetta skiptir fyrir jörðina, umhverfið og jafnvel heilsu okkar,“ segir Anna María.

Meira verður fjallað um lífræna daginn í næsta tölublaði Bændablaðsins.

*/smh*



Svava úr gróðurhúsinu í Bjarkarási með smakk.




Anna María útskýrir af hverju hún velur lífrænt mataræði.



Jóhanna Vilhjálmsdóttir, Anna María Björnsdóttir og Stefán Jón Hafstein.





Börn að lita.




Aðventutöfrar í Tíról

2. – 7. desember 2023
Fararstjórn: Marianne Eiríksson
Verð 249.300 kr. á mann í tvíbýli

Í faðmi fjallanna er einstakt að vera á aðventunni og Tíról í Austurríki er alger ævintýraheimur. Dvalið verður í bænum Seefeld og haldið í skoðunarferðir til heillandi borganna Brixen, Innsbruck og Kufstein sem verða í sérstökum jólabúningi.

bænda FERÐIR
Bókaðu núna á bændaferðir.is
Sími 570 2790
bokun@baendaferdir.is
Síðumúla 2
108 Reykjavík


Ræktun:

# Illgresinu sagt stríð á hendur með umhverfisvænum leiðum

**Öflun nýrrar þekkingar á baráttunni við illgresi í ræktun er meginmarkmið nýs samstarfsverkefnis um umhverfisvæna illgresiseyðingu, AGROSUS.**

Er um að ræða samevrópskt verkefni og er Rannsóknamiðstöð landbúnaðarins (RML) þátttakandi. Leitast verður við að afla nýrrar þekkingar í baráttunni við illgresi í ræktun helstu nytjaplantna í Evrópu og leita umhverfisvænna leiða við illgresiseyðingu. Hlutverk RML verður m.a. að afla upplýsinga um aðferðir við illgresiseyðingu hér á landi og prófa nýjar aðferðir. Mun RML hefja þá upplýsingaöflun hjá bændum, hagsmunaaðilum og sérfræðingum á næstu vikum.

### *Gagnagrunnur fyrir evrópska illgresisstjórnun*

Meðal þess sem unnið verður að er gagnagrunnur fyrir evrópska illgresisstjórnun, skoðaðar hindranir og tækifæri varðandi illgresi í landbúnaðarvistfræði, gerðar athuganir á lífrænum illgresiseyðum og frumgerðaprófanir, unnar ráðleggingar til bænda og hvernig stuðla má að betra eftirliti.

Að verkefninu, sem hleypt var af stokkunum í sumar og á að standa yfir í 4 ár, standa 16 samstarfsaðilar frá 11 Evrópulöndum og eru þar á meðal háskólar, samtök, býli, bændasamtök, spænsk rannsóknamiðstöð og RML. Vefur verkefnisins er agrosus.eu.

*/sá*




FJÖLBREYTTASTA ÚRVAL LANDSINS
AF FJÓR- OG SEXHJÓLUM
can-am®
BRP
ELLINGSEN
Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is / brp@ellingsen.is

FRÉTTIR

## Landbúnaðarháskólinn:

# Vex fiskur um hrygg í rannsóknum, tilraunum og erlendu samstarfi

## – Þróun kynbótamats fyrir mótstöðu gegn riðusmiti meðal verkefna

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



**Nemendur Landbúnaðarháskóla Íslands vinna fjölbreyttar rannsóknir og tilraunaverkefni, allt frá riðukynbótamati til skipulagsfræða.**

Um 390 nemendur eru í reglubundnu námi við háskólann á haustönn, þar af 174 í búvísindum og 588 allt í allt í einingabæru námi.

Að sögn Ragnheiðar I. Þórarinsdóttur, rektors LbhÍ, hefur skólinn verið að eflast á öllum fagsviðum á undanförnum misserum og rannsóknarverkefnum farið fjölgandi samhliða aukinni áherslu á alþjóðlegt samstarf. „Nýverið var send umsókn í evrópska LIFE sjóðinn í samstarfi við Landgræðsluna, Umhverfisstofnun, Fuglavernd, Náttúrufræðistofnun, Hafrannsóknastofnun, Samtök íslenskra sveitarfélaga og Royal Society for the Protection of Bird í Bretlandi," segir hún. „Verkefnið snýr að endurheimt vistkerfa, sem er vel við hæfi þar sem LbhÍ býður í fyrsta sinn alþjóðlegt meistaranám á því sviði í haust."

### *Riðukynbótamat*

Fjölmörg rannsókna- og tilraunaverkefni eru í gangi hjá LbhÍ, að sögn Ragnheiðar. Eitt þeirra lýtur að riðukynbótamati og er unnið í samstarfi við RML og styrkt af Þróunarsjóði sauðfjárræktarinnar. Það snýst um að prófa aðferð til að spá fyrir um arfgerð príon-gensins í kindum sem ekki hafa verið arfgerðargreindar byggt á ættskrá, en þekkt er að arfgerð príon-gensins hefur mikil áhrif á líkur á riðuveiki.

Jafnframt er gerð safngreining á útgefnum niðurstöðum um hlutfallslega riðuáhættu hjá kindum með mismunandi arfgerð príon-gensins. Með því að taka saman arfgerð eða spá um arfgerð annars vegar og niðurstöður safngreiningarinnar hins vegar er stefnan að þróa kynbótamat fyrir mótstöðu gegn riðusmiti sem getur orðið mikilvægt hjálpartæki við að velja fyrir fé sem er minna móttækilegt fyrir riðu án þess að þurfa að arfgerðargreina alla gripi.

### *Ræktun fyrir hæfilegri fitu á lambakjöti*

Verkefni um ræktun fyrir hæfilegri fitu á lambakjöti er í startholunum hjá LbhÍ, styrkt af Matvælasjóði og unnið í samstarfi við Rannsóknamiðstöð landbúnaðarins. Undanfarna áratugi hefur eitt af kynbótamarkmiðum í sauðfjárrækt verið að draga úr fitusöfnun lamba. Nokkur umræða hefur verið um hvort nógu langt hafi verið gengið í þeim efnum og rétt að stefna frekar að einhverju millistigi, sem teldist þá hæfileg fita. Jafnframt er ljóst að fitusöfnun lamba hefur sterk tengsl við þunga lamba og hvaða þunga lömb ná við slátrun er mjög misjafnt á milli bæja og héraða.

Helstu markmið verkefnisins eru 1) að finna það fitustig sem gefur mest verðmæti lambaskrokka og hvernig best er að vinna að því að ná því stigi með kynbótum. 2) Að finna samsetningu heildareinkunnar fyrir fallþunga og kjötmat (gerð og fitu) sem stuðlar að mestri verðmætaaukningu fyrir greinina. 3) Að skoða samspil þunga lamba og erfðaþáttarins fyrir kjötmatseiginleika með slembiaðhvarfs líkönum.



### *Jarðræktarrannsóknir*

Umsvif jarðræktarrannsókna við LbhÍ hafa aukist að undanförnu. Til að mynda eru um 1.500 tilraunareitir með hafra í ár. Ein stór tilraun með 450 mismunandi arfgerðir er til rannsóknar hér og í Noregi. Verkefnið er undanfari stærra Evrópuverkefnis sem er í bígerð. Auk þess var í vor sáð út 200 arfgerðum af norrænum höfrum og þar af 180 úr norræna genbankanum. Frumniðurstöður gefa til kynna að genbankinn hefur að geyma spennandi efnivið fyrir íslenskar aðstæður sem getur reynst verðmæt erfðauppspretta fyrir mögulegar kynbætur hafra á Íslandi.

Til viðbótar eru byggtilraunareitir, en byggrannsóknir eru einhverjir mikilvægustu hagsmunir íslenskrar kornræktar. Nú hafa byggkynbætur hafist að nýju eftir hlé og vaxa hratt að umfangi með tilraunum á nýjum kynbótalínum úr íslenska byggstofninum. Vonir standa til að hafist verði handa við hveitikynbætur strax á næsta ári. Kornsýni úr öllum tilraunareitum eru tekin til frekari rannsókna á tilraunastofum til þess að meta gæði kornsins sem vex í tilraunum. Aðstaða til þessarar úrvinnslu og varðveislu erfðaauðlinda er í raun ekki til staðar og því er talið mikilvægt að hefjast strax handa við byggingu nýrrar jarðræktarmiðstöðvar í staðinn fyrir þá sem var áður að Korpu.

### *Skordýr sem prótein*

LbhÍ hefur komið upp aðstöðu fyrir skordýrarækt og er áhersla á ræktun mjölorma og hermannaflugu til framleiðslu á hágæðaafurðum. Hluti af verkefninu er að nýta matarafganga sem fóður fyrir skordýrin og fylgjast með þróun reglugerða um skordýr til manneldis og sem fóður fyrir dýr. Þá er einnig kannaður áhugi almennings annars vegar og bænda hins vegar á nýtingu skordýraafurða. Áhugi á skordýraeldi í Evrópu hefur vaxið hratt, nokkur sprotafyrirtæki hafa verið að ryðja sér til rúms og nokkrar afurðir komnar á markað. Næringargildi mjölorma og lirfu hermannaflugunnar er gott og sagt geta komið í stað fiskimjöls og sojabaunamjöls. Þá þykir skordýraræktun til próteinframleiðslu áhugaverð vegna lítilla umhverfisáhrifa framleiðslunnar.

### *Áhrif beitar á vistkerfi*

Rannsóknir um áhrif beitar á vistkerfin eru ansi mikilvægt viðfangsefni, að sögn Ragnheiðar. Eitt tilraunaverkefnið er að skoða hvaða áhrif mismunandi grasbítar hafa á vistkerfið á Íslandi. Girðingar af mismunandi gerð voru settar upp sumarið 2022 til að greina á milli áhrifa stórra og meðalstórra grasbíta. Sumar girðingar útiloka allar tegundir grasbíta, og sumar útiloka stærri grasbíta eins og hreindýr og sauðfé. Verkefnið er staðsett á Vesturöræfum af því að þar er að finna á sama svæði hreindýr, heiðagæs, rjúpu og sauðfé. Niðurstöðurnar munu veita upplýsingar um hvernig best megi stjórna beit og vernda beitilönd gegn ofnýtingu gróðurs. Rannsóknasvæðið er einnig partur af alþjóðlegu tengslaneti Tundra Exclosure Network og vegna þess verður hægt að bera saman niðurstöður frá öðrum rannsóknasvæðum á norðurskautssvæðinu.

Annað tilraunaverkefni hjá LbhÍ rannsakar áhrif sauðfjárbeitar á vistkerfin í mishnignuðum túndrubúsvæðum á tveimur svæðum, innan og utan eldvirka svæðisins. Girðingar sem útiloka sauðfé voru settar upp árið 2016 og eru þau



Ragnheiður I. Þórarinsdóttir.

svæði borin saman við svæði með sauðfé. Gróðurfarsbreytingar eftir að sauðfé var útilokað gerast mjög hægt sem bendir til þess að vistkerfin geti ekki brugðist við og grípa þurfi til virkra aðgerða til að endurheimta þessi vistkerfi.

### *Rannsóknir í skipulagsfræði*

Í skipulagsfræðinni segir Ragnheiður unnið að verkefninu Walkmore í samstarfi við TØI og NMBU í Noregi en verkefnið fjallar um hvernig bætt skipulag og hönnun geti stuðlað að gönguvænna umhverfi og að fleiri fari gangandi vegna daglegra erindagjörða. Það tekur til tilviksrannsókna í þrem bæjum í Noregi sem eru á stærð við Akureyri. Í bæjunum eru aðstæður að mörgu leyti svipaðar okkar, vegalengdir eru almennt stuttar þó bíllinn sé algengasti ferðamátinn.

Þetta eru aðeins örfá dæmi um fjöldann allan af forvitnilegum rannsókna- og tilraunaverkefnum háskólans um þessar mundir.

LbhÍ tók til starfa árið 2005 og er reistur á grunni Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Garðyrkjuskóla ríkisins í Ölfusi. Sérstaða skólans er náttúra Íslands, nýting, viðhald og verndun hennar og viðfangsefnin landið og það sem á því lifir.



# SUZUKI 4X4

## ÞAÐ ER ALLTAF SUZUKI VEÐUR

KOMDU Í HEIMSÓKN OG KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ




ACROSS GLX 4X4 HYBRID PLUG IN HYBRID — Verð kr. **9.960.000**




JIMNY 4X4 — Verð kr. **4.890.000**




S-CROSS 4X4 HYBRID STRONG HYBRID — Verð frá kr. **6.980.000**




SWIFT 4X4 — Verð frá kr. **4.190.000**




VITARA 4X4 HYBRID STRONG HYBRID — Verð frá kr. **6.790.000**




IGNIS 4X4 — Verð kr. **4.570.000**

## SUZUKI 4X4 FJÖLSKYLDAN

Fjölbreytt úrval af fjórhjóladrifsbílum í öllum stærðum og við allra hæfi.

Suzuki 4x4 fyrir veturinn og öryggið.

ALLGRIP PRO

4WD All-grip skapar akstureiginleika í sérflokki.

FLUTT MEÐ EIMSKIP

**Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:**

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.
Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.
Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.
Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.
Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

SUZUKI

**Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is**

Suzuki á Íslandi YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

FRÉTTIR

Sjávarútvegsráðstefna:

## Samfélagsleg ábyrgð í forgrunni

**Sjávarútvegsráðstefnan 2023 verður haldin 2.–3. nóvember í Hörpu. Áhersluatriði á ráðstefnunni í ár er samfélagsleg ábyrgð í sjávar- útvegi, skráning hefst í september.**

Á ráðstefnunni mun verða farið yfir fjölbreytt efni tengt sjávarútvegi í 16 málstofum og erindi um 70 talsins að sögn forsvarsmanna en dagskráin er þó enn í vinnslu. Rafrænt ráðstefnuhefti verður gefið út í lok október. Sjávarútvegsráðstefnan er stærsti árlegi vettvangur þeirra sem starfa í sjávarútvegi.

Viðfangsefnin nú eru m.a. þessi:

- Samfélagsleg ábyrgð sjávarútvegs
- Þróun í frystitækni
- Breyttur heimur og áskoranir við markaðssetningu sjávarafurða
- Verndun hafsvæða – áhrif á sjávarútveg
- Hvernig löðum við til okkar fólk?
- Upplýsingagjöf um sjálfbærni: Hvar liggja tækifærin?
- Hámörkun verðmæta við nýtingu sjávarlífvera: áskoranir og tækifæri
- Siglum í átt að hringrásarhagkerfi
- Hverjir borða íslenskan fisk?
- Umbúðalausnir, staða og þróun
- Matvæla- og fæðuöryggi sjávarútvegs
- Fjölmenning á vinnustað – áskoranir og samfélagsleg ábyrgð
- Verðmætasköpun með notkun myndgreiningartækni
- Hollar sjávarafurðir og ímynd þeirra
- Orkuskipti og innviðauppbygging

Hvatningarverðlaun Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM verða veitt ungum fyrirtækjum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum fyrir nýbreytni og þróunarverkefni sem þykir hafa skarað fram úr og skapað væntingar um framlag sem talið er að muni treysta stoðir íslensks sjávarútvegs, eins og segir í fréttabréfi ráðstefnunnar. */sá*

Náttúruvernd:

## Innviðauppbygging til 2025

**Fara á í 127 verkefni fram til ársins 2025 við uppbygginguu innviða til að mæta álagi af ferðamennsku.**

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur gefið út nýja verkefnaáætlun innan landsáætlunar um upp- byggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum og á hún að gilda fram til 2025.

Í skýrslu sem kom út í sumar segir m.a. að með áætluninni sé haldið áfram að takast á við mikla og uppsafnaða þörf fyrir innviðauppbyggingu á svæðum sem búa við álag af völdum ferðamennsku. Jafnfram sé vaxandi þörf á fjármagni til viðhalds og reksturs þeirra innviða sem byggðir hafa verið. Fjárheimild landsáætlunar 2023–2025 nemur samtals tæpum 2,7 milljörðum króna og eru áætluð verkefni 127 talsins á um 82 stöðum.

Eru 56 þeirra ný af nálinni. Sem dæmi um verkefni má nefna fuglaskoðunarhús og fuglasjónauka á nýrri hringleið í Dyrhólaey, hönnun og framkvæmd nýs aðkomusvæðis í Friðlandi að fjallabaki, endurnýjun göngubrúa í Friðlandi Svarfdæla, bætta aðstöðu tjaldsvæða á Hornströndum og brú yfir Staðará, fyrsta áfanga eldaskála í Hallormsstaðarskógi og hönnun gönguleiðar og útsýnispalls að Svartafossi í Skaftafelli. Þá á að fara í aðgerðir til verndar minjum að Örlygsstöðum í Skagafirði, svo fátt eitt sé nefnt.

Talið er að fylgjast þurfi sérstaklega með auknu álagi á eftirfarandi staði sem ekki njóta friðlýsingar: Flatey (vesturhluta, utan friðlands), Hjörleifshöfða, Glym, Kirkjufellsfoss, Skála á Langanesi, Brúarfoss, Sólheimajökul og hluta Reykjanesfólkvangs. */sá*






Kristinn Guðnason í Skarði hefur verið fjallkóngur á Landmannaafrétti í rúma fjóra áratugi.

## Ævintýralegt ferðalag fjallkóngsins

**Heimildamyndin Konungur fjallanna var frumsýnd 12. september í Bíóhúsinu á Selfossi. Sýnir hún frá ferðalagi fjallkóngsins Kristins Guðnasonar og fjallmönnum í leitum í stórbrotnu landslagi á Landmannaafrétti.**

Myndin gefur raunsanna mynd af leitum og er afrakstur nokkurra ára vinnu þar sem fjallmönnum var fylgt eftir um króka og kima afréttarins í þremur leitum. Myndin sýnir samspil manna, dýra og náttúru með augum fjallkóngsins.

„Mér fannst myndin rosalega flott enda svæðið sem hún er tekin upp alltaf jafnfallegt.

Þó mér finnist nú samt alltaf smá sérstakt að horfa á sjálfan mig. Myndin sýnir nákvæmlega hvernig smalamennskur fara fram enda hefur mér alltaf fundist best að koma fram bara eins og ég er,“ segir Kristinn og bætir við að ekkert sé leikið í þessari mynd.



Úr myndinni Konungur fjallanna.

### *Stoltir af afréttinum*

Sauðfjárbændur eru sjálfstætt fólk en fyrir þessa vikuferð er valinn fjallkóngur til að stjórna leiðangrinum. Í stöðu fjallkóngs eru valdir menn með leiðtogahæfileika sem eru úrræðagóðir og svo stað kunnugir að þeir geta sagt ókunnugum til um leiðir hvar sem er á afréttinum. Kristinn hefur gegnt þessu hlutverki í rúma fjóra áratugi, eða frá árinu 1981.

„Ég er mjög fylgjandi afréttarnotkun eins og kemur fram í myndinni. Það eru skiptar skoðanir á þessu málefni en tel ég að neikvæðu röddunum fari fækkandi þó þær séu háværari. Það virðist vera að fólk sem byrjar þessa umræðu hætti aldrei þó það hafi ekkert til síns máls. Við erum búin að friða helming afréttarins og höfum staðið sjálfir í uppgræðslu í samstarfi við landbótasjóð.

Við erum sannfærðir um það að við getum sýnt fram á það með góðum rökum að afrétturinn okkar er í mjög mikilli framför hvað varðar gróður enda er hófleg beit ekkert nema góð fyrir gróðurinn. Við skömmumst okkar ekki fyrir neitt og erum stoltir af afréttinum okkar. Ég tel framtíð afréttanna vera bjarta. Ég er orðinn gamall og fer að verða enginn burðarás í þessu og hef kannski aldrei verið en ég vona að þeir sem taka við reyni hvað þeir geta að halda áfram afréttarnotkun,“ bætir hann við.

### *Mikilvæg heimild*

Arnar Þórisson fer með leikstjórn og stjórn kvikmyndatöku. Framleiðendur myndarinnar eru Áslaug Pálsdóttir og Guðrún Hergils Valdimarsdóttir en saman reka þær framleiðslufyrirtækið HeklaFilms. Áslaug var í sveit í Skarði þegar hún var yngri og hlakkaði alltaf til að komast á fjall en hugmyndin aðgerð myndarinnar var einmitt sú að fanga það ævintýri sem hún upplifði og gefa áhorfendum innsýn inn í þann ævintýraheim. Telja þau öll að Konungur fjallanna sé mikilvæg heimild um þessa ævafornu hefð enda sauðfjárhald samofið sögu okkar Íslendinga. Sýningar á myndinni hófust þriðjudaginn 12. september og er myndin sýnd í Bíóhúsinu Selfossi og Laugarásbíói. */HF*

Algalíf:

## Framleiðsla á náttúrulegum plöntuvarnarefnum

### – Verkefnið fékk 100 milljóna evrópskan þróunarstyrk

**Algalíf, íslenska líftæknifyrirtækið, stefnir á að hasla sér völl í framleiðslu á náttúrulegum plöntuvarnarefnum úr örþörungum.**

Um samstarfsverkefni er að ræða við franska líftæknifyrirtækið ImmunRise Biocontrol. Hafa fyrirtækin fengið þróunarstyrk sem nemur 100 milljónum íslenskra króna úr Eureka Eurostars áætlun Evrópusambandsins.

Plöntuvarnarefni er samheiti á ýmsum tegundum efna sem eiga að verja plöntur fyrir óværu eins og til dæmis skordýrum og sveppum.

Tryggvi Stefánsson, aðstoðarforstjóri Algalífs, segir að hin náttúrulegu varnarefni sem séu í þróun verði notuð til að verja matjurtir, til að mynda vínvið og korntegundir eins og bygg og hveiti. Fyrst og fremst væri vörnin gegn sveppategundum og kæmi því í stað hefðbundins sveppaeiturs. Markmiðið sé að klára skráningar og tilraunir og koma vörum á markað á árunum frá 2025 til 2026.



Náttúrulegu plöntuvarnarefnin eiga að verja matjurtir eins og korn.

Stór alþjóðlegur markaður er með plöntuvarnarefni og í tilkynningu Algalíf segir að áætlað sé að hann velti nálægt eitt þúsund milljörðum íslenskra króna – og markaðurinn fari ört stækkandi þannig að hann muni tvöfaldast á næstu fimm árum. Stór hluti þessara efna sé kemískur en mikil eftirspurn sé eftir náttúrulegum staðgönguefnum.

Þá þróun styðji Evrópusambandið og þar sé stefnt á að dregið hafi úr notkun kemískra varnarefna um helming fyrir árið 2030.

Algalíf er meðal helstu framleiðenda örþörunga í heiminum og stærsti framleiðandi Evrópu á fæðubótarefninu astaxanthín sem unnið eru úr örþörungum. ImmunRise Biocontrol sérhæfir sig í rannsóknum og þróun lífvirkra varnarefna úr þörungum. Umhverfisvæn sveppavarnarefni fyrir landbúnað eru fyrstu afurðir þess. */smh*

# **Hrein** íslensk fæðubót frá Eylíf

*Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó*

*Ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7000 kr eða meira*

## Happier GUTS frá Eylíf

- Gott fyrir meltinguna og við meltingartruflunum. Kalsíum stuðlar að eðlilegri starfsemi meltingarensíma. Laktasa ensím bæta meltingu hjá einstaklingum sem eiga erfitt með að melta laktósa. Króm og Sink stuðla að eðlilegum efnaskiptum orkugefandi næringarefna. C-vítamín og Joð stuðla að eðlilegum orkugæfum efnaskiptum. Sink stuðlar að eðlilegum efnaskiptum fitusýra. Sink og C-vítamín stuðla að því að verja frumur fyrir oxunarálagi.

- Góð næring fyrir þarmaflóruna. Varan inniheldur Kítósan sem eru náttúrulegar trefjar úr rækjuskel og hafa rannsóknir sýnt að þarmaflóran nýtur góðs af.

- Verndar beinin og mýkir húðina. Kalsíum er nauðsynlegt fyrir viðhald eðlilegra beina og tanna. C-vítamín stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir eðlilega myndun húðar. Magnesíum stuðlar að viðhaldi eðlilegra beina og tanna.

- Góð steinefnaviðbót, kalkþörungarnir innihalda 74 stein- og snefilefni frá náttúrunnar hendi. Kalkþörungarnir og GeoSilica kísillinn innihalda stein- og snefilefni. Athugið að gott er að taka D-vítamín á öðrum tíma dags, ekki samtímis.

## Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS**, **Stronger BONES**, **Smoother SKIN & HAIR**, **Happier GUTS** og nýjasta varan er **Stronger LIVER**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík undir GMP gæðastaðli.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungar frá Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellisheiði
- Kollagen frá Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

algalíf

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



Kristín Rögnvaldsdóttir

## Árangurinn eins og í lygasögu

Kristín Rögnvaldsdóttir hefur glímt við meltingartruflanir og ristilvandamál í áratugi. Það hefur oft háð henni þegar hún fer í göngur á hálendið sem hún gerir á hverju sumri. Kristín hefur reynt margt, breytt mataræðinu og notað ýmis náttúrulyf sem hafa hjálpað en aldrei neitt eins og **Happier GUTS** frá Eylíf.

„Þótt ég vilji ekki vera með stórar yfirlýsingar þá var þetta eins og í lygasögu fyrir mig," segir hún. „Mér hefur aldrei áður liðið jafn vel á göngu og núna í sumar eftir að ég byrjaði að taka **Happier GUTS**. „Mér leist mjög vel á innihaldsefnin og það skiptir miklu máli að **Happier GUTS** er unnið úr hreinum íslenskum náttúruauðlindum. Ég reyni alltaf að velja íslenskt þótt maður þurfi oft að borga aðeins meira fyrir þær vörur," segir hún. „Það er ekki spurning að ég mun halda áfram að taka inn **Happier GUTS** frá Eylíf."

Kristín hreyfir sig mikið allt árið og er meðvituð um að huga vel að heilsunni. Hún er í gönguklúbbi, syndir, stundar leikfimi á veturna og segist stefna að því að verða hraust gamalmenni. „Ég kynntist **Happier GUTS** áður en ég fór í ferðina í sumar. Ég var á leið í fjögurra daga göngu um hálendið og þar sem aðgengi að salerni er takmarkað í slíkum göngum vill ristillinn stundum fara í rugl. Ég er ekki að ýkja þegar ég segi að ég hef aldrei fundið jafn mikla breytingu á líðan minni og eftir að ég byrjaði að taka **Happier GUTS** frá Eylíf. Það var ótrúlega skrítið að finna mun svona fljótt," bætir hún við. „Þetta var næstum of gott til að vera satt. Ég tók tvö hylki með morgunmatnum og gönguferðin gekk mjög vel," segir Kristín. „Þegar maður er á göngu breytist mataræðið, til dæmis er meira borðað af brauði en venjulega sem hefur áhrif á meltinguna," útskýrir Kristín sem getur svo sannarlega mælt með **Happier GUTS**.

Meltingin og þarmaflóran skiptir miklu máli fyrir andlega og líkamlega heilsu. **Happier GUTS** stuðlar að heilbrigði þarmanna og kemur í veg fyrir meltingartruflanir.



Már Guðnason

## Betri lífsgæði með Active JOINTS

Már Guðnason húsasmiður hefur starfað við álagsvinnu í gegnum árin. Nú þegar hann er kominn á eftirlaun hafa komið fram ýmis eftirköst erfiðisins. Már hefur fundið út að **Active JOINTS** frá Eylíf reynist vel til að bæta lífsgæðin.

Már segist hafa verið sérstaklega slæmur í hálsliðum. „Ég er lærður húsasmiður en er eiginlega alt muligtmaður," segir hann. „Get eiginlega aldrei verið aðgerðalaus og er alltaf að dunda mér við eitthvað, hvort sem það eru endurbætur hér heima, að hjálpa vinum og vandamönnum eða vinna í garðinum" segir Már. „Ég var alltaf í átaksvinnu, aðallega í virkjunum. Það hefur komið niður á líkamanum en ég hef verið sérstaklega slæmur í hálsinum. Ég vann lengi í járnabindingum og oft með mikil þyngsli í höndunum. Það reynir á skrokkinn og kemur fram þegar maður eldist," segir hann.

„Ég sá auglýsingu frá Eylíf um **Active JOINTS** og hugsaði með mér að það væri nú allt í lagi að prófa þetta. Það var í mars 2020. Eftir fjórar vikur var ég farinn að finna fyrir að eitthvað var að breytast og eftir fjóra mánuði var ég orðinn töluvert betri. Ári seinna var ég hættur að finna fyrir verkjunum í hálsinum. Fyrir mér er þetta kraftaverk og lyginni líkast. Ég fékk nýtt líf. Engar verkjatöflur og mér gekk vel að sofna á kvöldin. Í rauninni er ég laus við verkina," segir Már, sem tekur þrjú hylki á dag og ætlar sannarlega að taka **Active JOINTS** frá Eylíf áfram.

**Hrein íslensk óerfðabreytt hráefni**

**Íslensk framleiðsla**

**Heilsan er dýrmætust**




EYLÍF

NYTJAR HAFSINS



Það er oft fallegt umlits á hafinu. Myndir / Þröstur Njálsson

# „Þar kalla menn ekki allt ömmu sína“

Þorvaldur B. Arnarson
thorvaldur@bondi.is



**Þröstur Njálsson er fyrrverandi togarasjómaður sem snapaði sér sína fyrstu veiðiferð upp úr aldamótum til að ná endum Visa-reiknings saman eftir skemmtiferð til Spánar.**

„Mín sjómennska hófst árið 2001. Ég var þá tiltölulega nýkominn heim frá Costa Del Sol og stóð uppi með Visa-reikning sem ég hafði svo sem ekki endilega efni á nákvæmlega þá,“ segir Þröstur. Hann afréð því að falast eftir veiðiferð á frystitogara og hafði erindi sem erfiði þegar honum lánaðist að tryggja sér afleysingapláss á Venus Hf-19.

Skipið var á þeim tíma gert út frá Hafnarfirði og laut skipstjórn hins goðsagnakennda skipstjóra og netagerðarmeistara, Guðmundar Jónssonar.

„Ég kunni vel við mig á sjó. Sjómennskan í heild sinni átti vel við mig, en það sem alltaf stóð upp úr fyrir mér var mannskapurinn. Þetta voru, heilt yfir, harðduglegir og almennilegir karlar,“ segir Þröstur.



Þröstur Njálsson í fullum herklæðum.

Á Venus sigldi hann um höfin blá í 13 ár, og kunni þá sjómennsku upp á hár. Eftir að skipið var á endanum selt, hélt Þröstur yfir á ísfiskarann Ásbjörn Re-50.

„Ég get bara orðað það með þeim hætti fyrir þig að þar á bæ kalla menn ekki allt ömmu sína. Þetta var hörkustarf og hörkuáhöfn, og vafalaust ekki fyrir hvern sem er að klára sig af á þeim bæ,“ segir hann.

„Þar réri ég í 5 ár en bauðst svo pláss á glænýju fjölveiðiskipi, Engey Re-1. Þar opnaðist bara hreinlega annar heimur enda er ég kominn þar á gríðarstórt skip þar sem allt er sjálfvirkt í vinnslunni, sem er allt annað en ég hafði átt að venjast frá Ásbirninum,“ segir Þröstur.

Eftir að Engey var seld færði Þröstur sig yfir á Helgu Maríu, þar sem hann starfaði allt fram til 12. desember 2022, en þá lauk hann sínum sjómannsferli.

Að sögn Þrastar eru fjarverurnar hvað mest krefjandi þáttur sjómannslífsins. „Og brælurnar. Þær eru oft ekkert lamb að leika sér við,“ segir hann og meðfylgjandi mynd ber svo sannarlega vitni um að svo er alls ekki. Aðspurður að því hvort eitthvað standi sérstaklega upp úr í minningunni að sjómannsferlinum loknum nefnir Þröstur rannsóknarferð til Grænlands.

„Þar var sjólagið allt öðruvísi en ég hafði áður átt að venjast. Eins má nefna ísjakana; þeir eru þarna á víð og dreif og setja gríðarlegan svip á landslagið, sem er nú ekki alltaf mjög fjölbreytt til sjós eins og gefur að skilja,“segir hann.

Inntur eftir því hvort hann myndi ráðleggja börnum sínum að gerast sjómenn er svarið einfalt.

„Nei. Ég myndi ekki gera það,“ segir hann.



Sjómenn við störf á dekki.



Á sjó er unnið nótt sem nýtan dag.



Raðað í kör í lestinni á Ásbirni. Eins og sjá má er plássið af skornum skammti.




Er hjólið klárt fyrir göngurnar í haust?

Pantaðu varahluti fyrir Honda fjórhjólið tímanlega í síma 590 2150 eða á varahlutir@askja.is.

ASKJA Askja • Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík • 590 2100 • askja.is


ÍSLENSKT LAMBAKJÖT
NÁTTÚRULEGT SÍÐAN 874
EITT AF MATARUNDRUM VERALDAR
ÍSLENSKT LAMBAKJÖT ER FYRSTA ÍSLENSKA MATVARAN SEM FÆR PDO-MERKINGU
Íslenskt lambakjöt hefur öðlast PDO-merkingu, sem er hæsta stig upprunatilvísunar í Evrópu. Íslenska lambakjötið er þar með komið í hóp með mörgum þekktustu og eftirsóttustu gæðavörum heims.
PROTECTED DESIGNATION OF ORIGIN
EXTRA VIRGIN OLIVE OIL
ORIGINAL
Aceto Balsamico

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS

| | Fjárlög 2023 með verðbótum (7,4%) | Fjárlagafrumvarp 2024 | Mismunur |
|---|---|---|---|
| 12 Landbúnaður | 23.009,1 | 22.961,4 | -47,7 |
| 12.10 Stjórnun landbúnaðarmála | 21.154,2 | 21.200,2 | 46,0 |
| ***04-234 Matvælastofnun*** | 2.316,9 | 2.436 | |
| 101 Matvælastofnun | 1.932,3 | 2039,7 | 107,4 |
| 111 Samningur við dýralækna | 348,7 | 361 | 12,3 |
| 601 Tæki og búnaður | 35,9 | 35,3 | -0,6 |
| ***04-801, 805, 807 - Búvörusamningar*** | | | |
| 121 Samningur um starfsskilyrði í nautgripaframleiðslu | 8.994,9 | 8876,8 | -118,1 |
| 121 Samningur um starfsskilyrði sauðfjárræktar | 6.710,5 | 6484,3 | -226,2 |
| 121 Samningur um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða | 1.102,5 | 1103,8 | 1,3 |
| ***04-811 Búnaðarlagasamningur*** | 1.791,9 | 1769,4 | -22,5 |
| ***04-851 Greiðslur vegna varna gegn dýrasjúkdómum*** | 132,7 | 233,3 | 100,6 |
| ***04-983 Ýmiss stuðningur við landbúnað*** | 104,7 | 296,6 | 191,9 |
| 12.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum | 805,6 | 741,3 | -98,5 |
| ***04-432 Matvælaöryggi*** | 615,5 | 581,3 | -34,2 |
| 110 Matvælarannsóknir | 503,3 | 480 | -23,3 |
| 115 Tilvísunarrannsóknastofur | 26,7 | 24,1 | -2,6 |
| 120 Sýklalyfjaónæmi | 85,6 | 77,2 | -8,4 |
| ***04-853 Bjargráðasjóður*** | 41,2 | 8,3 | -32,9 |
| ***04-981 Ýmis framlög í landbúnaði*** | 148,8 | 151,7 | 2,9 |
| 12.60 Stjórnsýsla matvælaráðuneytis | 1.049,3 | 1.019,9 | -58,9 |
| ***04-101 Matvælaráðuneyti, aðalskrifstofa*** | 1.049,3 | 1019,9 | -29,4 |
| 101 Matvælaráðuneyti, aðalskrifstofa | 1.043,1 | 1013,7 | -29,4 |
| 601 Tæki og búnaður | 6,2 | 6,2 | -0,0 |

*Upphæðir fjárlaga 2023 hafa verið uppreiknaðar viðað við verðlagþróun til að sjá raunbreytingar.*

# Landbúnaður í fjárlögum ársins 2024

**Í síðustu viku kynnti Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra fjárlagafrumvarp sitt fyrir næstkomandi ár. Fjárlög leggja tóninn fyrir rekstur ríkisins á komandi ári en þar má einnig sjá pólitískar áherslur hvers tíma endurspeglaðar í fjárhagslegri forgangsröðun.**

Til að mynda koma aukin framlög til heilbrigðisþjónustu og lítils háttar skattalækkun fyrir þau tekjulægstu með hækkun skattleysismarka og persónuafsláttar, enda hefur verið mikið ákall um þess háttar aðgerðir í samfélaginu öllu. Mikið hefur verið rætt og skrifað um ýmsar aðgerðir sem eiga að vega á móti verðbólgunni og auknum álögum á rafmagnsbíla. Minna fer hins vegar fyrir stöðu landbúnaðarmála í hinni almennu umræðu og því brýnt að gera það hér.

Heildarframlag til landbúnaðar árið 2024 verður 22.961,2 milljónir króna samkvæmt frumvarpinu. Skiptast þau í 21.200 milljónir króna til *Stjórnunar landbúnaðarmála,* 741 milljónir í *Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum* og 1.020 milljónir í *Stjórnsýslu matvælaráðuneytis.* 0,2% lækkun er á fjármagni til landbúnaðarins á föstu verðlagi, nemur það um 47,7 milljónum króna. Helstu breytingar frá fyrri fjárlögum eru 192 milljón króna framlag til eflingar kornræktar og sem fellur undir liðinn *Ýmis stuðningur við landbúnað* og 100 milljón króna aukning við *Greiðslur vegna varna gegn dýrasjúkdómum.* Aukning er einnig í framlög til Matvælastofnunar en eru þau eyrnamerkt verkefnum tengd fiskeldi.

Framlag til búvörusamninga lækkar um 343 milljónir og er það í samræmi við fjármagnsliði samninganna.

Í fjárlagafrumvarpinu eru dregin fram þrjú meginmarkmið sem lögð er áhersla á á næsta ári. Eru þau eftirfarandi:

1. Efla fæðuöryggi og standa vörð um heilbrigði plantna og dýra, velferð dýra og öryggi matvæla.
2. Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna landbúnaðar og auka bindingu.
3. Skapa skilyrði til fjölbreyttari landbúnaðarframleiðslu með sjálfbæra landnýtingu og nýsköpun að leiðarljósi.

Skiptist hvert þessara markmiða í tvö til sex verkefni sem er úthlutað á viðeigandi ábyrgð aðila innan stjórnsýslunnar. Einnig er tekið fram hvort þeim verkefnum sé veitt aukið fjárframlag eða hvort þau skuli fjármögnuð innan rammans. Einu verkefnin sem hlutu aukið fjárframlag að þessu sinni voru áðurnefnd verkefni tengd eflingu kornræktar og dýrasjúkdómum en því verkefni er sérstaklega beint að riðuvörnum. /SFB

Greiðslur vegna varna gegn dýrasjúkdómum




Ýmis stuðningur við landbúnað





**Auglýst eftir umsækjendum um stuðning til söfnunar ullar**

Matvælaráðuneytið auglýsir eftir umsækjendum um stuðning til söfnunar ullar samkvæmt reglugerð nr. 144/2022 um stuðning við sauðfjárrækt (III kafli).

Umsóknum skal skilað inn á skrifstofu Matvælaráðuneytisins á sérstökum eyðublöðum sem stofnunin lætur í té eigi síðar en tveimur vikum eftir birtingu auglýsingar.

Stuðningur til söfnunar ullar er háður því að umsækjandi uppfylli eftirfarandi skilyrði:
1. Aðili skal vera reiðubúinn að taka við allri vinnsluhæfri ull af öllum framleiðendum sem þess óska.
2. Aðili þarf að sækja ull heim til framleiðanda eða taka á móti ullinni á móttökustöð sem ekki er lengra frá hverjum einstökum framleiðanda ullar en 100 km.
3. Að minnsta kosti 30% allrar ullar sem aðili móttekur skal þvegin hér á landi og jafnframt unnið úr þessari sömu ull band, lopi eða samsvarandi vara hérlendis.

Umsóknarfrestur er til 9. október næstkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Matvælaráðuneytið.
Netfang postur@mar.is



Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið


## Markaðir

Evra
€
144,9 kr.

USD
$
135,26 kr.

Pund
£
167,97 kr.

95 okt bensín
318,8169 kr.

Dísel
315,3026 kr.

Mjólk (USD/100 pund)
18,35 USD

Korn (USD/sekkur)
5,95 USD

Kartöflur (EUR/100 kg)
23,5 EUR

Ull (AUD/100 kg)
1150 AUD

Ostur (USD/pund)
1,85 USD

Smjör (EUR/tonn)
4400 EUR

# Hausttilboð

***Steinar úr graníti.***
***Allt innifalið samkvæmt myndum.***
***Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi fylgir eða frí sending um allt land. Geymum steina ef óskað er.***

**STEINSMIÐJA AKUREYRAR**
***steinsmidjaakureyrar.is***

***Tilboð 1***
***grár steinn***
***640.000***
***án blómaramma***
***520.000***




***Tilboð 2***
***grár steinn***
***565.000***
***án blómaramma***
***445.000***




***Tilboð 3***
***Demantur.***
***Passar líka á duftleiði***
***149.000***
***199.000 með lukt***




***Svartur***




***Paradiso***




***Blár***




***Grár***

***Tilboð 4***
***svargrár eða grár steinn***
***340.000***
***án aukahluta***
***250.000***







***Hægt að setja 2 nöfn***

***Tilboð 5***
***grár steinn***
***225.000***
***án luktar***
***180.000***




***Hægt að setja 2 nöfn***



# Hausttilboð á granítbekkjum

## Viðhaldsfríir bekkir

***Þyngd um 140 kg, breidd 130 cm.***
***Flutningur með LF innifalinn.***
***Verð 210.000***

***Hægt að skrifa í bak eða setu gegn aukagjaldi.***

***s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is***

FRÉTTASKÝRING

## Búfjársjúkdómar:

# Varnarlínur og niðurskurður ekki lengur einu tólin

## – Riðuónæmar arfgerðir breyti nálguninni í sauðfjárveikivörnum

**Hér á landi hafa verið lagðar ýmsar takmarkanir á sauðfjárræktina til að hindra útbreiðslu búfjársjúkdóma. Ein sterkasta birtingarmynd þeirra eru sauðfjárveikivarnarhólf sem skipta Íslandi í 25 hluta og niðurskurður þegar upp kemur riða. Þessar hömlur eiga sér langa sögu en óvíst er hvort hún verði mikið lengri með nýjum verkfærum í baráttunni við búfjárpestir.**



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Í bókinni *Dýralæknatal, búfjársjúkdómar og saga*, sem gefin var út af Dýralæknafélagi Íslands árið 2004, er farið vel yfir bakgrunn og sögu sauðfjárveikivarna. Í kafla sem fjallar um karakúlpestirnar eftir Brynjólf Sandholt kemur fram að erlent sauðfé hafi verið flutt inn í einhverju magni allt frá landnámsöld. Þessi innflutningur hafði takmörkuð áhrif á íslenska féð til langframa, en í nokkrum tilfellum kom til landsins fé sem flutti með sér áður óþekkta búfjársjúkdóma, sem hið einangraða íslenska sauðfjárkyn hafði litla mótstöðu gegn.

### *Innflutningur á pestum*

Á miðri átjándu öldinni var flutt inn kynbótafé til að auka ullargæði, en með því fylgdi kláðamaur sem olli fjárkláðanum fyrri. Á miðri nítjándu öld var flutt inn fé til að kynbæta fyrir kjötgæðum, en með því kom kláðamaur í annað sinn og breiddist fjárkláði um sveitir.

Upphaf riðuveiki á Íslandi er rakið til innflutnings á hrúti árið 1878, sem var af ensku kyni. Árið 1933 voru fluttar inn ær og hrútar af karakúlkyni frá Þýskalandi. Við þann innflutning var beitt varúðarráðstöfunum með því að setja sauðféð í tveggja mánaða einangrun í Þerney, skammt utan við Reykjavík. Þar sýndi féð engin sjúkdómseinkenni og voru gripirnir sendir til bænda víða um land. Þeir báru þó með sér þrjá smitsjúkdóma, sem hafa verið kallaðir karakúlpestirnar; votamæði, þurramæði og garnaveiki.

Frá Skotlandi barst kýlapest með 25 kindum sem voru fluttar inn árið 1932. Árið 1947 voru fluttar inn kindur sem voru felldar meðan þær voru enn í einangrun, en þær reyndust sýktar af fótaveiki.

### *Sjúkdómar valda búsifjum*

Votamæði varð fyrst vart í karakúlhrút veturinn 1933–34, sem fluttur var að Deildartungu í Borgarfirði. Þaðan fór sóttin á marga bæi í firðinum og haustið 1936 hafði hún borist norður fyrir Holtavörðuheiði. Hún olli miklu tjóni og allt að 50 prósent fjárins féll á ári á sumum bæjum.

Þurramæði uppgötvaðist fyrst í Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu árið 1939 og var rakin til hrúts af karakúlkyni. Fyrst var talið að veikin væri einangruð við Suður-Þingeyjarsýslu, en veturinn 1942–43 kom í ljós að sjúkdómurinn var orðinn útbreiddur um Vesturland og Suðurland. Svo mikil afföll urðu á sauðfé að til að viðhalda hjörðum þurfti víða að setja á 25–40 prósent lömb í stað 10–15 prósent.



**Líklegt er að breytingar verði á fyrirkomulagi sauðfjárveikivarna þar sem nú verður hægt að rækta gegn riðu. Varnarhólf hafa tíðkast frá miðri tuttugustu öldinni og voru þá til varnar gegn útbreiðslu nokkurra sjúkdóma. Nú er riðan síðasti alvarlegi skaðvaldurinn. Ær með tvö lömb á beit við Landmannalaugar.** Mynd / ÁL

Garnaveikin var fyrst uppgötvuð árið 1938 á Útnyrðingsstöðum á Völlum á Austurlandi. Nokkru síðar fannst hún í kind úr Hrunamannahreppi. Í báðum tilfellum var hægt að rekja sóttina til karakúlfjár sem flutt var á þessi svæði. Fljótlega kom í ljós að veikin var dreifð víða um landið.

### *Aðgerðir stjórnvalda*

Stjórnvöldum varð ljóst að þörf væri á aðgerðum vegna karakúlpestanna. Fyrstu lögin gegn útbreiðslu pestanna voru sett árið 1936. Árið 1941 voru sett lög sem tóku á vörnum gegn útbreiðslu mæðiveikinnar, stuðningi til bænda, varnargirðingum og fjárskiptum. Árið 1947 var komin nokkur reynsla á niðurskurð, fjárskipti og varnargirðingar og voru sett endurbætt lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útbreiðslu þeirra. Árið 1956 var ákveðið að lögin skyldu ná til kýlapestar og riðuveiki, en síðarnefndi sjúkdómurinn var þá farinn að valda tjóni. Þessi lög voru svo felld inn í lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim árið 1993.

Ráðist var í fyrstu fjárskiptin vegna karakúlpestanna í Suður-Þingeyjarsýslu árið 1941. Mestu fjárskiptin voru þegar allt fé var skorið niður frá Hvalfirði austur að Ytri-Rangá haustið 1951 eftir að garnaveiki var orðin útbreidd og allt svæðið haft fjárlaust í eitt ár.

Fyrstu girðingarnar til varnar útbreiðslu sauðfjársjúkdóma voru settar upp á árinu 1937 og er talið að allt að 2.000 kílómetrar hafi verið reistir á vegum Sauðfjárveikivarna og stendur stór hluti þeirra girðinga enn. Jafnframt voru ráðnir vörslumenn við hlið, sem sáu um að stugga við fé og gera við girðingar ef þurfti. Með því tókst að halda pestunum frá stórum svæðum og tryggja þar með að líflömb fengjust í stað þess sem skorið var niður.

Tekist hefur að útrýma flestum þessum sjúkdómum og er til bóluefni gegn garnaveiki. Á allra síðustu misserum hafa vaknað vonir um að riðunni verði útrýmt næst, þar sem fundist hafa arfgerðir í íslensku fé sem staðfest er að veiti mótstöðu gegn riðu, og er verið að rannsaka fleiri erfðabreytileika sem veita mögulega mótstöðu gegn sóttinni.

### *Riðan náði hámarki eftir öld*

Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir hjá Matvælastofnun (MAST), segir að þegar byrjað var að berjast gegn riðuveiki af mestu afli á níunda áratugnum hafi hún verið orðin mjög útbreidd og olli miklum búsifjum. Hún hafi þá verið búin að krauma í nánast eina öld en var fyrst afmörkuð við Mið-Norðurland.

Á áttunda og níunda áratugnum greindist hún í öllum landshlutum, fyrir utan örfá svæði sem hafa enn sloppið við riðu. „Þar sem hún var verst nægði ásetningsféð á haustin ekki til að halda stofninum við, það



**Smitefni berast fyrst og fremst frá dýri til dýrs. Hjarðir blandast í réttum og fjárragi á haustin sem er meðal þeirra leiða sem sauðfjárpestir dreifast.** Mynd / ÁL





Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir. Mynd / MAST

drapst svo mikið," segir Sigurborg. Á sumum stöðum hafi í kringum 20 prósent fjárins fallið ár hvert vegna riðu. Þá hafi verið farið í átak, sem hafi tekist gríðarlega vel og nú sé landið að mestu laust við sjúkdóminn, fyrir utan ákveðin svæði í Skagafirði og í Húnavatnssýslum.

Árið 1986 var það fyrirkomulag sett á laggirnar sem við þekkjum í dag, sem felst í að skera niður riðuhjarðir á einstaka bæjum, eða skera niður fé í heilu varnarhólfunum þegar sóttin er landlæg. Þegar ráðist sé í niðurskurð á riðubæ fylgi því viðamiklar hreinsanir og förgun efna, auk þess sem bænum er haldið fjárlausum. Fyrst voru það þrjú ár, en nú sé miðað við tvö ár.

Undanfarin fimmtán ár sé ekki hægt að tala um riðufaraldur, heldur stök tilvik. Það sé þó ekki hægt að fullyrða að hún komi ekki upp aftur á öðrum svæðum vegna þess hversu lengi smitefnið hefur verið virkt í umhverfinu. Eftir því sem tímanum líði minnki líkur á enduruppkomu.

### *Varnarhólf aðallega vegna riðu*

Eins og áður segir hefur mæðiveiki verið útrýmt og er búið að þróa bóluefni gegn garnaveiki. Því má segja að varnarhólfin snúi helst að vörnum gegn riðu í dag. Sigurborg segir hólfin hafa í för með sér takmarkanir sem snúi að sauðfé og geitum, en einnig nautgripum þar sem þeir geti borið með sér garnaveiki. Engar takmarkanir eru á öðru dýrahaldi vegna varnarhólfanna.

Þegar upp komi riðuveiki á bæ í einhverju tilteknu hólfi, þá verði það skilgreint sem sýkt svæði, sem í daglegu tali sé kallað riðuhólf. Sigurborg segir þessa skilgreiningu gilda í tuttugu ár. Á þeim tíma séu mjög miklar takmarkanir á öllum bæjum innan hólfsins, eins og bann við flutningi fjár milli bæja. Þar með sé ekki hægt að halda hrútasýningar og selja líflömb. Takmarkanir eru á flutningi á hlutum úr varnarhólfinu sem geta borið með sér smit, svo sem heyi, torfi og landbúnaðartækjum.

Vilji einhver flytja landbúnaðartæki úr sýktu hólfi þurfi viðkomandi að þrífa og sótthreinsa búnaðinn og fá vottorð því til staðfestingar. Geri fólk það ekki, þá segir Sigurborg að einu stjórnvaldsaðgerðirnar sem MAST geti gripið til séu að stöðva flutninginn og senda tækið í þrif og eftir atvikum að kæra til lögreglu. Hún nefnir nýlegt dæmi þar sem Matvælastofnun kærði flutning á óþveginni dráttarvél úr Miðfjarðarhólfi, sem nú sé skilgreint sem riðuhólf, í Borgarfjörð. MAST líti það mjög alvarlegum augum, enda sé Borgarfjörður riðulaust svæði.

### *Hólfum fækkað jafnt og þétt*

Þegar varnarhólfin voru sem flest segir Sigurborg að þau hafi verið nálægt 40, en nú séu þau 25. Ef sama sjúkdómastaða er í tveimur aðliggjandi varnarhólfum segir Sigurborg að þá sé skoðað hvort ástæða sé til að hafa þau aðskilin. Þeim hafi fækkað jafnt og þétt og nú síðast var Húna- og Skagahólf sett í eitt hólf árið 2018, þegar varnarlína við Blöndu var lögð niður. Það hafi verið gert því Blanda var ekki nægur farartálmi fyrir sauðfé eftir að áin var virkjuð og sjúkdómastaða beggja hólfa var sú sama.

Matvælastofnun gerir samninga við verktaka sem sjá um að halda varnarlínunum við. Sigurborg segir það gert samkvæmt fjárveitingu sem matvælaráðuneytið fær til ráðstöfunar, sem felur svo MAST að útfæra viðhaldið. Þetta séu takmarkaðir fjármunir, en undanfarin ár hafi nálægt 50 milljónum verið varið til viðhalds, þó Sigurborg geri ráð fyrir að aukið fjármagn verði sett í málaflokkinn í ár vegna nýlegra riðusmita.

„Ef við ætlum að halda öllum varnargirðingum fjárheldum þá kostar það hundruð milljóna og þeir peningar eru ekki til," segir Sigurborg. Matvælastofnun þurfi því að forgangsraða eftir því hvar sé allra mikilvægast að halda fjárheldu. Hún viðurkennir að það sé því óraunhæft að koma alfarið í veg fyrir samgang fjár milli varnarhólfa eins og staðan er núna og svo hafi verið um áratugi.

### *Takmörkunarsvæði erlendis*

Sigurborg veit ekki til þess að annars staðar sé landi skipt í sambærileg varnarhólf og hérlendis. Almenn viðbrögð í löndunum í kringum okkur séu að setja upp takmörkunarsvæði þegar sjúkdómar komi upp. Þá sé takmörkunarsvæðið ákveðinn radíus frá upptökunum, mismunandi eftir alvarleika hverju sinni.

Aðspurð segir Sigurborg mögulegt að vera með einhvers konar sóttkví á jörðum þar sem upp kemur riða, þó ekki sé víst að það sé raunhæft við íslenskar aðstæður og hvaðan fjármagnið til þess skuli koma. Þetta tíðkist þegar upp komi riða í hjörðum í Evrópu og er misjafnt hvort og hversu mikið fé er skorið niður. Þar séu búskaparhættir þó öðruvísi, enda séu hjarðirnar hvort eð er meira og minna einangraðar. Hérlendis blandist hjarðir þegar fé er laust á fjalli, í réttum og fjárragi á haustin.

### *Fleiri verkfæri í verkfærakistunni*

„Stóra spurningin er hvort það sé réttlætanlegt að skipta landinu upp í varnarhólf vegna riðuveiki," segir Sigurborg, en hingað til hafi svo verið talið. „Í fyrsta lagi eru þessar varnargirðingar til að hefta fé, af því smit fer alltaf fyrst og fremst frá dýri til dýrs, alveg sama hvaða veiki það er. Síðan getur smit borist með öðrum hætti, og það getur riðuveiki gert líka, þannig að varnargirðingin sem slík tryggir ekki að sjúkdómar berist ekki yfir."

Sigurborg segist ekki geta tjáð sig mikið um það hvaða breytingar séu væntanlegar á fyrirkomulagi sauðfjárveikivarna í ljósi þess að fundist hafi arfgerðir sem geri sauðfé ónæmt fyrir riðu og miklar vonir eru uppi um að hægt verði að rækta upp riðuónæman sauðfjárstofn. Yfirdýralæknir óskaði eftir tillögum í þrennu lagi frá fulltrúum sauðfjárbænda. Fyrst um útfærslu á uppbyggingu hjarðar eftir riðuniðurskurð. Í öðru lagi útfærslu á aðgerðum þegar riðuveiki greinist. Í þriðja lagi hvernig skuli standa að ræktun gegn riðuveiki.

Nú er sérfræðingahópur skipaður af matvælaráðherra að rýna tillögurnar og er von á niðurstöðum 1. nóvember næstkomandi. „Ein af stóru spurningunum sem ég vildi fá svar við var að leggja mat á gildi núverandi fyrirkomulags varnargirðinga með tilliti til hafta á útbreiðslu riðusmits. Hvaða gildi hefur þetta í dag, því það hafði mikið gildi þegar þú hafðir engin önnur tól. Það eina sem við höfðum var að reyna að uppræta smitefni með því að skera niður. Sem betur fer erum við komin með fleiri verkfæri í verkfærakistuna til að berjast gegn riðuveiki," segir Sigurborg. Í umræðunni um riðu gleymist þó oft að þetta er sársaukafullur taugasjúkdómur og að rétt sé að spyrja hvort réttnæmt sé að láta riðunæmt fé vísvitandi lifa í riðusmituðu umhverfi.

Það sé í höndum ráðuneytis að taka þá ákvörðun hvort fyrirkomulag varnarhólfa verði annað. Í lögum sé gert ráð fyrir varnarhólfum og það sé ráðherra sem geti fellt niður ákveðnar varnarlínur að höfðu samráði við Matvælastofnun. Af fenginni reynslu gerir Sigurborg ráð fyrir að breytingar á kerfinu muni taka langan tíma. Gangi ræktun gegn riðu eftir aukist alltaf vægi þess að kindur séu ónæmar fyrir riðusmitinu. Þá verði ekki eins mikil þörf á að hefta útbreiðslu smitefnisins. Hvað garnaveiki varðar, þá skipti varnarhólfin minna máli í því samhengi, í ljósi þess að hægt sé að bólusetja gegn henni.




Varnarhólfin eru 25 í dag, en voru nálægt 40 þegar mest var. Mynd / MAST




Víða um land má sjá áberandi skilti þar sem varnarlínur ná yfir þjóðvegi. Yfir þær línur má ekki flytja sauðfé og nautgripi, nema með sérstöku leyfi. Það sama á við um hey, torf, tað og landbúnaðartæki. Mynd / Úr safni



20% afsláttur af öllum innréttingum út október.

Við hönnum innréttingar að þínum þörfum.

FRÍFORM
Hjarta heimilisins

Virka daga 10-17
Laugardaga 11-15

562–1500
Friform.is

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.

UTAN ÚR HEIMI



Jarðarbúar glíma margir við vatnsskort. Það vantar þó ekki vatnið á Íslandi, í það minnsta ekki enn þá. Mynd / Steinunn Ásmundsdóttir

# Fjórðungur jarðarbúa glímir við vatnsskort

**Vatnsskortur hrjáir þjóðir víða um heim og þar á meðal í Evrópu. Talin er þörf á mun meiri stjórnun vatnsforða jarðar.**

Þau svæði sem hafa orðið verst úti í heiminum vegna vatnsskorts eru Mið-Austurlönd og Norður-Afríka, þar sem 83% fólks verða fyrir afar miklum neikvæðum áhrifum vegna vatnsskorts. Búist er við að sú tala hækki í 100% árið 2050.

Af 25 löndum sem verða nú fyrir afar miklu álagi vegna vatnsþurrðar eru Barein og Kýpur efst á listanum og Evrópulöndin Belgía og Grikkland í 18. og 19. sæti, skv. skýrslu World Resources Institute (WRI). Katalónía á Spáni lýsti yfir neyðarástandi vegna þurrka í 24 sveitarfélögum þar sem búa um 25 þúsund manns síðla sumars og hefur fólk þar aldrei séð jafnlága vatnsstöðu. Frakkar áttu einnig í mestu vandræðum með ferskvatnsöflun.

*Vatnseftirspurn aukist*

Íslendingar hafa sem kunnugt er notið þeirra gæða að hafa aðgang að gnægð vatns. Þó hefur borið á vandræðum í langvarandi þurrkatíð að sumri á Norður- og Austurlandi á síðustu árum. Þar eru blágrýtissvæði þar sem mjög gamall berggrunnurinn er bæði þéttur og vatnssnauður. Endurnýjanlegar ferskvatnsauðlindir Íslands eru taldar vera árlega um 666.667 rúmmetrar á mann. Til samanburðar eru vatnsauðlindir í ýmsum Afríkuríkjum undir 1.000 rúmmetrum á mann.

Á heimsvísu er gert ráð fyrir að eftirspurn eftir vatni muni aukast um 20–50% fyrir árið 2050. Hún hefur þegar meira en tvöfaldast síðan 1960.

Euronews greinir frá því að yfir 20 lönd noti nú meirihluta endurnýjanlegrar vatnsveitu sinnar á hverju ári, sem geri þau mjög viðkvæm fyrir þurrkum.

Nýjar rannsóknir sýni að fjórðungur jarðarbúa glími við vatnsskort. Löndin sem eru í mestri hættu noti reglulega um 80% af endurnýjanlegri vatnsveitu sinni til að vökva uppskeru, brynna búfé, í iðnað og heimilishald á hverju ári. Jafnvel þurrkar til skamms tíma geti gert að verkum að þessar þjóðir verða uppiskroppa með vatn eða að stjórnvöld velji að skrúfa fyrir til að verja þann vatnsforða sem eftir er.

*Knúið á um skilvirkari landbúnað*

„Vatnsskortur af þessu tagi stofnar lífi, störfum, fæðu- og orkuöryggi fólks í hættu," segir í skýrslu WRI. „Vatn er nauðsynlegt til að hlúa að réttlátu samfélagi, rækta fæðu, framleiða rafmagn, viðhalda heilsu og uppfylla loftslagsmarkmið heimsins," segir jafnframt. Fólksfjölgun, efnahagsþróun og loftslagsbreytingar eigi eftir að gera ástandið enn verra ef vatnsbirgðum jarðar verði ekki stjórnað.

Um 60% af vökvunarlandbúnaði í heiminum stendur nú þegar frammi fyrir mjög miklu vatnsálagi, segir WRI. Það ógni verulega ræktun t.d. sykurreyrs, hveitis, hrísgrjóna og maíss. Þó séu til lausnir eins og að gera landbúnað skilvirkari, meðhöndla og endurnýta skólp, afsöltun vatns og að fjarlægja gróður sem kalli á mikla vökvun, svo sem gras. NASA varaði við því að helmingslíkur væru á því að árið í ár yrði það heitasta í sögunni og miklu hlýrra en jarðarbúar hefðu nokkru sinni séð fyrr. /sá

## Bretland:

# „Sauðirnir verða að fara"

## – Hörð umræða um tilverurétt sauðfjár utan láglendis

**Á Bretlandseyjum hefur undanfarið verið tekist á um hvort sauðfé megi ganga á hálendi.**

Breskir fjölmiðlar hafa frá því í vor fjallað um harðvítugar deilur þar sem fólk vill ýmist fé burt af breskum heiðalöndum og stöðvun niðurgreiðslna til greinarinnar, eða berst með oddi og egg fyrir tilverurétti sauðfjár ofan láglendis.

Það var Ben Goldsmith, fyrrverandi ráðgjafi umhverfis-, matvæla- og dreifbýlisráðuneytisins og bróðir fyrrverandi Tory-þingmannsins Zacs Goldsmith, sem vakti hörð viðbrögð er hann viðhafði m.a. þau ummæli að sauðfé væri einhver helsta hindrun í vegi þess að friðlýst svæði Bretlands döfnuðu. Hann telur að ekki eigi að niðurgreiða sauðfjárrækt og fullyrti að Bretland væri fátækara en ella af villtum blómum, fuglasöng og dýralífi yfir höfuð, vegna beitar milljóna sauðfjár.

*Fleiri nautgripi en færra sauðfé*

„Sauðirnir verða að fara," skrifaði Goldsmith á samfélagsmiðlum. Í efnahagslegu tilliti væri sauðfjárrækt ólífvænleg og gengi aðeins vegna styrkja skattgreiðenda. Mikilvægi hennar fyrir fæðuöryggi þjóðarinnar væri óverulegt. Meðalaldur sauðfjárbænda hækkaði stöðugt og tekjur þeirra yrðu sífellt rýrari.

„Sauðfé hefur hræðileg áhrif á vatnasvæði okkar, þjappar jarðveg, eyðir gróðri og eykur þannig jarðvegseyðingu, flóð og árstíðabundna þurrka. Þetta kostar landið milljarða á hverju ári," sagði hann.

Goldsmith, sem er í dag forstjóri fjárfestingafyrirtækisins Menhaden og yfirlýstur umhverfissinni, telur nautgriparækt hins vegar bæði mikilvæga og hagkvæma og hana eigi að auka á kostnað sauðfjárhalds.

Sauðféð á sér öfluga talsmenn og eru viðbrögð á þá leið að Goldsmith fari með staðlausa stafi og landbúnaðarsaga Bretlands sé til marks um það.

Allt tal um að fjarlægja fé af hálendi sé algerlega úr takti við raunveruleikann. Kjötið og ullin séu ekki aðeins mikilvæg fyrir staðbundið hagkerfi heldur mjög eftirsótt af bæði heimamönnum og gestum.



Deilur eru á Bretlandseyjum um réttmæti þess að sauðfé gangi á svæðum utan láglendis og sumir vilja fé burt af heiðalöndunum. Mynd / Rick Barrett

*Einfeldningslegt og óupplýst viðhorf*

Landssamtök breskra sauðfjárbænda sendu frá sér yfirlýsingu vegna málsins þar sem kom fram að skoðanir Goldsmiths og fylgismanna hans væru ögrandi og sýndu einfeldningslegt og óupplýst viðhorf til mikilvægs landbúnaðargeira.

Fjölmiðillinn The Scottish Farmer segir uppþotið hafa vakið reiði gjörvalls landbúnaðarsamfélagsins. Í sama streng tóku National Sheep Association (NSA), hagsmunasamtök breskra sauðfjárframleiðenda.

„Sauðfé hefur verið á Bretlandseyjum frá því að nýneolithískir landnemar komu hér að ströndum fyrir um 3000 f.Kr. – fyrir 5.000 árum," sagði framkvæmdastjóri NSA, Phil Stocker.

„Það hefur átt sinn þátt í að móta og viðhalda því landslagi sem við sjáum og njótum í dag, þar með talið 9 af 13 þjóðgörðum Englands sem staðsettir eru á hálendissvæðum. Það er engin tilviljun að flestir þjóðgarðar okkar eru á svæðum þar sem graslendi og sauðfé hefur verið ríkjandi kynslóðum saman. Hið einstaka umhverfi, sem starfar oftast í sátt við sauðfjárrækt, er afar dýrmætt í tengslum við vatnsbúskap og landgæði, kolefnisbindingu og náttúru og gefur fólki félagslegan og heilsufarslegan ávinning," sagði Stocker.

*Fimmtán milljónir sauðfjár*

NSA hafnar því að sauðfjárbeit ofan láglendis hafi skaðleg áhrif og nefnir sem dæmi að 53% svæða í uppsveitum Bretlands, sem fylgst er sérstaklega með, teljist nær öll í jafnvægi eða vistkerfislegum bata.

Fjöldi sauðfjár á Bretlandi jókst um 2% árið 2022 og varð þá hátt í 15 milljónir, skv. opinberum upplýsingum. Árleg lambakjötsneysla pr. íbúa var um 4,7 kg árið 2016 skv. OECD-FAO Agricultural Outlook. /sá




# Áveituappið Insights

**Fyrir þá bændur sem eru hrifnir af smáforritum er rétt að kynna til sögunnar eitt slíkt sem ber nafnið Insights by Prospera.**

Með notkun þess fá notendur yfirsýn yfir ýmis vandamál á borð við ofvökvun, eða ef vökvun skortir. Má sjá stíflur eða leka auk þess sem með myndum í afar hárri upplausn er hægt að hafa yfirlit yfir ræktunina í heild.




Nærmyndir af plöntum greina í tæka tíð skemmdir á uppskeru, en Insights forritið býður upp á nákvæmar skýrslur yfir möguleg meindýr, sjúkdóma í plöntum, ofvöxt, næringarskort og þar fram eftir götunum. Skiptist forritið í tvenns konar undirkafla, kallaða Irrigation Insights og Plant Insight, sem fara yfir stöðu á áveitu annars vegar og plöntum hins vegar.

*Mikill hagur fyrir hagann*

Er þarna um afar hagkvæma og skilvirka yfirsýn að ræða sem gerir bændum kleift að gera fyrirbyggjandi ráðstafanir fyrr en ella. Vilja hönnuðir Insights by Prospera meina að þarna sé hagur í bæði tímasparnaði og minni fjárútlátum enda veiti forritið notendum nákvæmari upplýsingar en þeir myndu greina sjálfir og mun fyrr en ella. Segir talsmaður fyrirtækisins að *„með því að horfa á akrana í gegnum gervihnött getur bóndi sem notar Irrigation Insights greint áveituvandamál sem erfitt er að sjá á jörðu niðri með berum augum. Afgreitt vandamálið mun hraðar og áður en það skemmir meira út frá sér. Vikulegar skýrslur geri kleift að sjá þróun vaxtar á ökrum svo hægt sé að framkvæma árangursríkustu meðferðirnar á skilvirkan hátt – sparað þúsundir í aðföngum og launakostnaði."*

*Vilt þú stela hugmyndinni?*

Hefur smáforritið enn sem komið er ekki gagnast íslenskum bændum. Það er þó rétt að taka fram fyrir bændur utan landsteinanna að á forritinu er tveggja ára ábyrgð innifalin, sem felur í sér viðgerðarkostnað, varahluti og vinnu, uppsetningu á vélbúnaði auk þess sem hugbúnaðaráskrift er innifalin á fyrsta ári þjónustunnar.

Geta neytendur valið að endurnýja áskriftina árlega eða á því ári sem þeir kjósa að fá yfirsýn yfir akra sína. /SP

limtrevirnet.is

# STEINULLAR-EININGAR

## Hagkvæm íslensk lausn







- Íslensk, CE vottuð framleiðsla
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótta- og iðnaðarhús.
- Samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

ISO 9001

ÍSLENSKT gjörið svo vel

MENNING

## Leikfélag Hveragerðis:

# Litla hryllingsbúðin

**Leikfélag Hveragerðis er eitt fyrsta, nú með haustinu, að bjóða leikhúsunnendum að fá sér sæti, en ætlunin er að gleðja áhorfendur með söngleiknum heimsfræga, Litlu hryllingsbúðinni.**



Prufur hófust strax í byrjun júní og var fljótlega skipað í hlutverkin. Unnu leikarar ötullega að því yfir sumarið að læra textann sinn og hófust æfingar á fullu í ágúst, enda gleði og tilhlökkun í mannskapnum.

Söngleikurinn Litla hryllingsbúðin, sem gerður var eftir samnefndri kvikmynd frá árinu 1960 (og svo aftur árið 1986) hefur verið margverðlaunaður og sýndur víða um heiminn. Gaman er að segja frá því að af söngleikjum sem sýndir hafa verið í hvað lengstan tíma samfellt var Litla hryllingsbúðin í þriðja sæti, en hann var m.a. sýndur í rúm 2.200 skipti í Orpheum leikhúsi New York-borgar frá árinu 1982.

Litla hryllingsbúðin fjallar um uppburðarlítinn ungan mann að nafni Baldur sem vinnur í blómabúð ásamt henni Auði sem honum finnst mjög sæt. Auður á þó kærasta, leðurklædda tannlækninn og sadistann sem nýtur þess að beita hana ofbeldi. Eins og þeir sem þekkja söguna, endar sá kauði í kjafti mannætublóms sem Baldur keypti óvart og áætlaði að selja í búðinni. Blómið sem Baldur nefndi Auði II vex og dafnar, en honum að óvörum hefur hún skyndilega upp mál sitt.

Hið innra eðli hennar kemur þá skjótt fram, en Baldri til skelfingar nærist Auður II helst á fersku mannakjöti ...

Mörg þekkt lög eru í söngleiknum og þekktustu lögin á Íslandi eru eflaust Þú verður tannlæknir og Gemmér (í þýðingu Megasar).

Hefjast sýningar Litlu hryllingsbúðarinnar í byrjun október og sýnt verður í Leikhúsinu í Hveragerði að Austurmörk 23. Miðaverðið er 3.900 krónur en miðasala á tix.is verður auglýst síðar. /SP



Hér má sjá skjáskot úr upprunalegu gerð myndarinnar um Litlu hryllingsbúðina árið 1960, þar sem tannlæknirinn sadíski stendur í tannviðgerðum á Baldri.



Frá Jólaævintýri Hugleiks sem var fyrst sett á svið árið 2005. Myndir /

## Hugleikur:

# Stórafmælisveisla!

**Elsti starfandi áhugaleikhópur Reykjavíkur, sem ber hið skemmtilega nafn Hugleikur, fagnar nú fertugasta afmæli sínu og má nærri geta að mikið verður um hátíðahöld.**

Hefur leikhópurinn þá sérstöðu meðal íslenskra leikfélaga að þau verk sem fara á svið eru nær öll samin af meðlimum félagsins, auk þess sem umfjöllunarefnið er oftar en ekki sprottið úr íslensku þjóðlífi.



Leikendur í Embættismannahvörfunum frá 1997, en verkið gerist á Korpúlfsstöðum, „... því glæsta en niðurnidda kúabúi á mörkum borgar og sveitar... "



Jógúrtkerlingin margfræga úr leikritinu „Ég sé ekki Muninn", árið 2000.

### *Á hugleikskan máta*

Gaman er því að segja frá því að mörg leikrit félagsmanna hafa verið tekin til sýninga hjá öðrum áhugaleikfélögum um land allt.

Leikhópur Hugleiks hefur reynt að þróa sérstakan stíl innan sinna vébanda sem nefndur hefur verið hugleikskur leikmáti eða bara hugleikska – en þó hefur þótt erfiðleikum bundið að skilgreina þann ritstíl og leikmáta. Samkvæmt vefsíðu félagsins kemur fram að skilgreiningin felist í *„togstreitu milli hefðar og nýsköpunar eða skerspennum milli nútímalegra spunakenninga og húmanískra leiklausna"*.



Hér eru leikendur úr verkinu Skugga-Björg frá 1985 en það var annað leikritið sem Hugleikur setti upp.

Vitnað er í sögu þjóðarinnar, þjóðsagnaarfinn og gullaldarbókmenntirnar, en einnig stinga nútímalegri verk upp kollinum af og til. Tugir leikrita í fullri lengd og hundruð stuttverka standa eftir hópinn en auk áherslu á íslensk, frumsamin verk hefur söngur og tónlist jafnan sett svip sinn á sýningarnar.

### *Jólaævintýri Hugleiks*

Nýverið hófst samlestur á ævintýrinu sem allir þekkja, Jólaævintýri Hugleiks, sem fyrst fór á fjalirnar árið 2005, en er um afar viðamikla og skemmtilega uppfærslu að ræða.



„Ég bera menn sá", sem var sett upp 1993, fékk stórfenglega dóma fyir hressleika þeirra er stóðu á sviðinu.

Byggir söguþráðurinn á hinu vel kunna Jólaævintýri Dickens, en sögusvið þeirra Hugleikara er íslenska sveitin. Þar sjáum við Ebenezer, gamla skrögginn, nú kominn inn í íslenska nítjándu aldar baðstofu, Tommi litli leikur sér að legg og skel og draugarnir þrír eru íslenskar skottur og mórar. Og þrátt fyrir dramatískan undirtón sögunnar bregða leikararnir ekki út af vananum, enda þekktir fyrir að ærslast með efniviðinn og gera hann að sínum.

Höfundar eru þau Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Sigrún Óskarsdóttir, Snæbjörn Ragnarsson og Þorgeir Tryggvason en Jólaævintýrinu í ár leikstýrir Gunnar Björn Guðmundsson.

Sýnt verður sunnudagana 10. og 17. desember, báða daga klukkan 16 og svo 20.

Miðasölu er að finna á Tix (www.tix.is), og rétt er að taka fram að sýnt verður í Gamla bíói og því ekki við öðru að búast en að stemingin verði sérstaklega jólaleg og falleg. /SP



# DAGUR LANDBÚNAÐARINS

13. - 14. október 2023




## Landbúnaður á krossgötum

Málþing í Menningarhúsinu Hof Akureyri
**föstudaginn 13. október frá 9 til 12**

Bændur bjóða gesti velkomna heim í hlað
**laugardaginn 14. október milli 12 og 16**

Nánari upplýsingar um viðburðina má finna á **bondi.is**

SAFL

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR

Grænmeti:

# Ungir garðyrkjubændur í Þingeyjarsveit með margar tegundir í útiræktun

## – Koma nýir inn í greinina, með til dæmis íslenskar rauðrófur, sellerí og hnúðkál

**Það þykir tíðindum sæta þegar bætist í fremur fámennan hóp íslenskra garðyrkjubænda í útiræktun grænmetis. Enn fágætari eru dæmi af norðlenskum garðyrkjubændum sem koma nýir inn í greinina, en í Vallakoti í Þingeyjarsveit eru einmitt ungir bændur á sínu öðru ári með margar tegundir í ræktun – til að mynda rauðrófu sem er sjaldgæf í innlendri framleiðslu.**


Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is




„Það er allt brjálað í upptöku hjá okkur núna, helmingurinn af akrinum okkar er brokkolí en svo erum við með blómkál – sem er næst umfangsmest – grænkál, hvítkál og rauðkál. Við erum líka með tvær litategundir af hnúðkáli. Þá vorum við með aðeins af gulrófum, sem eru reyndar allar búnar, og rauðrófur og sellerí. Það er ótrúlegur bragðmunur á sellerii sem hefur verið ræktað úti, það verður einhvern veginn mun kraftmeira miðað við inniræktunina," segir Indíana Þórsteinsdóttir, garðyrkjubóndi í Vallakoti.

### *Heimahagarnir toguðu í*

„Við maðurinn minn bjuggum í Noregi og eignuðumst barn þar. Þá fóru heimahagarnir að toga í okkur og okkur langaði til að fara að vinna fyrir okkur sjálf – gera eitthvað skapandi. Ég hringdi því í mömmu og spurði hana hvernig henni myndi lítast á að við kæmum heim í Vallakot. Upp úr því spjalli kom sú hugmynd hvort við flyttum ekki bara til þeirra og gerðumst garðyrkjubændur á þeirra landi," segir Indíana um forsögu þess að þau fóru í garðyrkjuna.

„Bróðir minn er kokkur og hafði lengi dreymt um að gerast rauðrófubóndi, þannig að það blasti við að hann myndi koma með okkur í þetta ævintýri. Mamma hefur alltaf ræktað sitt grænmeti ofan í okkur þannig að við vorum alin upp við gott grænmeti og með sterkar taugar til slíkrar ræktunar.

Svo blöstu líka tækifærin við okkur, þar sem ekki nokkur garðyrkjubóndi í útiræktun er hér á svæðinu – allt kemur að sunnan. Fyrsta tilraunaárið gekk bara mjög vel," segir hún.

### *Mjög góðar aðstæður í Vallakoti*

„Við erum því allnokkur saman í þessu; við maðurinn minn, Ingólfur Örn Kristjánsson, bróðir minn og kona hans, Aldey Unnar Traustadóttir. Foreldrar okkar heita Jóhanna Magnea Stefánsdóttir og Þórsteinn Rúnar Þórsteinsson.

Svo hentaði það líka vel að foreldrar mínir áttu hér land, enda hafa þau stundað bæði kúabúskap og nautakjötsframleiðslu hér um árabil. Þau tóku við kúabúi af ömmu minni og afa, en færðu sig svo yfir í nautakjötsframleiðslu fyrir um átta árum, en afurðirnar seldu þau beint frá býli. Þau voru tilbúin að hætta búskapnum með nautgripina og koma alveg yfir í garðyrkjuna með okkur. Eini búfénaðurinn sem eftir er hér eru nokkrar kindur og einhverjar hænur.

Aðstæður hér eru mjög góðar, landið hentar vel til þessarar akuryrkju og svo er mjög veðursælt líka hér í sveitinni," segir Indíana en



Aðstæður eru mjög góðar í Vallakoti, landið hentar vel til akuryrkju og svo er mjög veðursælt þar líka.



Vænt selleríbúnt.



Indíana, Ingólfur og dóttir þeirra, Vivian Magnea, skoða rauðrófu.

Vallakot er beint suður af Húsavík, í um 35 kílómetra fjarlægð. „Við erum neðarlega í dalnum hér og stundum frýs hér allt í kring en við sleppum. Við vorum enn að uppskera í október í fyrra.

Hún segir að ekkert þeirra sé með fagmenntun í garðyrkjunni, þannig að þau hafi þurft að prófa sig áfram og læra af mistökunum. „Að vísu höfðum við reynslu móður okkar til að byggja á, sem kom sér mjög vel – og þegar við vorum komin af stað fengum við ótrúlega mikinn stuðning frá öðrum garðyrkjubændum. Sérstaklega voru þau Sigrún og Þröstur í Garðyrkjustöð Sigrúnar hjálpleg."

### *Svipað umfang á næsta ári*

Indíana telur að tegundirnar sem þau verði með í ræktun á næsta ári verði nokkuð svipað því sem þau voru með í sumar. „Við erum búin að finna út hvað hentar okkur af umfangi, hvað við viljum vera með mikið af hvaða tegund. Sumt fer ekki í almenna dreifingu, heldur bara á veitingastaði hér í nágrenninu.

Annars leggjum við brokkolí, blómkál og grænkál inn til Sölufélags garðyrkjubænda – sem kemur kálinu í dreifingu fyrir okkur. Við höfum líka sent aðeins af gul- og rauðrófum beint til Krónunnar, á Bændamarkað hennar. Það er skemmtilegt að vera með margar tegundir og matgæðingurinn sem er í okkur nýtur þess mikið að vera með svona fjölbreytt úrval, þannig að við myndum líklega aldrei fara út í einhæfa ræktun á einni eða tveimur tegundum þótt það væri líklega hagkvæmara.



Jóhanna M. skoðar hvítkálshaus.

Við vorum búin að forsá þegar við funduðum fyrst með Sölufélaginu. Sáðum bara fyrir því sem við vissum að okkur þætti gott, grænmeti sem við bíðum sjálf eftir á haustin – og töldum líklegt að væri hægt að selja á markaði. Við vissum reyndar ekkert hvernig við ætluðum að selja uppskeruna, en síðan höfum við átt í góðu samstarfi við Sölufélagið," segir Indíana.

Hún segir að uppskeruhorfur nú séu mjög góðar, allt sé að koma vel upp. „Við ætluðum að reyna að stjórna eitthvað brokkolíinu, þannig að við gætum skorið það upp yfir lengra tímabil en það mistókst þannig að það er allt tilbúið á sama tíma," segir hún. Þau áætla að uppskerumagn af akrinum í Vallakoti verði um 24 tonn.





vfs.is
Milwaukee
MX FUEL
RAFSTÖÐ
• 3.600W HÁMARKSAFKÖST
• 1.800W SAMFELLD AFKÖST
• AÐEINS 28.2 KG MEÐ TVEIMUR RAFHLÖÐUM
• INNBYGGT HLEÐSLUTÆKI
• SAMHÆFT VIÐ ONE-KEY™ APP
• VIRKAR MEÐ EINNI EÐA TVEIMUR RAFHLÖÐUM
• ENGINN ÚTBLÁSTUR
• ENGINN HÁVAÐI
• EKKERT TOG-START
• ENGAR BENSÍNBLÖNDUR
• MINNA VIÐHALD
• AUKIÐ ÖRYGGI
SKANNAÐU OG SKOÐAÐU NÁNAR
ALVÖRU VERKFÆRI!
VERKFÆRA SALAN
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is


Nýr Amarok
- allir vegir færir
Eigum bíla til afhendingar
Millikassi með hátt og lágt drif
Dregur allt að þrjú og hálft tonn
800 mm vaðdýpi
Hleðslusvæði nægjanlegt fyrir Euro-bretti
Val um 3.0 L og 2.0 L díselvél
Fimm ára ábyrgð hjá Heklu
5
5 ára ábyrgð eða 200.000 km
- hvort sem kemur fyrr
Hekla
Laugavegi 174, 105 Reykjavík Sími 590 5000 www.hekla.is
Höldur Akureyri Bílasala Selfoss Bílakjarninn Reykjanesbæ BVA Egilsstöðum

## Kjötafurðir af forystufé:

# Tilraunir með álegg og hátíðarsteik

**Matvælasjóður úthlutaði Fræðasetri um forystufé, sem staðsett er á Svalbarði í Þistilfirði, styrk að upphæð 3.000.000 kr. til að markaðssetja og þróa gæða kjötafurðir af forystufé.**

Að verkefninu standa matvælafræðingarnir Arnkell Arason og Einir Björn Ragnarsson í samstarfi við Daníel Hansen, umsjónarmann fræðasetursins.

### *Forystufé með fágæta eiginleika*

Á heimasíðu fræðasetursins kemur fram að frá upphafi byggðar hefur forystufé verið órjúfanlegur hluti af sauðfjárhaldi Íslendinga og sé í miklum metum hjá sauðfjárbændum þar sem féð er talið búa yfir ákveðnum hæfileikum. Það þykir t.d. vera með sérstaka forystueiginleika, fer fyrir hópi sauðfjár og leiðir það í skjól í vondum veðrum.

Það þykir einnig vera harðgerðara en annað fé, háfættara og meira í vexti og hafa hæfileika til að finna á sér veðrabrigði, sem var verðmætur eiginleiki í beitarbúskap fyrri tíma. Álíka hegðunarmynstur sé hvergi þekkt í heiminum og því séu þessir eiginleikar afar fágætir.

Stofn forystufjár er lítill, eða einungis um 1.500 talsins, og er skilgreint sem sérstakur stofn sauðfjár innan Bændasamtaka Íslands.

### *Kjötið fínlegt og bragðgott*

Bændablaðið náði tali af Daníel Hansen, sem staddur var á ullarráðstefnu í Kaupmannahöfn, og forvitnaðist nánar um þetta verkefni.

Daníel segir að hugmyndin að verkefninu hafi kviknað þegar þeir Arnkell hittust austur á Egilsstöðum. „Ég var staddur á sýningu austur á Egilsstöðum þar sem ég var að kynna nokkrar afurðir af forystufé, tvíreykt hangikjöt og snakkpylsur, þegar við Arnkell tókum tal saman. Hann sýndi þessu mikinn áhuga og úr varð þessi hugmynd að þróa kjötafurðir af forystufé sem lúxus matvöru.

Spurður út í hver sé munurinn á kjöti af forystufé og sauðfé segir Daníel að bragðið sé öðruvísi.

„Það er mikið minna kjöt á forystufé, það er fituminna og bæði bragð og áferð er öðruvísi. Þetta er fínlegt og mjög bragðgott kjöt, mætti segja að það sé mitt á milli þess að vera geitakjöt og kindakjöt.“



**Einir Björn Ragnarsson, matvælafræðingur og kjötiðnaðarmaður.**
Mynd / Aðsend.

Úthlutað var úr sjóðnum fyrr í sumar og hefur hugmyndavinna hafist um hvernig best sé að verka og þurrka kjötið. Einir Björn Ragnarsson, matvælafræðingur og kjötiðnaðarmaður, mun sjá um þær tilraunir. „Við höfum nokkrar hugmyndir um hvernig best sé að verka og þurrka kjötið. Við munum byrja á því að sjá hvað gerist þegar við hengjum kjötið upp án allra bragðefna, hvað náttúran gerir við það og hvernig gæðin breytast við það. Það eru líka uppi humyndir um að láta kjötið hanga með salti eða kryddi. Þetta eru lítil læri, þau minnstu eru eins og hálft venjulegt lambalæri, en vegna þess spái ég



**Kjötafurðir af forystufé hafa ekki verið nýttar til manneldis að neinu marki en einungis eru um 80–100 forystufé slátrað á hverju hausti.**
Mynd / Fræðasetur um forystufé

því að salt og krydd gangi vel inn í kjötið og bragðið njóti sín enn betur. Við munum nýta haustið til að prófa okkur áfram og fáum einnig innblástur frá aðferðum erlendis.“

### *Takmarkað upplag*

Hingað til hafa kjötafurðir af forystufé ekki verið nýttar til manneldis að neinu marki en einungis eru um 80–100 forystufé slátrað á hverju hausti og því ljóst að framleiðslan verður í litlu magni og árstíðabundin. „Efniviðurinn er ekki mikill, þar sem stofninn er lítill og það er til takmarkað upplag af lærum af forystufé,“ segir Einir.

Aðspurður segir Einir að stefnt verði að því að bjóða upp á vöru sem hægt verði að borða hráa, líkt parmaskinku. Vonandi verði einnig hægt að bjóða upp á hátíðarsteik, sem verður sérstaklega bragðmikil. /ÞAG

## Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri:

# Metaðsókn í Reiðmanninn

**Reiðmaðurinn er nám í reiðmennsku og hestafræðum sem fer fram á vegum endurmenntunar Landbúnaðarháskóla Íslands.**

Boðið er upp á nám til allt að þriggja ára sem er Reiðmaðurinn I, Reiðmaðurinn II og Reiðmaðurinn III – en nemendur útskrifast að loknu hverju ári fyrir sig. Í ár hefja tæplega 200 manns nám í Reiðmanninum sem er metfjöldi nemenda.

Randi Holaker reiðkennari er verkefnastjóri Reiðmannsins og hefur umsjón með náminu í samstarfi við Áshildi Bragadóttur, sem er endurmenntunar- og nýsköpunarstjóri hjá LbhÍ.

### *Heildstætt nám*

„Reiðmaðurinn er nám ætlað fróðleiksfúsum reiðmönnum og áhugafólki um reiðmennsku sem vill auka við þekkingu sína og færni í reiðmennsku, hrossarækt og almennu hestahaldi, en ekki síður fyrir þá reiðmenn sem vilja fara í þá vinnu að eflast sem manneskjur,“ segir Randi. Hún telur ástæðuna fyrir þessum miklum fjölda nemenda vera skemmtilegt og vel skipulagt nám. „Þetta er heildstætt nám þar sem farið er yfir breitt svið hestamennskunnar, hvort sem um ræðir fóðrun, hirðingu, sögu, reiðmennsku, kynbætur eða fimiæfingar. Það er lögð mikil áhersla á samheldni og hópefli. Nemendur í Reiðmanninum koma úr öllum áttum en hér tilheyra þeir ákveðnum hópi, samfélagi, þar sem allir hafa sama áhugamálið, hestamennskuna. Hver hópur fyrir sig eyðir miklum tíma saman, þau hvetja hvert annað áfram og standa saman sem gaman er að fylgjast með.“ Námið er bæði bóklegt




**Nemendur í Reiðmanninum koma úr öllum áttum en allir hafa þeir sama áhugamálið, hestamennskuna.**

og verklegt til allt að 19 eininga á framhaldsskólastigi (fein) og lýkur með sérstakri viðurkenningu frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Randi segir að reynslumikill hópur reiðkennara kenni Reiðmanninn víðs vegar um landið sem nemendur njóti góðs af. „Það er starfandi frábær reiðkennarahópur hér í Reiðmanninum, samtals 15 reiðkennarar, en án þeirra væri þetta nám ekki það sem það er í dag. Faglegir og flottir reiðmenn og reiðkennarar sem njóta mikilla vinsælda meðal sinna nemenda. Auk þess koma þó nokkrir gestakennarar að náminu.“

Hestamaðurinn og tamningameistarinn Reynir Aðalsteinsson, heitinn, átti hugmyndina að námi Reiðmannsins og kom því á laggirnar árið 2008 í samstarfi við LbhÍ. Fyrst um sinn var námið til tveggja ára en eftir því sem tíminn leið og nemendum fjölgaði hafi myndast eftirspurn eftir því að bjóða upp á meira nám.

„Þá var ákveðið að bæta við námi á þriðja ári sem var kallað framhaldsnámskeið og fljótlega vatt þetta upp á sig og námskeiðunum fjölgaði enn meir.Við höfum t.d. boðið upp á námskeið í fortamningum, frumtamningum og járn inganámskeið. Eftir áramót munum við bæta við keppnisnámskeiði sem mun enda á stóru Reiðmannsmóti þar sem keppt verður í mismunandi keppnisgreinum í mismunandi flokkum þar sem reiðkennari fylgir þeim eftir í keppni.“

### *Metnaðarfullir nemendur*

Námið er kennt víðs vegar um landið en í ár eru sex hópar sem stunda nám á 1. ári, fjórir hópar sem stunda nám á 2. ári og þrír hópar sem stunda nám á 3. ári. Kennt er í Kópavogi, Selfossi, Mið-Fossum, Hvammstanga, Sauðárkróki, Akureyri og Egilsstöðum svo nokkrir staðir séu nefndir. Randi segir að þeir nemendur sem sæki nám í Reiðmanninum séu metnaðarfullir og kröfuharðir.

„Við sem stöndum að náminu verðum að vera á tánum, nemendur eru metnaðarfullir og kröfuharðir og við reynum að vera dugleg að fá frá þeim mat á náminu. Við sendum t.d. út kannanir tvisvar á ári þar sem leitað er eftir endurmati, hvað er jákvætt og hvað mætti skoða betur sem við reynum að bregðast við eins og hægt er.“

### *Að bæta sig sem reiðmann*

Gróa Björg Baldvinsdóttir er ein þeirra sem hefur nám í Reiðmanninum í vetur. Gróa starfar hjá Terra sem framkvæmdastjóri sjálfbærni og menningar en auk þess situr hún í varastjórn Landssambands hestamannafélaga (LH) og í landsliðsnefnd LH. Gróa segir að hún hafi fyrst og fremst skráð sig í nám í Reiðmanninum til þess að auka við sína kunnáttu.

„Það hefur orðið svo mikil þróun í reiðmennsku og hestamennskunni undandarin ár að ég fann að það var kominn tími til að bæta við sig meiri þekkingu og kunnáttu og að bæta mig sem reiðmann. Ég var búin að heyra hvað þetta væri skemmtilegt nám og það heillaði mig líka þessi heildstæða nálgun – að í náminu fæ ég upplýsingar, kennslu og þjálfun um allt það helsta sem viðkemur hestamennskunni,“ segir Gróa að lokum. /ÞAG

Ný varanleg bogahýsi

Ódýr og hagkvæmur kostur fyrir geymslur og útihús sem uppfyllir byggingarreglugerðir



- Stöðluð hönnun, grunneining 5 x 6 m. - lengjanleg í 3 m. einingum
- Hurðargat á gafli 2,75 x 2,75 m.
- Í boði bæði einangruð og óeinangruð
- **Verð frá kr. 1.320.00 m/vsk.** fyrir 5 x 6 fm. bogahús

Nánari upplýsingar í gegnum tölvupóst hysi@hysi.is

HÝSI
BYGGJUM BETUR

Hýsi-Verkheimar ehf. | Smiðjuvegi 5, Kópavogi | Sími 497 2700
hysi@hysi.is | hysi.is | hysi.is


HONGQI
since 1958
GÆÐI OG GLÆSILEIKI
SÍÐAN 1958
HONGQI E-HS9
Verð frá: 9.990.000 kr.
ALLT AÐ 520 KM
DRÆGNI (WLTP*)
4X4
DRIF
ALLT AÐ 551
HESTÖFL
6/7
SÆTI
Dráttargeta 1.500 kg. 5 ára ábyrgð**
Komdu, skoðaðu og reynsluaktu nýjum Hongqi
*Uppgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vega hafa afgerandi áhrif á drægni rafbíla.
**Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.hongqi.is
ENNEMM / SÍA / NM018010
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
547 9100
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L


MHG
VERSLUN
Husqvarna á Íslandi
Husqvarna FS400
Gólfsög - Sögunardýpt 16,2cm
Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl
Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl
Husqvarna Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl
Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl
Husqvarna LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG
Husqvarna K770
Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm
Husqvarna K970
Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm
Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm
Husqvarna K7000 Ring
Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm
Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl
Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli
Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m2 - 40%halli
Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli
Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli
Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m2 - 40% halli
MHG VERSLUN | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogur | Sími 544 4656 | www.mhg.is

Í DEIGLUNNI

## Úrgangur:

# Ýmsar hugmyndir en minni framkvæmdir

## – Úrgangsstjórnun dýraleifa í algerum ólestri

**Úrgangsstjórnun dýraleifa hefur lengi verið vandamál hérlendis. Fyrirmynd er fyrir hendi á Norðurlöndum sem vel mætti styðjast við. Þar er urðun nánast óþekkt.**



Förgun dýraleifa, einkum úr áhættuflokkum 1 og 2, er viðvarandi vandamál. Ýmsir aðilar leita lausna og áform að mótast meðan Eftirlitsstofnun EFTA fylgist með í kjölfar dóms í fyrra. Mynd / ÁL

Athygli vakti þegar forsvarsmenn handverkssláturhúss að Seglbúðum í Landbroti sögðu í frétt í Bændablaðinu 7. september að svör þyrftu að fást við fjölmörgum spurningum um förgun á sláturúrgangi, þar sem ekki mætti urða lífrænan úrgang lengur. Farveg vantaði fyrir úrganginn, annan en 200 km dýran og varasaman flutning til kjötmjölsverksmiðju í Flóahreppi. Áður hefðu þau greitt fyrir flutning tíu km vegalengd að Stjórnarsandi þar sem sveitarfélagið sá um förgun. Fleiri eru í sömu eða svipuðum sporum.

Í Flóahreppi rekur Orkugerðin ehf. kjötmjölsverksmiðju og Molta ehf. í Eyjafirði moltugerðarstöð og á báðum stöðum m.a. nýttur svokallaður áhættulítill slátur- og kjötvinnsluúrgangur.

### *EFTA fylgist með*

Í minnisblaði Environice um ráðstöfun dýraleifa, þ.m.t. um ábyrgð sveitarstjórna og mögulegar úrvinnsluleiðir, sem Stefán Gíslason umhverfisráðgjafi vann fyrir Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og kom út í vor, segir að mikið af fyrrnefndum úrgangi sé enn urðað enda þótt engin heimild sé til þess í lögum. Þá fari mikið af áhættulitlum slátur- og kjötvinnsluúrgangi óméðhöndlaður til urðunar þrátt fyrir að hvorki Orkugerðin né Molta hafi verið keyrðar á fullum afköstum síðustu ár. Stafi það að einhverju leyti af lágri gjaldskrá urðunarstaða sem og því að yfirvöld hafi ekki fylgt eftir reglum um forvinnslu.

Í kjölfar ítrekaðra aðfinnsla Eftirlitsstofnunar EFTA sl. áratug, kvað EFTA-dómstóllinn í fyrra upp úr með að Ísland hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart samningnum um Evrópska efnahagssvæðið um meðferð dýraleifa. Er þá átt við að ekki hafi verið komið á viðeigandi kerfi til að meðhöndla dýraleifar með þeim hætti sem mælt er fyrir um í lögum, né eftirlitskerfi til að tryggja að þeim lagafyrirmælum sé fylgt.

Þá hafi íslensk stjórnvöld látið hjá líða að koma í veg fyrir að dýrahræ, sláturúrgangur af áhættuflokki 3 og úrgangur frá heimaslátrun séu urðuð á viðurkenndum urðunarstöðum án undangenginnar meðhöndlunar, svo og að koma í veg fyrir að dýrahræ og úrgangur frá heimaslátrun séu grafin á staðnum án þess að uppfyllt séu skilyrði reglugerða.

Sveitarfélög og einstakir rekstraraðilar bera þó ábyrgð á framkvæmdinni innanlands í samræmi við fyrirmæli stjórnvalda og eftirlitsstofnana.

### *Sitthvað í farvatninu*

Stefán segir í skýrslu sinni að enn sé verið að urða dýrahræ og fleiri dýraleifar sem óheimilt er að taka við á urðunarstöðum.

„Ég leyfi mér að trúa að minnisblaðið sem ég vann fyrir SSV hafi aukið skilning á því hversu óviðunandi núverandi ástand er og hvaða aðilar beri öðrum fremur ábyrgð á að koma þessum málum í ásættanlegt horf,“ segir Stefán. „Ég veit að í framhaldi af minnisblaðinu fór af stað mikil umræða, bæði innan sveitarstjórna, hjá landshlutasamtökum, sorpsamlögum, í ráðuneytum og í stofnunum ríkisins. Það tekur óhjákvæmilega einhvern tíma að koma upp aðstöðu og öðrum innviðum sem þurfa að vera til staðar, en ég gæti nefnt einhverja fjóra möguleika sem hafa verið til umræðu. Eitthvað af því er komið vel af stað í undirbúningsferli – og vonandi verður einhver einn af þessum möguleikum að veruleika innan þriggja ára eða svo. Svo er líka unnið að bráðabirgðalausnum sem er líklega ekki langt í að hægt verði að nýta,“ segir Stefán jafnframt.

Hin síðari ár hafa komið fram hugmyndir um rekstur sérhæfðra brennsluofna fyrir dýraleifar af áhættuflokki 1 og 2. Annars vegar á Strönd á Rangárvöllum, fyrir Suðurland og mögulega stærra svæði, og hins vegar í Stekkjarvík við Blönduós, fyrir Norðurland. Hvorug þessara hugmynda mun vera komin á framkvæmdastig. Þá hefur undanfarin misseri verið unnið að hugmyndum um líforkuver á Dysnesi norðan við Akureyri, í samvinnu Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra og Vistorku, einkahlutafélags í eigu Norðurorku, með fulltingi umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytis.

Í fyrsta fasa verkefnisins er horft til móttöku og vinnslu dýraleifa (hræja og áhættuvefja úr afurðastöðvum) til orkuvinnslu í kjötmjöl og fitu fyrir lífdísil.

### *Kalka gæti brennt meira magni dýraleifa*

Sorpbrennslustöðin Kalka í Helguvík í Reykjanesbæ er eina sorpbrennslustöð sem starfrækt er hérlendis. Hún má annast meðferð og brennslu dýraleifa en það er gífurlega orkufrekt, einkum vegna hás vatnsmagns í slíkum úrgangi.

Skv. úrgangsmælaborði Umhverfisstofnunar voru um 1.550 t af dýrahræjum urðuð án leyfis á viðurkenndum urðunarstöðum árið 2021 en sama ár brenndi Kalka 313 t af dýrahræjum og 85 t sláturúrgangs.

Meðhöndlun dýraleifa er þannig augljóslega í miklum ólestri á Íslandi. Fram kemur í skýrslu Environice að urðun hafi til þessa dags verið ein helsta ráðstöfunarleiðin fyrir dýraleifar hérlendis, bæði fyrir áhættuminni úrgang úr áhættuflokki 3 og áhættuúrgang úr áhættuflokkum 1 og 2. Engu að síður hafi fullnægjandi ráðstöfunarleiðir í raun verið tiltækar, annars vegar brennsla í Kölku og hins vegar vinnsla í Orkugerðinni og Moltu. Sláturleyfishafar reka sumir hverjir smærri brennsluofna til eigin nota fyrir aukaafurðir úr áhættuflokki 1, þá mest heila- og mænuvefi, þ.e.a.s. höfuð sauðfjár og nautgripa sem falla til í hverju sláturhúsi fyrir sig.

Til skoðunar er hvort Kalka geti tekið við meiru af dýrahræjum og hvort þar mætti finna leið til að farga dýraleifum í áhættuflokkum 1 og 2 frá í það minnsta Suðvesturlandi og Vesturlandi. Dýraleifar í áhættuflokkum 1 og 2 teljast til áhættuvefja sem gætu borið riðusmit eða sem grunur leikur á að beri smitsjúkdóma sem geta borist í menn eða önnur dýr, sem og sjálfdauð dýr.



Stefán Gíslason.

„Kalka uppfyllir að mínu mati öll skilyrði til að vera viðunandi bráðabirgðalausn fyrir áhættuflokk 1 og þann hluta af áhættuflokki 2 sem ekki eru til aðrar leiðir fyrir,“ bendir Stefán á. „Ég er þó ekki viss um að hægt sé að sinna öllu landinu þar. Til að hægt sé að nýta Kölku í þetta þarf þó að gera ráðstafanir varðandi flutning og geymslu dýrahræja, auk þess sem Kalka getur ekki bætt þessu á sig án þess að draga úr afköstum í annarri brennslu. Að mínu mati er Kalka eini aðilinn á landinu sem er í stakk búinn að sinna þessu hlutverki eins og staðan er í dag án þess að það kosti algjöra uppstokkun á starfsemi á viðkomandi stað.

Hins vegar sé ég Kölku ekki fyrir mér sem framtíðarlausn, aðallega vegna þess að þar er ekki aðstaða til að nýta dýraleifar á nokkurn hátt. Brennsla án orkunýtingar samræmist almennt ekki hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins.“ Hins vegar geti Kalka verið góð bráðabirgðalausn og síðan varalausn.

### *Módelið að finna á Norðurlöndum*

Stefán leggur til að „gripið verði til aðgerða til að tryggja að í stað urðunar verði öllum dýraleifum komið í vinnslu sem uppfylli lagakröfur og sé í anda hringrásarhagkerfisins. Í þessu skyni þurfi í fyrsta lagi að byggja upp kerfi fyrir söfnun, frágang og flutning dýraleifa frá búrekstraraðilum og vinnslustöðvum. Í öðru lagi að haga gjaldtöku þannig að hún fæli aðila ekki frá þátttöku og feli í sér flutningsjöfnun. Í þriðja lagi að byggja upp innviði sem afkasta því magni sem til fellur og samræmast áherslum hringrásarhagkerfisins. Í fjórða lagi að laga gjaldskrár og móttökuskilyrði urðunarstaða að þessu nýja fyrirkomulagi.“

Lagt er til að byggt verði á reynslu Norðurlandanna í þessum efnum. Þar sé söfnun, frágangur, flutningar og úrvinnsla dýraleifa í öllum aðalatriðum á höndum eins fyrirtækis í hverju landi og þau að mestu í eigu sláturleyfishafa og búrekstraraðila. Sveitarfélög virðast þar ekki koma að málum með beinum hætti, svo sem tengt eignarhaldi eða söfnun. Urðun sé á Norðurlöndum hart nær óþekkt og dýraleifum ekki fargað með brennslu nema í algerum undantekningartilfellum. Efni úr öllum áhættuflokkum sé þó nýtt til framleiðslu fitu og mjöls með mismunandi svið notkunar í samræmi við áhættu.

„Góðu fréttirnar eru að mínu mati þær að flestir aðilar sem að þessu koma virðast vera búnir að átta sig á því í grófum dráttum hvað þurfi að gera, enda auðvelt að sækja fyrirmyndir til Norðurlandanna. Ég vona að aðilum málsins takist að koma sér saman um eina lausn sem þjónar landinu öllu. Þarna þarf að forðast hrepparíg, þetta er fámennt land – og það kallar á náið samstarf til að tryggja sem besta niðurstöðu með sem minnstum tilkostnaði,“ segir Stefán að lokum.

*/sá*



# Husqvarna®

**HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.**

- **Steinsagir**
- **Kjarnaborvélar**
- **Jarðvegsþjöppur**
- **Sagarblöð**
- **Kjarnaborar**

**Þjónustuverkstæði og varahlutir**

***Husqvarna Trowel BG 245***
*Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm*

***Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög***
*Sögunardýpt 19 cm*

***Husqvarna DM230 Kjarnaborvél***
*150 mm Max*

***Husqvarna K770 14" Steinsög/Hellusög***
*Sögunardýpt 12,5 cm*

***Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa***
*97kg, 500 mm Plata*

***Husqvarna FS400 LV gólfsög***
*Sögunardýpt 16,2 cm*

***Husqvarna Rammer Hoppari LT6005***
*230mm Plata, 69 kg*

***Husqvarna K970***
*Sögunardýpt 15,5 cm*

***Husqvarna K4000 Steinsög***
*Sögunardýpt 12,5 cm*

***Husqvarna K3600 Vökvasög***
*Sögunardýpt 27 cm*

***Husqvarna K7000 Ring***
*Sögunardýpt 32,5 cm*

***Husqvarna K7000 Pre Cut***
*Sögunardýpt 14,5 cm*

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is



# Garðyrkja

## Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



**Allt frá fræjum til afurða**

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is

**Samhentir**



Karl Jónsson frá Bjargi að draga í Hrunaréttum.

Skeiðaréttir voru haldnar laugardaginn 9. september. Um fimm þúsund fjár voru í réttunum. Ægir Lúðvíksson tók þessa drónamynd. Mynd / Ægir L.

# Réttað í Hruna- og Skeiðaréttum

Hrunaréttir við Flúðir voru haldnar föstudaginn 8. september og gengu vel þrátt fyrir töluverða rigningu. Bændur og búalið létu það ekki slá sig út af laginu og gengu réttarstörf og rekstur heim eins og í sögu. Um 3.500 fjár voru í réttunum. Skeiðaréttir voru svo haldnar daginn eftir, eða 9. september, í blíðskaparveðri. Þar voru um 5.000 fjár í réttunum og mikill mannfjöldi. Allt gekk mjög vel fyrir sig. Magnús Hlynur Hreiðarsson var í báðum réttunum og fangaði stemninguna með meðfylgjandi ljósmyndum.



Jón K.B. Sigfússon mætti með myndavélina í Hrunaréttir 8. september en hér er hann með Þorsteini Loftssyni, bónda í Haukholtum.



Birna Þorsteinsdóttir á Reykjum, bæ í næsta nágrenni við Skeiðaréttir, stundum líka kallaðar Reykjaréttir.



Það voru allir brosandi í réttunum enda fátt skemmtilegra en að vera innan um skemmtilegt fólk.



Árni Þór Hilmarsson var hress í Hrunaréttum en hann er m.a. með töluvert af forystufé í Syðra-Langholti.



Gylfi Sigríðarsson í Steinsholti mætti flottur með hattinn sinn í Skeiðaréttir.



Þessar þrjár vinkonur voru vel gallaðar í rigningunni í Hrunaréttum en þetta eru, frá vinstri, þær Heiðdís Hanna frá Haukholtum, Sigrún frá Fossi og Kirsten, sem býr á Flúðum.



Fjallkóngur Skeiðarétta, Ingvar Hjálmarsson á Fjalli. Hann var ánægður með ástandið á lömbunum og fénu almennt.



Helgi Haraldsson frá Hrafnkelsstöðum í Hrunamannahreppi kom með tvo hressa Breta í réttirnar, sem voru að kynna sér íslenska sauðfjárrækt og kynnast réttarlífinu. Báðir hafa þeir unnið fyrir stjórnvöld í Bretlandi á sviði landbúnaðarmála.

# Tungurétt í Svarfaðardal

„Fé er orðið afar fátt í Svarfaðardal og á réttinni var eins og undanfarin ár mun fleira fólk en fé. Á Tungurétt kemur fé úr afrétti innst í Skíðadal, þangað er rekið fé í sumarhaga af nokkrum svarfdælskum bæjum og er þetta mikil menningarsamkoma,“ segir Friðrik Vilhelmsson sem tók meðfylgjandi myndir. /sá



Kristjana Arngrímsdóttir á Tjörn með Hrólfi, dóttursyni sínum.



Fé af afrétti innst í Skíðadal rennur að Tungurétt.



Friðrik Þórarinsson á Grund fylgist með sonarsyninum Hafþóri Loga að draga.



Gunnsteinn Þorgilsson á Sökku. Handtökin eru þrautþjálfuð.



Eskfirðingurinn Einar Sverrir Björnsson eltist við fé fyrir Tjarnalandsbónda.



Féð rennur í átt til réttar.

# Sandbrekkuafrétt í Hjaltastaðarþinghá

Heldur var blautt og kalt þegar réttað var úr Sandbrekkuafrétt 9. september. Svæðið liggur m.a. undir Dyrfjöllunum og segja Sólveig Björnsdóttir og Guðmundur Karl Sigurðsson, bændur í Laufási í Hjaltastaðarþinghá, að fimm afréttarsvæði séu í fjallgarðinum, þ.e.a.s. Ósfjall, Hrafnabjargarfjall, Sandbrekkuafrétt, Hraundalur og Hálsar. Þeirra fé gengur þó mestan partinn í heimalandi á láglendinu milli fljóta. Í Laufási er blandað bú sem telur tæplega 200 fjár á fóðrum og um 60 nautgripi í fjósi sem skiptist í mjólkurkýr, geldneyti og kálfa.

Nokkuð vel gekk að fá smala í þessa göngu og skipaðir 11 smalar í hana. Sumarið var að sögn hjónanna einstaklega gott, en lítil væta sem tafði nýtingu áburðar og sprettu. „Jörð var því orðin mjög þurr þannig að elstu menn muna vart lægri vatnsstöðu. Heyskapur gekk vel og heyfengur hjá okkur var meiri en í meðallagi og hey sæmilega góð.“ Bændum í hefðbundnum búskap hefur fækkað mjög á Úthéraði á undanförnum árum en þó er eitthvað af fólki að koma í sveitirnar sem sækir vinnu í þéttbýlið. Myndirnar tók Sólveig Björnsdóttir. /sá



Fé af Sandbrekkuafrétt er að jafnaði lagðprútt en vill helst fara sínar eigin leiðir. Sumt hefur það í áranna rás fremur hlaupið í Bjarglandsána en að láta fanga sig eftir sumarið.

# Melarétt í Fljótsdal

Um eða yfir 4.000 fjár er smalað til Melaréttar í Fljótsdal. Réttað var 17. september. Réttardagurinn fór vel fram enda margt um manninn og veitingasala, sögulestur, tónlist og handverk á boðstólum til að metta andann og svanga munna. Haldið var réttarball í Végarði um kvöldið, að vanda. Þorvarður Ingimarsson, ævinlega nefndur Varsi, er fjallskilastjóri í Fljótsdal.

Melarétt er úr hlöðnu grjóti sem tekið var úr Bessastaðaánni og þykir ekki gott hleðslugrjót. Reynt er að halda henni við jafnóðum og er hún falleg tilsýndar, þótt eigi til að hrynja úr henni, jafnvel þegar rekið er inn. Gunnar Gunnarsson tók myndirnar. /sá



Vöngum velt yfir mörkum: Hver er hvurs og hvurs er hvað?



Staðið fyrir svo féð renni rétta leið til Melaréttar.



Réttardagurinn er ævinlega gríðarlega skemmtilegur og auk bænda drífur að gesti sem eru mjög áhugasamir um fjárdráttinn.

## Hrossarækt:

# Mælingar hrossa utan kynbótasýninga

## – Gagnasafn WF grunnforsenda næstu framfaraskrefa



Þórdís Anna Gylfadóttir
thordisannag@gmail.com

**Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) hefur tekið upp þá nýjung að nú verður hægt að óska eftir mælingum á hrossum utan kynbótasýninga.**

Mælingamenn, starfsfólk RML, munu annast þær mælingar hérlendis. Mælingarnar verða skráðar og vistaðar í gagnabankanum, upprunaættbók íslenska hestsins, Worldfeng (WF).

Hægt verður að mæla hvort sem um ræðir kynbótahross, keppnishross eða hinn almenna reiðhest – en hrossin þurfa að sjálfsögðu að vera grunnskráð og örmerkt.

### *Öll mál skráð og vistuð*

Öll hefðbundin mál eru tekin, skráð og vistuð og verða þá öllum notendum WorldFengs aðgengileg. Einnig verður í boði að mæla eistnastærð stóðhesta. Athygli er vakin á því að þessar mælingar teljast þó ekki sem grunnur sköpulagsdóma á kynbótasýningum, þar sem öll hross skulu mælast á sýningarstað.

### *Nýtist mörgum vel*

Pétur Halldórsson, ráðunautur á búfjárræktarsviði RML, segir hugmyndina að þessari viðbót í WF hafa kviknað í störfum sínum á Landsmóti.

„Ég hef verið sýningarstjóri kynbótahrossa á Landsmóti í þó nokkur skipti, sem er frekar annasamt starf eitt og sér, en iðulega hef ég verið beðinn um að mæla einnig keppnishross á Landsmóti, þá hæð á herðar og lengd hófa svo þau séu lögleg í keppni.“

Pétur telur að þessi viðbót muni nýtast mörgum vel. „Eigendur keppnishrossa fá þarna tækifæri til að mæla sín hross enda eru reglur um hófalengd í keppni afleiða herðamáls.

Sömu reglur gilda um hófalengd hrossa í kynbótasýningum og gæti því nýst eigendum og þjálfurum trippa í tamningu og þjálfun fyrir fyrsta kynbótadóm mjög vel,“ segir Pétur.

### *Nýtist líka seljendum hrossa*

„Þessi nýjung ætti líka að nýtast vel seljendum hrossa, sem og væntanlegum kaupendum, þar sem ítarlegri upplýsingar um gripi liggja þá fyrir áður en kaup eru gerð. Stóðhestaeigendur geta líka nýtt sér þessa viðbót og óskað eftir mælingum á eistnastærð. Sá möguleiki skapar eigendum og ræktendum svigrúm til að huga að eistnaheilbrigði ungra hesta í tíma,“ bætir hann við.

### *Verðmæti í gögnum WF*

Pétur segir að annar stór ávinningur með þessari viðbót og auknum mælingum sé sá að með þessum hætti er gögnum safnað um hross sem alla jafna koma ekki til kynbótasýninga. „Þarna fáum við tækifæri til að safna saman enn meira af gögnum sem geta m.a. nýst til rannsókna í framtíðinni. Mikil verðmæti eru fólgin í þeim gögnum sem WF býr yfir og þau aukast dag frá degi. Það mun koma enn betur í ljós á næstu árum þegar farið verður að meta DNA og arfgerðarsýni í leit að erfðavísum sem tengjast ákveðnum eiginleikum og ýmislegt fleira – svo spennandi að mig setur algerlega hljóðan.

Gagnasafn WorldFengs er grunnforsenda þeirra framfaraskrefa sem næst verða stigin,“ segir Pétur að lokum.

Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðu RML, www.rml.is.



**Hér má sjá Guðrúnu Hildi Gunnarsdóttur við mælingar á hrossum á Hólum síðastliðið sumar.** Mynd / Aðsend




# Dyggur lesandi !



**Á myndinni hér að ofan er Dagbjartur Sigurbrandsson með tálgaða eftirmynd af sér með Bændablaðið í höndunum. Er hún gerð af Reyni Sveinssyni, félaga hans, og ber handbragðið glöggt vitni bæði um nákvæmni og hagleik.**

Eru þeir í félagsskap sem hittist vikulega í kaffi í Breiðholtinu og á útgáfudögum Bændablaðsins hefur Dagbjartur það fyrir venju að taka með sér eintök og afhenda félögum sínum.

Er Dagbjartur dyggur lesandi Bændablaðsins, en hann leit við á skrifstofu blaðsins á dögunum til að sækja tölublað sem vantaði í safnið.

Tálgun og útskurður úr tré hefur löngum átt hug hagleiksmanna okkar þjóðar, oftar en ekki úr nytjavið íslenskrar náttúru.

Eru heimildir langt aftur í sögu okkar Íslendinga sem bera vott um haganlega útskorna og tálgaða hluti, allt frá nytjagripum til skrautmuna. */Ritstjórn*

# HAUSTTILBOÐ

## 10% afsláttur af völdum gestahúsum

Hágæða gestahús sérframleidd fyrir íslenskar aðstæður.
Sérvalin hægvaxta fura. Allt efni tilsagað og heflað.

Bjálkinn er 44 mm með tvöfaldri nót. Gólf er í öllum húsunum með 18 mm gólfklæðningu. Tvöfalt gler er í gluggum og hurðum.



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GESTAHÚS 14,5 m²

45% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

**GESTAHÚS og GARÐHÚS** sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

völundarhús.is
*Vel valið fyrir húsið þitt*

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

Staðgreiðslu lán | VISA Lán



GESTAHÚS SKY15-44 14,9 m²



GESTAHÚS SKY14-44 14,44 m²



GESTAHÚS SKY12-44 12 m²



SVEFNKOFI 11 m²

www.volundarhus.is

VH/23-02

# Vélar og tæki frá FK Machinery eru hjá H. Hauksson

H. HAUKSSON EHF.

**Rúllugreip**
með keflum og spjótum



**Verð kr.** 247.000 með vsk.

**Faðmgreip**



**Verð kr.** 235.000 með vsk.

**Stórbaggagreip**



**Verð kr.** 343.000 með vsk.

**Rúllugreip**
með þrítengi



**Verð kr.** 99.000 með vsk.

**Brettagaflar**
með handfærslu



**Verð kr.** 189.000 með vsk.

**Brettagaflar**
með vökvafærslu



**Verð kr.** 263.000 með vsk.

**Flaghefill**
300cm breiður

Með vökvatjakki
og stuðningshjólum



**Verð kr.** 849.000 með vsk.

**Taðkvísl**
170cm breið



**Verð kr.** 272.800 með vsk.

**Taðkló**

**140cm breið**
Verð kr. 278.000*
**160cm breið**
Verð kr. 314.000*
**180cm breið**
Verð kr. 345.000*



*verð með vsk.

H. Hauksson ehf. | Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

## Stjórnvöld:

# Of hægt miðar í heimsmarkmiðum

## – Landrýniskýrsla sýnir fram á óþrjótandi verkefni

**Leiðtogafundur um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (SÞ) var haldinn í vikunni í New York. Tilefni hans var að knýja á um hraðari framkvæmd markmiðanna til ársins 2030. Gildistími heimsmarkmiðanna er nú hálfnaður.**

Aðildarríkjum gefst tækifæri til að leggja fram og kynna svokallaðar landrýniskýrslur, þar sem greind er staða og aðgerðir í þágu heimsmarkmiðanna. Í nýjustu íslensku skýrslunni er mat stjórnvalda á stöðu landsins gagnvart markmiðunum og til samanburðar stöðumat frjálsra félagasamtaka, auk fleiri kafla. Staða Íslands og vinna í þágu heimsmarkmiða (SÞ) var kynnt á árlegum leiðtogafundi (HLPF) um heimsmarkmiðin í sumar sem leið. Sagði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra við það tækifæri að Ísland hefði tekið nokkur afgerandi skref frá því síðasta stöðuskýrsla var kynnt árið 2019. Mætti þar til dæmis nefna stofnun Sjálfbærs Íslands og sjálfbærniráðs. Á þeim vettvangi stæði yfir vinna við mótun innlendrar stefnu um sjálfbæra þróun og ætti að ljúka fyrir árslok 2023.

Hér eru skoðuð 4 af 17 heimsmarkmiðum í ljósi íslensku landrýniskýrslunnar frá í sumar.

### *Heimsmarkmið 6: Hreint vatn og hreinlætisaðstaða*

Í heimsmarkmiði nr. 6 er helsta áskorunin talin vera mikil þörf á endurbótum á fráveitukerfi um allt land. Einnig að endurheimta enn frekar framræst votlendi og draga þannig úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Næstu skref séu að bæta hreinsun skólps með lagabreytingum svo að stjórnvöld geti tekið þátt í kostnaði við nauðsynlegar fráveitubætur í sveitarfélögum um land allt. Byggja þurfi upp hreinlætisaðstöðu á ferðamannastöðum samkvæmt landsáætlun um uppbyggingu innviða. Framkvæma þurfi aðgerðaáætlun um endurheimt vistkerfa.

**Tilmæli til stjórnvalda:**

- Krefjast þess að fyrirtæki birti upplýsingar um vatnsnotkun og áhrif sín á vatnsból í ársskýrslum.
- Setja á fót upplýsingagátt fyrir nafnlausar tilkynningar um vatnsmengun.
- Draga úr losun næringarefna í landbúnaði.
- Stefna að því að ná SDG 6.6 [að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þar á meðal fjöll, skóga, votlendi, ár, vatnsleiðandi jarðlög og vötn, innsk.blm.] á skilvirkan og sjálfbæran hátt. Styðja enn frekar við markmið stjórnvalda um kolefnishlutleysi og líffræðilegan fjölbreytileika.
- Endurheimta votlendi þar sem við á.
- Halda áfram að gera vatns- og hreinlætismál að forgangsverkefni í þróunarsamvinnu, sérstaklega í tengslum við fæðuöryggi, sjálfbærni og loftslagsbreytingar.

### *Heimsmarkmið 7: Sjálfbær orka*

Helstu áskoranir varðandi sjálfbæra orku er að hlutur jarðefnaeldsneytis hefur minnkað jafnt og þétt í orkubúskap landsins undanfarna áratugi og stjórnvöld settu sér það markmið að Ísland yrði óháð jarðefnaeldsneyti árið 2050 með orkuskiptum á öllum sviðum: í lofti, á landi og á sjó.

Enn fremur er stefnt að því að endurnýjanlegir orkugjafar í samgöngum verði að minnsta kosti 40% árið 2030 og full orkuskipti í samgöngum 2040. Jafnframt er talin áskorun að tryggja örugga orkuöflun um land allt á öllum tímum náttúruhamfara, t.a.m. af völdum veðurs, jarðskjálfta og eldgosa.

Unnið er að úrbótum á orkuafhendingarkerfum í kjölfar ítrekaðra truflana undanfarin ár.

Næstu skref eru sögð vera stækkun nets rafbílahleðslustöðva um landið og að ljúka orkuskiptum í samgöngum, ásamt því að styðja áfram við orkuskipti á landi, á sjó og í flugi. Auka þurfi sjálfbæra orkuframleiðslu til að mæta þeirri orkuþörf sem hlýst af algerum orkuskiptum.

**Tilmæli til stjórnvalda:**

- Auka gagnsæi upplýsinga um orkunotkun til að draga úr orkusóun.
- Styðja við nýsköpun í grænni orkuframleiðslu.
- Tryggja sem besta nýtingu núverandi orkugjafa.
- Tryggja að græn orka sem framleidd er á Íslandi sé ekki notuð til ósjálfbærrar framleiðslu.
- Halda áfram að leggja áherslu á og tryggja þekkingu Íslands á orkuvinnslu í þróunarsamvinnu.




### *Heimsmarkmið 12: Ábyrg neysla og framleiðsla*

Ísland stendur frammi fyrir miklum áskorunum varðandi að ná markmiðum um sjálfbæra neyslu og framleiðslu, sbr. heimsmarkmið 12. Landið er með eitt hæsta stig landsframleiðslu á mann í Evrópu, sem er 19% yfir meðaltali ESB.

Ísland á langt í land með að draga úr myndun úrgangs, en aðeins 26% af heimilisúrgangi eru endurunnin. Ísland skortir innviði til að endurvinna megnið af heimilisúrgangi sem þýðir að hann er að mestu fluttur úr landi. 12% af byggingarúrgangi fer til urðunar en á að vera komið niður í 5% árið 2030.

Næstu skref eru að koma í veg fyrir losun og urðun lífræns úrgangs með öðrum úrgangi. Lífrænn úrgangur verði notaður til jarðgerðar. Áfram verði veitt fjármagni til verkefna sem stuðla að hringrásarhagkerfinu.

Ríkið marki sér stefnu um að fjármagna fræðsluefni um sjálfbærni fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla.

**Tilmæli til stjórnvalda:**

- Taka upp sjálfbært efnahagskerfi, eins og „kleinuhringjahagfræðilíkanið“ sem mælir velferð landsins umfram landsframleiðslu.
- Hvetja til sjálfbærrar neytendahegðunar með fræðslu, með því að bæta vöruupplýsingar og -merkingar og tryggja sanngjarna verðlagningu.
- Innleiða rétt til „viðgerðarstefnu“ (e. repair policies) líkt og í öðrum ESB-löndum og bjóða upp á hvata fyrir viðgerðarhæfar vörur, þar með talið sérstaka skattaívilnun á neysluskatt (VSK) fyrir allar notaðar og viðgerðarhæfar vörur.
- Þróa einkunnakerfi fyrir bíla út frá mengunaráhrifum þeirra og skattleggja þá í samræmi við það. Takmarka auglýsingar fyrir bíla með lága einkunn. Endurvinna alla hluta bíla og hætta að urða það sem ekki eru úr málmi.
- Rannsaka langtímaáhrif úrgangsurðunar á Íslandi.
- Þróa staðlað lífsferilsmat fyrir aðfangakeðjur og búa til stefnur og
- áhrif fyrir fyrirtæki sem uppfylla ekki slíkar viðmiðunarreglur um sjálfbærni.
- Setja í lög að heimila einungis innflutning á vörum með tiltekna viðgerðarhæfni og
- bjóða upp á einfaldaðar upplýsingar fyrir neytendur til að auðvelda þeim að taka upplýstar ákvarðanir.
- Stuðla að framleiðslu á sjálfbærum, hágæða innlendum landbúnaðarvörum.
- Hafa hnattræna vitund, réttlæti og virðingu fyrir takmörkum náttúrunnar í forgangi í alþjóðlegum viðskiptasamningum.

### *Heimsmarkmið 15: Líf á landi*

Líf á landi er 15. heimsmarkmiðið. Helstu áskoranir í þeim efnum er barátta gegn veðrun, hnignun gróðurs og eyðimerkurmyndun í yfir öld þó að framfarir hafi vissulega orðið. Tryggja þarf sjálfbæra landnýtingu og endurheimta vistkerfi. Aðeins 1,5% af Íslandi er þakið skógi, 23% eru gróður og 63% af flatarmáli Íslands eru talin eyðimörk.

Mikilvægt er að efla vinnu við að hefta útbreiðslu ágengra tegunda og finna leiðir til að koma í veg fyrir innflutning á nýjum framandi tegundum sem geta reynst ágengar.

Næstu skref væru að hrinda í gang framkvæmdaáætlun um jarðvegs- og skógræktarvernd og að kynna aðgerðir varðandi vinnu samkvæmt nýundirritaðri yfirlýsingu um verndun líffræðilegrar fjölbreytni 30% af land- og hafsvæðum.

**Tilmæli til stjórnvalda:**

- Viðhalda og auka framlög til rannsókna og vöktunar á náttúru og lífríki Íslands, sem og til náttúruverndar og fjölgunar landvarða.
- Vernda 30% landsvæða með því að koma á fót hálendisþjóðgarði og öðrum þjóðgörðum.
- Uppfylla b-hluta náttúruverndarskrár í samræmi við vísindalegar ráðleggingar.
- Endurheimta rýrð vistkerfi, svo sem birkiskóga og votlendi.
- Uppfæra lista yfir ágengar tegundir í vistkerfum á landi, framkvæma mat á áhrifum,
- Innleiða tegundaverndaráætlanir fyrir allar friðlýstar tegundir.
- Banna veiðar á fugla- og spendýrategundum á válista.
- Kortleggja, fylgjast með og innleiða verndaráætlanir fyrir mikilvægar innlendar tegundir í vistkerfum á landi. /sá






**FRÆÐSLA**



Riðusjúk kind. Sjúkdómurinn barst til Íslands 1878. Mynd / Úr safni

# Hvað er ... riða?

**Riða er langvinnur og ólæknandi smitsjúkdómur sem veldur svampkenndum hrörnunarskemmdum í heila og mænu í sauðfé.**

Smitefnið er afar lífseigt prótein nefnt príon eða PrP. Skaðvaldurinn er hvorki baktería né veira. Í flestum vefjum dýra myndast heilbrigð príon, sem eru bundin við yfirborð frumna, mest við yfirborð taugafrumna í heila. Riðupríon heldur að mestu sömu efnasamsetningu og eðlilegt príon en hefur aflagast. Riðupríon fjölga sér með því að laga heilbrigð príon eftir sinni eigin mynd. Einkennin byrja að koma fram þegar skemmdir í heilanum magnast.

Mjög langan tíma getur tekið að greina riðu eftir að kind sýkist. Talað er um kláðariðu, taugaveiklunarriðu eða lömunarriðu, eftir því hvaða sjúkdómseinkenni eru mest áberandi. Einkennin geta verið mismunandi frá degi til dags og getur sami gripur sýnt einkenni úr fleiri en einum einkennaflokki. Kindur geta bráðdrepist án þess að hafa sýnt nokkur einkenni, eða lifað langa ævi án þess að veikin komi fram. Sjúkdómurinn getur valdið miklum kvölum í sumum tilfellum.

Meðal einkenna eru þrálátur kláði í höfði, aftanverðu baki, síðum og víðar. Sauðféð getur verið styggt og haldið sig til hlés, ásamt því að titra og gnísta tönnum. Jafnframt geta kindurnar misst stjórn á hreyfingum sem sést á því að þær sletta fótum til í gangi, bera fætur hátt og liggja mikið.

Helstu smitleiðir eru í gegnum munn en getur líka borist í gegnum sár á meðgöngu. Smit getur borist á milli bæja með lifandi kindum, skít, áhöldum og heyi. Mesta smithættan er þegar kindur eru innandyra á sauðburði þar sem smitefnið í hildum og legvatni er margfalt á við aðra líkamsvessa og -vefi. Á svæðum, eins og á Norðurlandi, þar sem riða hefur verið landlæg í áratugi, leynist smitefni víða í jarðveginum. Því getur riða komið upp á bæjum sem hafa verið lausir við sjúkdóminn í áratugi.

Engin aðferð er viðurkennd hérlendis til að staðfesta sjúkdóminn í einkennalausum lifandi gripum, þó aðferðir til þess séu í þróun. Því er enn nauðsynlegt að rannsaka heilavef til að skera úr um riðusmit. Engin lyf eða bóluefni eru til við sóttinni, en miklar vonir eru bundnar við útbreiðslu erfðabreytileika með mótstöðu gegn riðu.

Fyrstu heimildir um riðu eru frá 1732, en mun hún þá hafa verið þekkt á Bretlandseyjum og nokkrum stöðum í Evrópu. Þaðan hefur hún breiðst um mest allan heim, en vitað er að hún finnst ekki í Ástralíu, Nýja-Sjálandi og á Grænlandi.

Riðan er talin hafa borist til Íslands með enskum hrúti af Oxfordshire Down kyni, sem var keyptur að Veðramóti í Skagafirði árið 1878. Þetta er eitt besta ullarkyn sem völ er á og stóð til að kynbæta íslenska stofninn með þessum innflutningi. Útbreiðslan varð mjög hæg fyrstu 75 árin og afmörkuð við Mið-Norðurland.

Um miðja 20. öld fór riðu að verða vart víðar um land, sem mátti oft rekja til fjárskipta vegna annarra sjúkdóma eða heyflutninga af riðusvæðum. Mikil útbreiðsla komst á sjúkdóminn á áttunda og níunda áratugnum, en hefur hún greinst í öllum landshlutum, nema á mjög afmörkuðum svæðum. Riða getur ekki borist í fólk. /ÁL

*Heimildir: Dýralæknatal, búfjársjúkdómar og saga (bls. 356-366); Keldur; MAST; Karólína Elísabetardóttir.*




DFSK Arctic Transport 100 % Rafmagnsbíll
Burður 1280kg

TILBOÐSVERÐ 3.500.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ"










# Nautakjötsæta gerist nautgripabóndi

## – Stundar jarðvegsbætandi landbúnað með markvissri beitarstýringu í beitarhólfum

**Ævar Austfjörð og kona hans, Ása Sif Tryggvadóttir, hófu búskap á Hlemmiskeiði 1 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fyrir um þremur árum. Þau stunda þar nauta-, svína- og alifuglaeldi undir berum himni og stýra beitinni með hólfum sem römmuð eru af með rafmagnsstrengjum – og er aðferðin hugsuð sem umhverfisvæn leið til jarðvegsbóta fyrir landið. Áður en þau settust að á Hlemmiskeiði höfðu þau enga reynslu af sveitabúskap.**



Ævar Austfjörð með nautgripina sína.

Myndir / smh

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



„Það var konan sem stakk upp á þessu og svo tók það ekki nema um fjóra mánuði að flytja hingað eftir að við vorum búin að taka ákvörðun,“ segir Ævar spurður um aðdragandann að því að þau gerast bændur á Skeiðunum. Hann er einn af áhrifavöldunum í 4.500 manna samfélagi fólks sem kallast Carnivore Tribe-kjötætur og er heiti á Facebook-síðu sem Ævar stofnaði fyrir sex árum. Sjálfur hefur hann lifað samkvæmt þessum lífsstíl í um sjö ár.

*Neytir eingöngu dýraafurða*

Á Facebook-síðunni skiptist fólk á skoðunum og deilir hugðarefnum sínum, en síðan er hugsuð fyrir fólk sem hefur áhuga á að neyta kjöts og/eða annarra dýraafurða eingöngu. Þar með sneiða hjá plöntuafurðum hvort sem það er gert af heilsufarsástæðum eða fyrir forvitnissakir – til lengri eða skemmri tíma. Ævar leggur sjálfur helst eingöngu feitt nautakjöt sér til munns – vegna þess að honum líður einfaldlega best af því og hann verður lengur saddur af því en til dæmis kjúklingi eða fiski. Spurður um hvort ákvörðunin um að gerast nautgripabóndi hafi verið öðrum þræði til að geta á hagkvæman hátt orðið sér úti um gæða nautakjöt á góðu verði, segir hann að það hafi vissulega spilað inn í.

„Það er í það minnsta ljóst að það fara um tveir nautsskrokkar ofan í mig á hverju ári og þá nýt ég góðs af því að framleiða kjötið ofan í mig sjálfur.“

*Dýravelferð og umhverfisvernd*

Þá má ímynda sér að Ævar sé í lykilstöðu til að markaðssetja afurðirnar í gegnum íslenska carnivore-samfélagið, en hann segist lítinn ávinning hafa haft af því enn þá. „Ég held að ég hafi enn ekki átt í beinum viðskiptum í gegnum það samfélag, ætli það vefjist ekki fyrir fólki að þurfa að kaupa að lágmarki fjórðung skrokks.

En ég kvarta ekki yfir markaðsstöðunni því ég sel mínar afurðir löngu áður en kemur til slátrunar. Ætli það sé ekki hægt að segja að mínir kúnnar séu aðallega fólk sem vill kjötvöru þar sem vel hefur verið hugsað um skepnurnar út frá dýravelferðarsjónarmiði og á umhverfisvænan hátt,“ segir hann.

*Skítkast frá umhverfisverndarsinnum*

„Þegar ég byrjaði að láta á mér bera og segja frá þessum lífsstíl mínum fyrir um sex árum þá fékk ég yfir mig alls konar skítkast – ekki síst fékk ég harða gagnrýni frá umhverfisverndarsinnum sem fannst ótækt að borða svo mikið nautakjöt því það stuðlaði að svo mikilli losun gróðurhúsalofttegunda. Þess vegna mætti segja að það að gerast nautgripabóndi hafi verið einhvers konar viðbragð hjá mér við þessum ásökunum.

Ég fer að leita fyrir mér á netinu um hvað sé raunverulega satt varðandi búfjárhald og losun á gróðurhúsalofttegundum og það kemur fljótlega í ljós að það sem kemur yfirleitt upp á yfirborð umræðunnar eru stefnur sem hafa verið mótaðar, frekar en vísindi sjálf. Þá er ég ekki að segja að stefnur byggi ekki á vísindum heldur það að ekki er endilega verið að styðjast við bestu vísindin til að móta stefnur. Frekar að þá er notað það skásta sem styður viðkomandi stefnu sem búið er að móta,“ segir Ævar spurður um almenningsálitið sem kannski er ekki alltaf hliðhollt miklu kjötáti.

„Það er að mörgu að hyggja í þessum útreikningum líka varðandi losun. Módelin sem lögð eru til grundvallar eru oft mjög ónákvæm og með mikil skekkjumörk. Það hefur líka truflað mig í þessari umræðu að landnýtingin er oft ekki tekin inn í myndina, sjálf kolefnisbindingin sem verður á ræktuðu landi – heldur bara sjálfur útblástur dýranna. Svo eru hagsmunaaðilar víða sterkir áhrifavaldar í stefnumótun og stjórnun umræðu.“

*Árangur af beitarstjórnuninni*

„Ég sé mikinn árangur strax af minni beitarstjórnun, það spretta nýjar plöntur í landinu og landgæðin hjá mér batna þó það gerist ekki hratt. Í jarðveginum er mikið magn fræja sem vakna til lífsins við ágang nautgripanna – og svo kemur náttúrulegur sjálfbær áburður úr þeim,“ segir Ævar þegar hann er spurður um hvort einhver árangur sé sjáanlegur á öðru ári.

„Ég verð nú svo sem ekkert mikið var við að bændur hér í nágrenninu séu að spá mikið í hvað við erum að gera. En reyndar komu nokkrir til mín á réttardeginum um daginn og voru þá mjög uppteknir af því hvað þetta hlyti að vera tímafrekt, þessi aðferð sem við notum í skiptibeitinni. Og þeir spurðu hvernig ég nennti þessu hreinlega. Staðreyndin er reyndar sú að þetta er mjög lítil fyrirhöfn, við þurfum reyndar að færa strengina til tvisvar sinnum á sólarhring, til að hleypa gripunum inn á nýtt beitiland, en það tekur í mesta lagi 45 mínútur í hvert skipti.

Núna erum við með tvö beitarhólf fyrir annars vegar svínin og hins vegar nautgripi. Við vorum líka með kjúklinga í svona fyrirkomulagi en það er búið að slátra þeim hópi. Ég er með 24 nautgripi í tveimur hollum, sem þýðir að 11 fara í slátrun núna í haust en hinir 13 fara á næsta ári. Ég byrjaði hins vegar með sex naut í eldi, á meðan ég var að prófa mig áfram. Hugmyndin er að slátra alltaf 12 á ári sem landið mitt ber, en það er fjórtán og hálfur hektari. Við sendum frá okkur sex naut til slátrunar í fyrra og tíu grísi. Núna erum við með 17 grísi.“

*Langur beitartími*

Ævar segir að þegar ekki er lengur beit að hafa, séu nautin tekin á heimatún og þeim gefið hey, sem hann kaupi af nágrönnum sínum á Hlemmiskeiði – sem vill svo vel til að eru kúabændur.

„Þessi beitarstjórnun sem ég nota, kallar bandaríski ráðgjafinn minn „adaptive grazing“, sem þýðir að ég met það bara hverju sinni hversu mikið pláss ég gef þeim í það skiptið. Get þrengt að þeim ef ég vil láta þá éta meira af því sem er á svæðinu, eða stækkað ef ég vil að þar sé étið minna. Ef svæðið er lítið éta þeir að jafnaði lélegra fóður og meira tréni en ef það er stærra geta þeir frekar valið það sem þeim þykir betra og þá fá þeir jafnan kröftugra fóður.

Núna snýst þetta dálítið um að passa upp á að þeir éti ekki alveg niður í rót og það sé skilin eftir hlíf fyrir veturinn.

Beitartíminn hjá mér í fyrra var mjög langur; alveg frá 26. apríl til 7. nóvember. Gaf þeim hey í meðgjöf fyrstu tvær vikurnar. En þegar ég byrjaði var mér sagt að það væri útilokað að vera með þá á beit meira en þrjá mánuði. Núna eru þeir búnir að vera á beit frá 18. maí og svo framarlega sem ekki fari hér allt á kaf í snjó eða 20 stiga frost skelli á, þá á ég beit fyrir þá fram að jólum. Landgæðin eru enn frekar í lakara lagi þó þau hafi skánað. Það er farið að kólna og allt gras sem þeir eiga eftir að bíta er mest allt skriðið þannig að það er minna næringarinnihald – þannig að núna er ég byrjaður á því að gefa þeim bjórhrat sem ég fæ úr bruggverksmiðju í Vestmannaeyjum. Þeir fá um 7–800 grömm á hvern haus á dag – og það bætir líka meltinguna hjá þeim.“

*Beint frá býli*

Ævar selur allar sínar afurðir beint frá býli, en reyndar í gegnum samfélagsmiðla. „Ég læt vinna allt mitt kjöt hjá Villt og alið á Hellu. Síðan er það sent beint til viðskiptavina og raunar koma afurðirnar ekki til okkar á bæinn eftir að gripunum hefur verið slátrað. Þannig við erum ekki með neinn lager hér, enda komast færri að en vilja í vörurnar okkar. Við erum fyrir löngu búin að selja til dæmis svín og nautgripi sem fara í slátrun núna á næstu vikum.“

Hann er sáttur við afurðaverðið, segist fá að meðaltali 1.200 krónur á kílóið fyrir skrokkinn. „Það er bara hæsta afurðastöðvaverð. Ég er með þannig viðskiptavini sem vilja þessa vöru í raun alveg sama hvað hún kostar. Ég held að enginn hafi spurt mig að verði þegar ég seldi síðast. Þeir kjósa þá frekar að kaupa af bónda sem hugar sérstaklega að gæðum, dýravelferð og umhverfismálum.

Svínaeldið er ekki eins hagkvæmt og nautaeldið, þau þurfa um 30–40 prósent meira fóður og verðið fyrir svínakjötið hefur ekki verið eins hátt. En líklega sel ég það næst bara á sama verði, enda eru þessar vörur í alveg sérstökum gæðaflokki.“

*Hagkvæmur búrekstur með litlum tilkostnaði*

„Þannig að ég er bara mjög sáttur við mitt, ég hef búið mér til nokkuð hagkvæman búrekstur með litlum tilkostnaði.

Ég er að fá nautskrokka eftir 20 mánaða eldi sem eru með svona 200 til 220 kílóa fallþunga. Sem er bara mjög gott í þessu kerfi mínu. Ég vil ekki hafa þá of þunga því þá fara þeir bara illa með landið þegar það er viðkvæmt. Þegar þeir fara í sláturhúsið þá eru þeir búnir að éta minna en fjórar rúllur af heyi hver. Þannig að kostnaður minn við eldið er auðvitað mjólkurtímabilið sem eru þrír mánuðir á kálfafóðri og ein rúlla ofan í hollið á þessum mánuðum. Svo fara minna en fjórar rúllur ofan í þá þennan heila vetur. Annars eru þeir bara á beit





**Svínaeldið er ekki eins hagkvæmt og nautaeldið, en alla 17 gripina, sem eru fljótlega á leið í sláturhús, er búið að kaupa í forpöntun. Ævar segir að hann muni líklega hækka verðið á þeim þar sem þetta séu eftirsóttar og einstakar svínakjötsafurðir.**

og sækja sér sitt fóður sjálfir. Þetta er kostnaðurinn, kannski 40 þúsund á hvern grip þessa fyrstu mánuði og svo kannski önnur 40 þúsund þessar fjórar rúllur. Afurðirnar eru svo seldar á toppverði.

Mér finnst almennt í íslenskum landbúnaði að það mætti huga meira að því hvernig hægt er að gera hlutina á hagkvæmari hátt. Þetta stendur vel undir sér og gott betur, meira segja í grein landbúnaðarins sem hefur átt undir högg að sækja að undanförnu," segir Ævar.

Hann bætir við að í stað þess að kalla stöðugt eftir meira fjármagni inn í landbúnaðinn mætti huga meira af því að gera hann sjálfbærari og þar með arðbærari. „Það er unnið að því leynt og ljóst að minnka kjötneyslu og kjötframleiðslu. Ef afkoma bænda þarf að treysta á ríkisstyrki verður lítið mál að skikka þá til að hætta eins og verið er að gera til dæmis í Hollandi og Írlandi. Ég vil alls ekki gagnrýna bændur fyrir að beita þeim aðferðum sem þeir hafa lært en allir ættu að vera opnir fyrir að skoða nýjar leiðir. Ég held að aðalástæðan fyrir því að þessum svokölluðu „regenerative" aðferðum sé ekki haldið að bændum sé sú að það græðir enginn á þessu nema bóndinn því það er minni olíunotkun, minni áburðar og plastnotkun og svo er þetta líka minni vinna samkvæmt þeim sem hafa stundað hvort tveggja."

### *Þrálátar bólgur*

Ævar segist hafa byrjað að prófa að borða bara dýraafurðir áður en hann vissi til þess að sá lífsstíll væri flokkaður sérstaklega sem carnivore. Hann var búinn að vera að glíma við þrálátar bólgur í líkamanum og lífsstílskvilla. „Ég hafði náð sæmilegum árangri með lágkolvetna mataræði og svo var það bara eðlilegt framhald fyrir mig þegar mér bauðst að taka þátt í erlendri rannsókn fyrir að verða sjö árum, þar sem átti að kanna áhrif þessa mataræðis á líkamann.

Þegar ég hafði verið á þessu mataræði í um tólf daga rann það upp fyrir mér að ég var hættur að haltra. Mér leið svo vel af þessu að ég hef haldið þessu áfram. Blóðprufur hafa líka staðfest mjög jákvæð áhrif af mataræðinu á líkamann."

### *Faraldsfræðilegar rannsóknir byggðar á veikum grunni*

„Ég borða helst eingöngu nautakjöt en lambakjöt líka sem ég þarf þó aðeins meira af, en auðvitað er þetta ekki heilagt. Ef það er matarboð hjá okkur þá borða ég það sama og gestirnir. En ég hef bara komist að því að það sem heldur mér í besta ástandinu líkamlega er nautakjöt – og sem feitast. Mér þykir kjúklingur og svínakjöt bragðgóður matur – og fiskur líka – en ég þarf að borða talsvert meira af því til að halda líkamanum góðum og stöðugum," segir Ævar um sínar matarvenjur. Hann er tortrygginn á rannsóknir sem eiga að sýna fram á skaðsemi nautakjötsáts. „Oft eru þessar rannsóknir byggðar á mjög veikum grunni, gjarnan faraldsfræðilegar sem eru þess eðlis að hægt er að finna allt í þeim sem þú leitar að. Þú verður bara að passa þig á því að leita ekki að því sem þú vilt ekki finna."

Hann segir að yfirlýsingin sem kom frá Alþjóðaheilbrigðis-málastofnuninni fyrir nokkrum árum, um rauða kjötið og tengslin við krabbamein, sé „algjört kjaftæði". Þessi skýrsla er sögð byggja á 800 rannsóknum en það gleymist að taka það fram að meira en 700 af þeim geta ekki sýnt fram á orsakatengsl milli kjötneyslu og krabbameina hjá mönnum og þær fáu sem gera það eru gerðar á rottum og músum."

Hann segist hafa lengi stúderað vísindaskýrslur, bæði sjálfur og með hjálp vina sem eru betur læsir á fræðin, og hafi ekki fundið trúverðug rök fyrir því að það séu tengsl þarna á milli. Hagsmunaöfl ráði mjög miklu í umræðu um almennar næringarráðleggingar.


CLT – EININGAR



TIMBURGRINDARHÚS



Krosslímdar timbureiningar
Grænar byggingalausnir

EININGAR EHF
WWW.EININGAR.IS
SÍMI: 565 1560 einingar@einingar.is

FJÓS ERU OKKAR FAG
Básamottur

MERCURY
Góðar mottur fyrir vetrunga, kvígur og á legusvæði fyrir kálfa. Henta einnig fyrir hesthús og jafnvel hestakerruna.

Stærð 114*183cm - Þykkt 17mm



MEADOW
Lúxusdýnur fyrir mjólkurkýrnar sem og geldkýr. 3,5mm latexdýna sem pökkuð er inní plastdúk og þar yfir kemur 4mm sterkur gúmmídúkur.



VATNSDÝNUR



Vatnsdýnur með undirdýnu og vatnskodda. Einnig er hægt að fá vatnsdýnur sem ætlaðar eru til að nota yfir gamlar og slitnar básadýnur.



LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi 480 5600
Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum 480 5610
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is



Kristján og Kjartan eru ekki snjallmenni á netinu

Þeir eru til í alvörunni og vita allt um rafgeyma fyrir landbúnaðartæki – og almennt flest um vörur fyrir tæki og fyrirtæki.

Hringdu í vini og fáðu tilboð hjá fyrirtækjaþjónustu Olís, í síma **515 1100**, eða á **olis.is**.

Fyrirtækjaþjónusta Olís
Alvöru fólk með alvöru þekkingu og reynslu

olís

Í DEIGLUNNI

Skógarkolefni:

# Gott samstarf gulli betra

**Undanfarið hefur umræða um kolefnisjöfnun farið hátt, en kolefnisbinding í skógum er einn hluti þess til gerður að verjast loftslagsbreytingum.**

Fór Skógræktin fyrir nokkru af stað með verkefnið Skógarkolefni þar sem viðurkenndu ferli vottunar á bindingu kolefnis með nýskógrækt var komið á. Skógarkolefni tengir þannig saman nýskógrækt á Íslandi og valkvæðan kolefnismarkað.

Landssamtök skógareigenda og Bændasamtök Íslands, í samstarfi við Skógræktina, standa nú fyrir verkefninu Kolefnisbrú. Felst samstarfið í sér undirbúning þess ferlis að koma upp skógi í þeim megintilgangi einmitt að binda kolefni, vottuðu eftir aðferðafræði Skógarkolefnis, verkefni undir hatti Skógræktarinnar sem stuðlar að samræmi í kolefnisverkefnum með nýskógrækt.

*Staðlar Skógarkolefnis*

Til að undirgangast staðla Skógarkolefnis þurfa, samkvæmt vefsíðunni skogarkolefni.is, hlutaðeigandi að skrá verkefni sín og tilgreina nákvæma staðsetningu þeirra og langtímamarkmið. Fylgja löggjöf og stefnu um skógrækt til að tryggja að skógræktin sé sjálfbær og ábyrg og gera langtímaáætlun um ræktun, umhirðu og stjórn skóganna.

Tryggja þarf að kolefnisbindingin sé mæld með viðurkenndum aðferðum, sýnt verði fram á að kolefnisávinningur verkefnisins sé viðbót við það sem hefði orðið á viðkomandi svæði ef ekkert hefði verið gert og að lokum þarf að viðhalda sannprófun meðan á verkefninu stendur. Eru staðlar þessir afar veigamiklir, en hefur verkefnið fengið lof erlendis frá og vakið áhuga erlendra fjárfesta á nýskógrækt á Íslandi.

*Kolefnisbrúin sett á fót*

Skógræktin hefur rutt brautina til þessa. Stofnun Kolefnisbrúarinnar sameinar nú þetta hagsmunamál skógarbænda, kolefnisbindinguna, og í samvinnu við Bændasamtök Íslands er lagður enn meiri þungi á að gæta hagsmuna bænda sem hyggjast framleiða kolefniseiningar með skógrækt.



**Við grisjun fá þau tré sem eftir standa betra vaxtarrými.** Mynd / SP.

Hafa tilvonandi skógræktarbændur rekið sig á ýmsa þröskulda, t.a.m. kostnaðinn við nýskógrækt, auk þess sem undirbúningur kallar á sérhæfða þekkingu. Í framhaldinu þarf að fylgjast vel með framvindunni, mæla vöxt trjánna, votta og loks koma kolefniseiningunum á markað. Þetta er ferli sem er ekki á færi allra.

*Ferli til framtíðar*

Í samstarfi við bændur undirbýr Kolefnisbrúin ferlið og tekur þá til ýmissa þátta. Fyrst er land metið með tilliti til mögulegrar bindingar – gera þarf ræktunaráætlun fyrir svæðið. Í henni kemur meðal annars fram hvaða trjátegund hentar í hvaða landgerð, áætlað hversu vel þær muni vaxa og landið svo gróðursett. Nokkrum árum síðar er vöxtur ungu trjánna skoðaður og mældur. Ef allt gengur samkvæmt áætlun má votta mælingarnar og selja það kolefni sem bundið er í trjábolunum. Ein kolefniseining er skilgreind sem eitt tonn af kolefni í föstu formi, en fram kemur á vefsíðu Kolefnisbrúarinnar að „líkt og peningur er hver útgefin kolefniseining eins og ávísun á bundið kolefni í tilteknum skógi“.

Víst er að skógrækt á sér allar forsendur hérlendis. Kolefnisbrúin á sér þá sýn að bændur framtíðarinnar rækti matvöru í skjóli skóga og búi þannig betur en kemur að fæðuöryggi á Íslandi. Timburiðnaður muni dafna og sveitir landsins njóta góðs af í formi búsældarlegs landslags og fjölbreyttrar byggðar á ársgrundvelli um land allt. /SP

AUGLÝSING UM SKIPULAG

**ÍEndurskoðun Aðalskipulags Borgarbyggðar 2025-2037**

Lýsingarferli skipulags- og matslýsingar er formlega lokið en Borgarbyggð óskar eftir að íbúar taki þátt í vefkönnun svo víðtækust sjónarmið komi fram. Frekari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Borgarbyggðar.

**Uglukletttur Borgarnesi - Auglýsing um niðurstöðu sveitarstjórnar Borgarbyggðar vegna skipulags.**

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 14. september eftirfarandi tillögu samkvæmt 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 36. gr. sömu laga.

Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022, Svæði fyrir þjónustustofnanir Þ4 - Leikskólinn við Uglukletti í Borgarbyggð. Breytingin tekur til aukningar á nýtingarhlutfalli á 10,8ha svæði fyrir þjónustustofnanir (Þ4) um 0,07, úr 0,1 í 0,17. Telst breytingin óveruleg.

Aðalskipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun sem sér um lokaafgreiðslu erindisins. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu Borgarbyggðar á www.borgarbyggd.is

*Í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst lýsing að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.*

**Hamar (lnr. 135401)**

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 14. september að auglýsa lýsingu að breytingu á aðalskipulagi fyrir Hótel Hamar í Borgarbyggð.

Ofangreind lýsing er aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is og í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is frá 21. september. Opið er fyrir ábendingar til og með 5. október næstkomandi.

*Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulögum í Borgarbyggð.*

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 14. september 2023 að auglýsa eftirfarandi tillögu.

**Leikskólalóð og einbýlishúsalóð í Bjargslandi, Uglukletttur (lnr. 209804)**

Skipulags- og byggingarnefnd, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti þann 4. september 2023 að auglýsa eftirfarandi tillögur.

**Digranesgata 4 (lnr. 199193) - Brúartorg 6 (lnr. 135571)-**

**Niðurskógur í landi Húsafells 3 (lnr. 134495)**

Ofangreindar tillögur eru aðgengilegar á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is og í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is frá 21. september.

Opið er fyrir athugasemdir til og með 3. nóvember næstkomandi.

**Borgarbyggð, 21. september 2023**

**Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar.**

BORGARBYGGÐ



Skógrækt:

# Kolefnishlutleysi í kortunum?

**Áform stjórnvalda um kolefnishlutleysi hérlendis árið 2040 hafa mætt nokkrum efa, þó umhverfis- og auðlindaráðherra telji skrefið afar mikilvægt og komi Íslandi m.a. í hóp framsæknari ríkja sem sett hafa slíkt markmið í löggjöf sína.**

Um ræðir nýlegt hugtak í loftslagsumræðunni og felur í sér að eina leiðin til að draga úr alvarlegum afleiðingum loftslagsbreytinga sé að draga úr losun eins hratt og hægt er á heimsvísu. Lýsir kolefnishlutleysi ástandi þar sem jafnvægi hefur náðst milli hraða losunar og bindingar af mannavöldum og nettólosun því engin.



**Þröstur Eysteinsson, skógræktarstjóri.**

Var frumvarpið lagt fram og samþykkt á fundi ríkisstjórnarinnar árið 2021 en helsta áskorunin er sú að draga þarf hratt úr losun og á meðan almenningur er almennt allur af vilja gerður til þess að leggja hönd á plóg mætti kynna betur þau skref sem og árangur þeirra skrefa sem hafa verið tekin. Hvað getum við gert betur og hvað gerum við næst?

Í samtali við Þröst Eysteinsson skógræktarstjóra kemur fram að betur má ef duga skal. Aðspurður hvort hann telji frumvarp kolefnishlutleysis árið 2040 vera raunhæft spyr hann á móti hvort gullverðlaun Íslendinga á Ólympíuleikunum séu raunhæf. Jú, ef tekin eru markviss skref til árangurs. Réttast væri að setja sér smærri markmið innan þessa markmiðs sem kolefnishlutleysið er og leggja á sig heilmikla vinnu. Og það er spurningin – erum við tilbúin í það? Erum við tilbúin sem þjóð að leggja það á okkur að ná því markmiði sem frumvarpið setur fram?

*Rafvæðing bílaflotans þarf að ganga hraðar fyrir sig*

Bendir Þröstur á að helst hafi verið talað fyrir rafvæðingu bílaflotans. Samkvæmt aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar í loftslagsmálum árin 2021–2025 kemur fram að fjölgun vistvænna ökutækja hafi aukist þó nokkuð á undanförnum árum og á árinu 2019 voru um 18% nýskráðra bíla annaðhvort hreinir rafmagnsbílar eða tengiltvinnbílar. Enn fjölgi þó bílum sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti á götum borgarinnar.

Ef draga á verulega úr losun frá umferð þarf vistvænum ökutækjum að fjölga mun hraðar á næstu árum og ökutækjum sem ganga fyrir jarðefnaeldsneytum að fækka á methraða á sama tíma. Þegar horft er til 2040 og markmiðsins um kolefnishlutleysi er ljóst að allir geirar þurfa að draga nánast alveg úr losun, þar með talið vegna notkunar jarðefnaeldsneytis, myndunar úrgangs og vegna orkunotkunar.

„Þetta er auðvitað hluti þess sem við þurfum að líta til,“ segir Þröstur, en langt frá því að vera nóg.

Það er ekki nóg að segjast vilja vera kolefnishlutlaus árið 2040 heldur þurfum við kort þangað. Einhvers konar mælikvarða og millimarkmið sem koma okkur á leiðarenda auk þess sem gæta þarf þess hugsanaháttar að líta framhjá þeim skrefum sem þarf, til að takmarkið náist, í stað þess að „ætla bara að hafa náð því árið 2040“ – en of margir virðast telja þetta gerast sjálfkrafa.“

*Er raunhæft að auka skógrækt?*

Skógrækt er einn af þessum þáttum sem þarf að taka á og ég segi hiklaust já við þeirri spurningu – er raunhæft að auka skógrækt?“ segir Þröstur. Landsvæði sé nóg og nú eru æ fleiri einkaaðilar, fyrirtæki og einstaklingar að fara í skógrækt á sínum eigin jörðum. Þannig það er ekki aðallega ríkið sem er að auka skógrækt heldur einkageirinn.

„Það þarf að koma fram, því það er að gerast,“ heldur hann máli sínu áfram. „Einkageirinn kemur afar sterkur inn og okkur hjá Skógræktinni finnst það jákvætt. Það sem er ekki endilega jákvætt er að margir einskorða sig einungis við að rækta birki sem bindur ekki sérstaklega vel. Þetta er innlend tegund sem fólki finnst skipta máli, en það skiptir engu máli! Skilvirkni og góður árangur er það sem skiptir heldur máli og því má vel nota erlendar tegundir.“

*Til umhugsunar*

„Þegar upp er staðið er nóg land á Íslandi til skógræktar. En valfrjálsi markaðurinn er þannig að hægt er að selja kolefniseiningar og verðið á þeim þannig að það borgar sig að rækta skóg á Íslandi sem hægt er að fjármagna með sölu á kolefniseiningum. Þess vegna eru margir sem eru að fara í þetta.

En við vitum ekki hvernig þetta muni þróast. Munu fleiri og fleiri koma inn, munu fleiri stökkva á vagninn þegar fleiri einingar eru seldar?“ /SP

## Kolefniseining : Kolefnisjöfnun

**Kolefniseining** er eining sem gengið getur kaupum og sölum og felur í sér sönnun þess að losun á einu tonni koldíoxíðsígilda út í andrúmsloftið hafi sparast miðað við óbreytt ástand. Kaupandi slíkrar einingar getur notað hana til að sýna fram á að hann hafi kolefnisjafnað eitt tonn af eigin losun gróðurhúsalofttegunda (GHL), t.d. vegna raforkunotkunar, flugferða, bílferða o.s.frv. Við notkun þarf að afskrá viðkomandi einingu þar sem aðeins má nýta hana einu sinni til jöfnunar.

**Kolefnisjöfnun** felst í því að einstaklingar eða lögaðilar bæti fyrir eigin losun gróðurhúsalofttegunda með því að fjármagna verkefni sem a) koma í veg fyrir losun á samsvarandi magni GHL annars staðar eða b) fjarlægja samsvarandi magn GHL úr andrúmsloftinu.



Miðfjörður:

# Framleiðsla skógarplantna í bígerð

**Verkefnið Skógarplöntur hefur verið í undirbúningi síðustu misseri en til stendur að reisa nýja gróðrarstöð fyrir framleiðslu á skógarplöntum að Laugarbakka í Miðfirði.**

Að verkefninu standa meðal annars Kaupfélag Vestur-Húnvetninga, SSNV og Hafberg Þórisson, eigandi að gróðurstöðinni Lambhaga.

Miðar verkefnið að því að framleiða trjáplöntur til gróðursetningar og að framleiðslan verði um 15 milljónir plantna árlega. Eins og staðan er núna er landsvæði tiltækt, hönnunarvinna komin af stað og áætlað er að stöðin verði búin nýjustu tækni sem tryggi jafnari framleiðslu og minni afföll. Kemur fram á vefsíðu Kaupfélags VH að gert sé ráð fyrir að stöðin muni byggja á mikilli sjálfvirkni sem er þáttur í því að allar plöntur fái sama magn af vatni, næringarefnum og ljósi – verði þannig svipaðar að stærð og jafntilbúnar að takast á við lífið eftir gróðursetningu.

### *Umtalsverð atvinna áætluð*

Með byggingu gróðurstöðvarinnar er gert ráð fyrir að verði um umtalsverða atvinnu að ræða í boði, sem er afar mikilvægur hluti verkefnisins. Þó gerir sjálfvirknin það að verkum að erfiðustu störfin á gróðurstöðinni verða unnin með vélum en ekki fólki. Segir Magnús Barðdal frá SSNV að ætlunin sé að skógarplöntustöðin verði eins fullkomin og völ er á. Unnið er með sænskum framleiðendum sem nú eru að vinna ákveðna grunnvinnu varðandi uppsetningu á tækjum, húsum og útisvæði. „Gert er ráð fyrir að í fyrsta fasa verði framleiðslugeta uppá 5 milljón plöntur á ári,“ segir Magnús, „en allir innviðir og tæki munu geta annað endanlegri stærð sem er um 15 milljónir plantna á ári. Gróðurhúsin verði byggð í áföngum, fyrst hús sem framleiðir 5 milljónir plantna, svo bætum við næsta húsi við og framleiðum þá 10 milljónir og endum svo á þriðja húsinu sem kemur framleiðslunni upp í 15 milljón plöntur árlega. Í dag er ársframleiðslan hér á landi um 6–7 milljón plöntur.“



### *Aukin framleiðsla á skógarplöntum æskileg*

Segir Magnús Skógræktina enda hafa talað fyrir mikilvægi þess að auka framleiðslu á skógarplöntum. „Þróunin hefur verið sú að fleiri stærri einkaaðilar eru að koma inn í skógrækt til kolefnisjöfnunar. M.a. útgerðarfélög, olíufélög og svo félög sem hafa þann eina tilgang að framleiða kolefniseiningar, eins og t.d. Yggdrasil Carbon. Það má því segja að framleiðslan okkar muni dreifast á alla þá aðila sem eru í skógrækt, bæði einkaaðila og Skógrækt ríkisins. Við höfum gert samkomulag við stóra kaupendur sem bíða eftir að verkefnið verði að veruleika enda gríðarlegur skortur á plöntum.“

Samkvæmt upplýsingum af fyrrgreindri vefsíðu KVH hefur rekstraráætlun verið unnin fyrir gróðurstöð með framleiðslugetu upp á 15 milljónir plantna árlega. Voru niðurstöður þær að góður grundvöllur sé til rekstrar slíkrar stöðvar og að fjárfestar ættu að fá til baka fjárfestingu sína áður en langt verður um liðið. Byggir rekstraráætlunin að mestu á rekstrarreikningum fyrirtækja sem eru nú þegar í framleiðslu á skógarplöntum á Íslandi að viðbættum upplýsingum frá sænska fyrirtækinu BCC, sem sérhæfir sig í hönnun gróðurstöðva og framleiðslu tæknibúnaðar fyrir slíkar stöðvar.

### *Fjármagn til næstu skrefa*

Nýverið fékk verkefnið Skógarplöntur milljón króna styrk frá Atvinnu- og nýsköpunarsjóði Húnaþings vestra, annað tveggja en að auki var verkefnið kynnt fjárfestum á Fjárfestahátíð Norðurártar á Siglufirði sem haldin er í marsmánuði ár hvert. Er hátíðin lokaður viðburður, ætlaður til þess að auka fjárfestingatækifæri á landsbyggðinni, og þótti kynning Skógarplantna ganga vonum framar

Ákveðið hefur verið að stofna einkahlutafélag um verkefnið, en gert er ráð fyrir að heildarkostnaður við uppbyggingu stöðvarinnar verði um eða yfir 3 milljarða króna. /SP










FRÆÐSLA



## Hákarlaveiðar á Íslandsmiðum:

# Örfáir eltast enn við þann gráa

**Hákarlinn sveimar um kaldan norðurheimskautssjó og verður allra hryggdýra elstur. Íslendingar hafa veitt þann gráa allt frá 14. öld og stóðu hákarlaveiðar í mestum blóma á þeirri 18., þegar lýsi var notað sem ljósmeti víða í Evrópu og eftirspurn því mikil. Elstu heimildir um útflutning hákarlalýsis eru frá árinu 1624 og verkun enn svipuð og 1374.**

Á 19. öld voru hákarlar *(Somniosus microcephalur)* veiddir vegna lifrarinnar sem er mjög rík af A-vítamíni. Hákarlinn var þannig með verðmætustu nytjafiskum Íslendinga á 19. öldinni og undirstaða þilskipaútgerðar í landinu. Hafa veiðar síðan smáminnkað en þó voru til dæmis veidd um 45 tonn árið 2000, skv. tímaritinu Útvegi.

Veiðar hafa verið litlar hin síðustu ár. Er hákarlinn nú nýttur sem gómsæti á þorranum. Hákarl veiðist stundum sem meðafli í botnvörpum fiskiskipa og handfæraveiðar með línu eru aðeins stundaðar. Samkvæmt mælaborði Fiskistofu hafa veiðst 22 hákarlar það sem af er ári. Mest af því mun vera meðafli í botnvörpu. Talan var 19 dýr í fyrra og 2021 voru þau 4.

Um 20 tegundir háfiska eru þekktar við Ísland. „Það veiðast u.þ.b. 10 aðrar tegundir en hákarl af háfiskum við Ísland,“ segir Klara Björg Jakobsdóttir, fiskifræðingur á botnsjávarsviði hjá Hafrannsóknastofnun.

„Sumar veiðast sjaldan og í litlu magni og margar þeirra eru djúpsjávarháfiskar.“ Hún segir allan afla af háfum (háfiskum) við Ísland meðafla en undantekningin hefðbundnar sögulegar hákarlaveiðar á línu. Allar veiðar á háfi, hámeri og beinhákarli hafi verið bannaðar við Ísland frá 2017.

### *Hinn syfjaði smáhaus*

Giskað hefur verið á að um 100 milljónir hákarla séu drepnar árlega á heimsvísu, ekki síst vegna ugganna sem einkum eru notaðir í kínverskar sælkerasúpur, þ.e.a.s. brjósknálarnar úr þeim, en brjóskvefur ugganna er einnig nýttur í heilsuvörur. Fer ljótum sögum af því erlendis frá að stundum séu uggarnir sneiddir af og dýrið svo látið sigla sinn sjó. Gerviuggaafurð, unnin úr hryggsúlu og höfuðbeinum hákarls, hefur þó rutt sér nokkuð til rúms.

Þeir sem verka hákarl innanlands hafa sagt erfitt að fá nóg af honum á Íslandsmiðum til verkunar fyrir þorrann og sé því stundum leitað til skipa sem veiða við Grænland.

Íslenskir sjávarhættir eftir Lúðvík Kristjánsson er ein helsta heimild Íslendinga fyrir þeim veiðum á hákarli sem tíðkuðust áður fyrr hér við land. Veitt var á hákarlalínu og notuð sérstök lóð, krókar og beita. Veiðar í dag fara fram með svipuðum hætti.



Sagt er frá því í bókinni Útgerð og aflabrögð við Ísland 1300–1900, Hafrannsóknir, 48. hefti, 1994, að hákarl kippi ekki í á króki heldur sígi í og smápyngist. Eftir að hákarl náist frá botni hætti hann oftast allri mótspyrnu, enda beri hann með rentu hið latneska nafn sitt, Somniosus microcephalur: hinn syfjaði smáhaus. Þegar fiskurinn kom upp úr sjólokunum var hann annaðhvort rotaður eða stunginn í brjóst eða mænu.

### *Fuglinn fær alltaf lifrina*

„Ég er að veiða og verka,“ segir Jón Svansson, skipstjóri á Norðurljósi NS sem gerir út frá Vopnafirði. Hans veiðislóð er norðaustan við Bjarnarey út af Kollumúla, þ.e.a.s. Héraðsflóinn. „Það er ekki mikið róið á hákarl um þessar mundir,“ segir Jón. Hann sé sá eini á Vopnafirði og þetta séu kannski 5 eða 7 menn allt í allt á landinu. „Við erum að deyja út. Ég held að mér hafi samt gengið einna skást af þeim sem hafa eitthvað verið í þessu.“

„Hákarlavertíðin er búin að vera mjög góð. Ég byrjaði í maí, svo þurfti ég að stoppa í sumar vegna aðstöðuleysis en byrjaði síðan aftur. Það var áfram góð veiði og ég er kominn með 17 hausa.“ Þrír hafi þó verið litlir. Hann lætur vigta allt og skráir í veiðidagbók eins og vera ber. Meðalþyngdin sé um 6–800 kíló með lifur. „Ég gef alltaf fuglinum lifrina úti á sjó,“ segir hann.

Jón er þrjá tíma á miðin og túrinn þetta frá 5 og upp í 8 tíma. „Ef ég fæ eitthvað tekur náttúrlega tíma að dunda við þetta,“ segir hann og heldur áfram: „Það fer eftir veðri, straumum og hvort hann sé flæktur. Ef þeir eru mjög sprækir geta þeir verið leiðinlegir að höndla. Ég dreg þá upp með vélbúnaði.“

Jón er með 6 króka á hvorri línu og hefur nokkrum sinnum fengið 2 hákarla í einu á þessari vertíð. Svo þarf að koma bandi á sporðinn. „Ef þeir eru flæktir á sporði getur verið bras að koma spottanum fyrir. Ég er farinn að nota netaspil til að draga þessa línu, þá get ég lyft afturendanum á þeim svo miklu meira upp úr sjó.“ Að Jóns sögn sé misjafnt hversu lengi hákarlarnir eru á króknum eftir að þeir taka. „Þeir geta hafa verið heilan dag á krók eða jafnvel lengur. Það er eins og með aðra fiska, þeir verða bara að sætta sig við það. Svo eru þeir dregnir upp. Ég sker þá, blóðga þá alltaf og opna á þeim kviðinn, það er bara mín sérviska. Þá verða þeir líka léttari í hífingu því það fara úr þeim svona 70–100 kíló bara í lifrinni.“

### *Landselurinn grindhoraður*

Beitan er það sem til fellur. Tvær grindur keyrðu t.d. inn í Vopnafjörð á dögunum, segir Jón og fékkst þá í grindaspik í beitu. Síðan sé það selur úr grásleppunetum. „Vöðuselur er besta beitan sem maður fær,“ segir hann og heggur allan selinn og nýtir hverja örðu í beitu. „Landselurinn er eiginlega orðin ónýt beita því hann er svo horaður. Hann er greinilega ekki í myljandi æti. Stundum eru þeir svo lélegir að það er varla að þeir haldi á sér hita. Það er af sem áður var, þeir voru þéttari hér áður fyrr.“ Hann fái dálítið af vöðusel á vorin sem sé að koma sunnan úr höfum og úr góðu æti.

Magn þess gráa sem veiðst hefur í sumar segir Jón vera miklu meira en t.d. í fyrra þegar veiddust þrír hákarlar og hann átti einn af þeim. Veiðar milli ára séu mjög brokkgengar og ekkert óvenjulegt við það.

Hákarlinn fer í kös í þar til gerðan kassa eða kar og svo er hann hengdur upp í þurrk. „Ég er farinn að nota þurrkklefa,“ segir Jón og er búinn að fá nóg af því að láta veður og vind ráða hvernig til tekst. „Ég er kominn með þetta í lokað rými, gerði klefa sem tekur fjóra karla í einu, og er ekkert að treysta á veðráttuna.

Það var ekki hægt orðið að verka hákarl á Vopnafirði út af rigningu.“ Jón, sem selur sína afurð undir merkinu Íslandshákarl, var spurður hvort sumarkarlinn yrði sem sagt tilbúinn fyrir þorrann. Hann sagðist í þeim töluðum orðum standa með dollu í höndunum við „framsóknarfjósið á Austurvelli“ og









**Jón Svansson, hákarlaveiðimaður og skipstjóri á Norðurljósi NS frá Vopnafirði, veiðir hákarl norðaustan af Bjarnarey á Héraðsflóa og hafa gæftir verið með besta móti í sumar.** Myndir / Jón Svansson.

gefa mönnum að smakka, sem fallið hefði í góðan jarðveg.

Ólíkt mörgum öðrum hryggdýrum hafa hákarlar ekki þvagkerfi. Ferskt kjöt hákarls er því eitrað en efnasambandið trímetýlamínoxíð finnst í því auk þvagefnis. Hafa m.a. hvítabirnir drepist eftir að éta ferskt hákarlakjöt. Verkunaraðferðin til að gera hákarlinn ætan er fólgin í að kæsa hann, áður fyrr í moldar- eða sandgryfju en nú í kari, og láta gerjast uns hann er hengdur upp í hjöllum til þurrkunar í 4–5 mánuði. Fer alveg eftir tíðarfari hvernig til tekst með lokaafurðina, nema menn eigi sérstaka þurrkklefa. Við kæsinguna umbreytist þvagefnið í ammoníak og efnasambandið brotnar niður í trímetýlamín en þetta tvennt til samans veldur bæði stækri lykt og bragði. Afurðin glerhákarl verður til úr kviðnum en skyrhákarl úr bakinu.

Elsta íslensk heimild um verkaðan hákarl er í skrá um eignir dómkirkjunnar á Hólum í Hjaltadal 1374 og hefur hann að líkindum verið kæstur og þurrkaður, rétt eins og í dag.

*Langlífasta hryggdýr heims*

Hákarl hefur beinagrind úr brjóski og hann gýtur lifandi ungum, um 40 cm löngum, allt að 10 í einu. Hann vex mjög hægt, allt niður í ½–1 cm árlega, er fullorðinn jafnan um 4 metrar að lengd en getur orðið allt að 6–7 metrum. Litur hans er rauðgrár, dökkgrár eða blágrár og jafnvel svartur að ofan en ljós á kviðinn.

Líkur eru til að hákarl geti náð óvenjulega háum aldri eða hæstum aldri allra hryggdýra, jafnvel allt að 4–500 árum. Rannsókn sem gerð var á um 245 ára gömlum hákarli, veiddum í haustralli Hafrannsóknastofnunar djúpt vestur af landinu árið 2017, leiddi í ljós að heili hans sýndi engin þekkt merki öldrunar né taugahrörnunar.

Leitt er líkum að því að umhverfi og atferli séu ástæður þess hversu lengi hákarl lifir án sýnilegra áhrifa öldrunar á heila. Hákarl er talinn hægsyndur og heldur að mestu til í stöðugu en köldu umhverfi á tiltölulega miklu dýpi í sjó sem er um 4°C heitur. Þetta valdi því að líklega séu efnaskipti hæg og vísbendingar eru um að blóðþrýstingur hákarls sé mun lægri en hjá öðrum hákarlategundum. Lykillinn að háum aldri virðist því vera að hægja sig lítið og halda sig í kulda og myrkri, a.m.k. fyrir hákarl. */ sá*










LANDGRÆÐSLA

# Hvað er vistkerfisnálgun?

**Í nýlegri stefnu stjórnvalda í landgræðslu og skógrækt, „Land og Líf", er lögð mikil áhersla á vistkerfisnálgun sem kemur einnig fram í nýlegum landbúnaðar- og matvælastefnum matvælaráðuneytisins.**

Að auki er vistkerfisnálgun þungamiðja í alþjóðlegum stefnum og markmiðum um umgengni við auðlindir jarðar.

En hvað þýðir eiginlega vistkerfisnálgun og hvernig tengist sú nálgun starfsemi Landgræðslunnar?

Vistkerfisnálgun er þegar stjórnun á notkun lands, lagar og lifandi auðlinda er samræmd og hvetur til verndunar og sjálfbærrar nýtingar með jafnrétti að leiðarljósi. Vistkerfisnálgun stuðlar þannig að jafnvægi milli verndunar vistkerfa, sjálfbærri nýtingu og jafnri deilingu ágóða. Vistkerfisnálgun leggur áherslu á að þegar við nýtum auðlindir náttúrunnar nýtum við þær á þann hátt að við sköðum ekki náttúruna eða framtíð okkar. Til þess að gera þetta þurfum við að vernda náttúruleg vistkerfi sem enn mega teljast heilleg, nýta auðlindir með sjálfbærum hætti og endurheimta þau vistkerfi sem hafa hnignað.



Starfsfólk við feltvinnu og rannsóknir.

Þó að hugtakið vistkerfisnálgun sé nýtt af nálinni samræmist það vel þeirri nálgun sem Landgræðslan hefur haft að leiðarljósi í mörg ár. Ef nýleg lög um landgræðslu eru skoðuð sést einnig að þessi nálgun er allsráðandi enda markmið laganna „að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands".

Landgræðslan hefur allt frá stofnun sinni árið 1907 stundað og stuðlað að endurheimt hnignaðra vistkerfa. Hér áður fyrr var áherslan á að stöðva sandfok og frekari hnignun vistkerfa en í dag hefur áherslan færst meira á endurheimt náttúrulegra vistkerfa, svo sem birkiskóga, votlendis og mólendis. Jafnframt er áhersla á að samþætta þurfi verndun og endurheimt vistkerfa við önnur umhverfismarkmið eins og baráttu gegn loftslagsbreytingum og verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Landgræðslan stuðlar að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda meðal annars með ráðgjöf til landnotenda og almennri fræðslu.

Lykilatriði í vistkerfisnálgun er samráð og þátttökunálganir. Landgræðslan hefur í gegnum árin starfað náið með landnotendum og landeigendum, m.a. í verkefnum eins og Bændur græða landið, Landbótasjóði og í GróLind. Landgræðslan starfar einnig með ríki og sveitarfélögum, veitir ráðgjöf, skrifar umsagnir um skipulagsmál og vinnur við svæðisáætlanir í landgræðslu.

Vöktun og rannsóknir er mikilvægur hluti af vistkerfisnálgun, ef við ætlum að geta stýrt nýtingu á sjálfbæran hátt verðum við að skilja betur þær auðlindir sem við nýtum og fylgjast með hvaða áhrif aðgerðir okkar hafa, hvort sem það er beitarnýting eða uppgræðslur. Þannig lærum við og getum aðlagað aðgerðir okkar eftir því. Rannsóknir og vöktun eru þannig grunnurinn að vönduðum og markvissum vinnubrögðum.



Búnaður sem notaður er við gasmælingar í votlendi.

Fimmtudaginn 21. september tekur Landgræðslan þátt í málþingi á vegum matvælaráðuneytisins og Biodice um Vistkerfisnálgun í umgengi við og nýtingu náttúru Íslands. Málþinginu verður streymt beint og hægt verður að hlusta á upptökur eftir á. Ég hvet öll sem hafa tök á að hlusta – til að fræðast meira um þessa nálgun sem við sem nýtum landið ættum að hafa að leiðarljósi.

*Bryndís Marteinsdóttir,*
*sviðsstjóri á sviði sjálfbærni og loftslags*






Í DEIGLUNNI



Ragnheiður Lára Brynjólfsdóttir og Þröstur Heiðar Erlingsson, bændur í Birkihlíð. Myndir / Aðsendar

## Heimaslátrun:

# Kallað eftir rafrænu eftirliti

**Kostnaður við dýralæknaþjónustu í örsláturhúsum getur hækkað fyrirvaralaust. Skýr svör vantar frá ráðuneyti.**

Í reglugerð um heimaslátrun er tekið fram að ríkissjóður greiði kostnað við eftirlit dýralæknis, en ráðherra geti breytt þeirri grein með skömmum fyrirvara. Ragnheiður Lára Brynjólfsdóttir, bóndi í Birkihlíð, segist hafa sent fyrirspurn á Svandísi Svavarsdóttur matvælaráðherra um framtíð þessarar reglugerðargreinar og fékk þau svör að ekki standi til að gera breytingar „að svo stöddu", sem hún segir af óljóst. „Að svo stöddu" geti þýtt svo margt og finnst henni í raun ótrúlegt að það sé yfir höfuð verið að hugsa um að taka þetta út.

Kristján Þór Júlíusson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, hafi sett þessa grein inn óumbeðinn, svo umhugað var honum að hjálpa bændum, segir Ragnheiður. Þó svo að kostnaður við dýralæknaþjónustu Matvælastofnunar (MAST) sé greiddur af hinu opinbera, þá er hún gagnrýnin á að reikningarnir sem sendir eru ríkissjóði séu ekki bornir undir þau. Þau viti því ekki hversu margir tímar eru skrifaðir fyrir eftirlit hjá þeim.

Í nokkur ár hefur bændum verið heimilt að stunda heimaslátrun og selja sínar vörur, að undangengnum ýmsum skilyrðum. Enn sem komið er hafa einungis tveir bæir nýtt sér þessa heimild, Birkihlíð í Skagafirði og Grímsstaðir í Borgarfirði.

### *Rafrænt eftirlit hagkvæm lausn*

Ragnheiður sendi einnig erindi á ráðuneytið þar sem hún vill skoða möguleikann á að stunda rafrænt eftirlit með heimaslátrun. Þar með tækist að halda kostnaði niðri og dýralæknar hefðu möguleika á að fylgjast með fleiri slátrunum á skemmri tíma. Svarið sem hún fékk var á þá leið að rafrænt eftirlit rúmist ekki innan löggjafarinnar og var vísað til reglugerða frá Evrópusambandinu (ESB). Ráðuneytinu sé kunnugt um stefnumótunarvinnu á vettvangi ESB sem miði að þróun í þessum málum og sé fylgst vel með því

Takmarkanir geti fylgt því að dýralæknir þurfi alltaf að mæta á staðinn eins og staðan er núna. Ragnheiður nefnir tilvik þar sem dýralæknirinn hafi tafist þegar þau áttu að hefja slátrun. „Við þurftum að bíða í einn og hálfan klukkutíma með okkar menn og við máttum ekki byrja þar sem hann var ekki búinn að leggja blessun sína yfir lifandi lömbin. Þá dróst allt og við sátum bara þarna," segir Ragnheiður.

Einnig sé rétt að spyrja þeirrar spurningar hvort þörf sé á svo miklu eftirliti, því Ragnheiður segir bændur hafa orðsporið að veði. Þeir hafi því engan hag af því að setja vörur á markað sem komi af sýktum dýrum. „En ESB stjórnar nú bara ýmsu hér á landi."

### *Kjötvinnslan ber sig*

Uppbyggingin sé kostnaðarsöm en á móti hafi veltan aukist á búinu. „Við fengum styrk frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins þegar við vorum að byggja upp okkar kjötvinnslu og munaði um það," segir Ragnheiður. Nú sé þessi sjóður ekki til í sömu mynd, sem henni þykir missir.

Kjötvinnslunni fylgir mikil vinna, en Ragnheiður spyr hvort ekki sé betra að minnka vinnu utan bús til að geta sinnt sinni framleiðslu frá upphafi til enda.


**Espihóll, Eyjafjarðarsveit - auglýsing aðal- og deiliskipulagstillögu**

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 27. júní 2023 að vísa aðal- og deiliskipulagstillögu vegna breytingar á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 og vegna nýs deiliskipulags fyrir fyrirhugað íbúðarhús á lóðinni Espilaut á landareigninni Espihóli, í auglýsingu skv. 31. gr. og 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðalskipulagsbreytingin lýtur að því að nýtt 1,5 ha svæði verði skilgreint sem íbúðarsvæði þar sem nú er skilgreint landbúnaðarsvæði í Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030. Skipulagsverkefnið snýr að skipulagi lóðar fyrir íbúðarhús á óræktuðu landi.

Skipulagstillögurnar eru aðgengilegar á sveitarskrifstofu Eyjafjarðarsveitar, Skólatröð 9 Hrafnagilshverfi, milli 21. september og 2. nóvember 2023 sem og á heimasíðu sveitarfélagsins, www.esveit.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugsemdir við skipulagstillögurnar til fimmtudagsins 2. nóvember 2023.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast til Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, 605 Akureyri eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

Skipulagsfulltrúi



Kjötvinnslan í Birkihlíð gengur vel. Bændurnir ná að auka virði afurðanna og fylgja þeim frá upphafi til enda. Mynd frá upphafi sláturtíðar 2021.

Hún vilji ekki alhæfa yfir alla, en þetta gangi í þeirra tilfelli.

Þar að auki fylgi þessu afar jákvæð samskipti við ánægða kúnna. „Það hefur komið fyrir oftar en einu sinni að þegar við komum með kjöt heim til fólks, þá bíður okkar veislumatur og kaffi. Fólk hefur komið og gist hjá okkur og við hjá þeim. Þetta er vinskapur sem myndast og er verðmætt að fá það,“ segir Ragnheiður.

### *Vilja ekki gefa sláturhúsunum afurðirnar*

Bændurnir í Birkihlíð hafa sent hluta fjárins í sláturhús síðastliðin haust og segir Ragnheiður þau taka alla skrokkana heim og verka kjötið heima. Sú ákvörðun var tekin þegar afurðastöðvaverðið féll árið 2017, því þá vildu þau ekki „gefa“ frá sér kjötið. Frekar vildu þau borða kjötið sjálf ef þau næðu ekki að selja allar afurðirnar.

Í Birkihlíð er blandað bú með mjólkurframleiðslu og sauðfé. Þar af eru rétt tæplega 200 fullorðnar kindur og sláturlömbin á hverju ári eru rúmlega 300. Ragnheiður segir söluna vera orðna það mikla að þau eigi erfitt með að bæta við sig fleiri stórum kúnnum. Þegar sláturtíð var að byrja núna í haust var lagerinn frá fyrri sláturtíð nánast tómur. /ÁL










Félag skógarbænda á Austurlandi · FÉLAG SKÓGARBÆNDA Á NORÐURLANDI · FsV · FsS · Félag skógarbænda á Vestfjörðum · BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Skógarbændur munu halda málþing að Hótel Varmalandi í Borgarfirði
**laugardaginn 14. október nk. - lokaskráning er 1. október.**

Umfjöllunarefni þingsins eru matur úr skóginum og umhirða í skógum.

Málþingið er haldið af Félögum skógarbænda og Búgreinadeild skógarbænda hjá BÍ
Málþing skógarbænda er angi af Degi landbúnaðarins - BÍ.

**Frekari upplýsingar eru á www.skogarbondi.is**




# Fosshóll

*531 Hvammstangi, Húnaþingi vestra*

Til sölu er jörðin Fosshóll, 531 Hvammstangi, Húnaþingi vestra, ásamt öllum fasteignum.

- Bústofn ca 50 ær og vélakostur getur fylgt með í kaupunum.
- Jörðin er um 1000 ha að stærð, þar af um 20,9 ha ræktað land og 23 ha skógrækt.
- Greiðslumark er 376 ærgildi.
- Veiðiréttur í Miðfjarðará sem gefur um 2,3 milljónir í tekjur á ári.
- Söluverð eignarinnar 119.9 milljónir.

**Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við
Eirík Svan Sigfússon sími 8623377 hjá fasteignasölunni Ás,
eða eiganda Fosshóls, Þorstein Helgason í síma 8950582 / 4512649.**



# „Skógur nú og til framtíðar"

## – Skógardagur á Suðurlandi miðvikudaginn 23. ágúst

Hlynur Gauti Sigurðsson
hlynur@bondi.is




Skeggrætt um skjólbelti á heimreiðinni á Reykjum.

Myndir / Hlynur Gauti

**Félag skógarbænda á Suðurlandi bauð upp á kynnisferð um nytjaskógrækt og skjólbeltarækt á Suðurlandi. Markmið ferðarinnar var að fræða og fræðast um nytjaskógrækt á Suðurlandi.**

Farið var á nokkra vel valda staði þar sem skógarbændur leiddu hópinn inn á milli gróskulegra trjáa. Allt var vel skipulagt og var lagt mikið upp með að þátttakendur tækju þátt í umræðum um fyrir fram skipulögð og valin málefni úti í skógi, sem höfðu áður verið birt í útsendri dagskrá. Mikilvægur þáttur í svona ferð er að styrkja tengslanet innan skógargeirans, bæði milli skógræktenda og eins við þá sem veita skógarbændum þjónustu á öllum sviðum. Það kom vel í ljós, á þessum sólríka og fallega degi, að skiptast á skoðunum úti í skógi getur gert mikið til að fræða og fræðast og auka skilning á mikilvægi skjólbelta og skóga.

### *Áhersla á skjólbelti, aðrar nytjar og umhirðu skóga*

Í ferðina komu, auk skógarbænda, fulltrúar frá Skógræktinni á Suðurlandi og rannsóknarstöðvar á Mógilsá, sviðsstjórar frá Skógræktinni og skógræktarstjóri. Einnig komu fulltrúar Garðyrkjuskólans/FSU á Reykjum, Landgræðslunnar, plöntuframleiðenda, stjórnmálaflokka, þjónustuaðila í skógrækt, fulltrúar skógræktarfélaga, ásamt fulltrúa skógardeildar BÍ. Alls tóku 65 manns þátt í ferðinni. Áhersla var lögð á skjólbelti, aðrar nytjar og umhirðu skóga, rannsóknir og nýjar áherslur skógarþjónustu Skógræktarinnar.

### *Full rúta fróðleiksþyrstra*

Full rúta fróðleiksþyrstra skógræktenda lagði af stað frá Selfossi stundvíslega kl. 9.00 áleiðis að fyrsta áfangastað sem var á Reykjum á Skeiðum. Innan um vöxtuleg skjólbeltin spókuðu sig kýr sem áttu það til að slá um sig, með halanum.

Án þess að svara því beinum orðum þótti það alveg kýrskýrt að þær voru ánægðar með skjólbeltin en þau voru einmitt fyrsta efnið til umræðu: „Skila skjólbelti sínu hlutverki?" Hallur Björgvinsson, ráðunautur hjá Skógræktinni, fór yfir sögu skjólbelta á Íslandi. Hann sagði frá ferð sem félagar hjá Skógræktarfélagi Íslands hefði farið til Danmerkur 1991 í boði danska Heiðafélagsins. Þegar heim var komið höfu félagar í Skógræktarfélagi Árnesinga upp hakann og lögðu út fyrsta skjólbeltið. Líkt og enn er gert var það blanda af fljótvaxta víði í bland við alaskaaspir eða önnur tré.


Glæsileg skjólbelti á Reykjum á Skeiðum. Vörðufell í bakgrunni.

Gjarnan voru gróðursettir berjarunnar inn á milli, meðal annars til að gleðja enn frekar fiðraða vini okkar. Fyrst um sinn fengu bændur í búskap styrki frá sveitarfélögunum til að girða í kringum fyrirhuguð skjólbelti. Því næst tóku landshlutabundin skógræktarverkefni við keflinu og var þá bætt um betur því bændur fengu einnig styrk fyrir plöntukaupum og skjólbeltaplasti. Vinnuna, tækin og eftir atvikum húsdýraáburðinn áttu bændur að útvega sjálfir.

Á Reykjum eru skjólbeltin almennt um 20 ára gömul og má með sanni segja að þau geri sitt gagn, enda getur spretta í skjóli trjáa verið nærri tvöföld á við það sem áður þekktist.

### *Greniskógur og gjörvileg skjólbelti*

Næst var förinni heitið til hjónanna Sigríðar Jónu Sigurfinnsdóttur og Gunnars Sverrissonar að Hrosshaga í Biskupstungum. Þar vex myndar greniskógur og gjörvileg skjólbelti. Skógurinn vex svo vel að tvisvar hefur skógarhöggsvél verið fengin til að fara um skóginn og grisja. Ekki vantar timbrið.

Fyrir nokkrum árum var lagður út göngustígur um skóginn. Björn Bjarndal, forvígismaður í skógrækt á Íslandi, segir að hann hafi að minnsta kosti leitt 500 erlenda skógareigendur um þennan stíg. Það sem gerir þennan göngustíg sérstakan er hversu fróðlegur hann er. Öðru hvoru voru skilti með fróðleik og upplýsingum um skóginn og það svæði sem gengið er um hverju sinni. Fræðslustígurinn var gerður eftir sænskri forskrift en fyrr á öldinni vann íslenski skógargeirinn að verkefninu Kraftmeiri skógur sem enn er í hávegum haft.

Gefin var út bókin „Kraftmeiri skógar" í fjölda eintaka og má telja líklegt að hver einasti skógarbóndi hafi lesið sér til í bókinni síðustu ár enda var bókin hugsuð til að efla og hvetja skógarbændur til dáða í sinni skógrækt, ekki eingöngu til yndisauka heldur ekki síður að benda á þá tekjumöguleika sem skógurinn gefur. Vafalítið er bókin á náttborði einhverra skógarbænda.

Hópnum var skipt niður í fimm minni hópa. Þannig sköpuðust fimm spjallhringir víðs vegar um skóginn þar sem aðrar nytjar skógarins voru helsta umræðuefnið. Eftir göngutúrinn var boðið upp á tómatasúpu frá Friðheimum og Aðalsteinn Sigurgeirsson, fagmálastjóri Skógræktarinnar, fór með hugvekju um skóga og rannsóknir.

### *Hvenær er tímabært að grisja?*

Síðasti áfangastaðurinn var að Galtarlæk og Borgarholti í Biskupstungum. Skógurinn á jörðunum tveimur er um 350 hektarar. Þar búa Agnes Geirdal og Guðfinnur Eiríksson. Gengið var um ákaflega vel hirtan og fjölbreyttan skóginn. Djúpar og gagnlegar vangaveltur voru um hin ýmsu stig umhirðu á leiðinni. Björgvin Örn Eggertsson, brautarstjóri í Garðyrkjuskólanum/FSU, lagði upp ýmsar spurningar fyrir þátttakendur.






Gengið og rætt um afurðir skóga í Hrosshaga.




Við upphaf fræðslustígsins í Hrosshaga.

Rætt var um hvenær væri tímabært að grisja og hve mikið fleira eftir því. Allt veltur þetta á tilgangnum með ræktuninni en ef ætlunin er að hafa skóginn bæði til að rækta gagnvið en ekki síður að njóta hans er ekkert sem á að stoppa bændur við að snyrta skóginn vel. Agnes og fjölskylda hafa verið dugleg að tvítoppaklippa og uppkvista trén í skóginum enda ákaflega opinn og fallegur. Einnig var rætt um tegundaval og íbætur.

Til gamans má geta að fjölskylda Agnesar var töluvert á undan sinni samtíð þegar þau hófu skógrækt í sveitinni. Það leit heldur illa út við fyrstu lerkigróðursetningarnar 1988 en lifun þótti ekki ýkja góð. Fyrir einhverja rælni ákváðu ráðgjafar að hafa stafafuru með á stöku stað og má segja að það hafi verið galdurinn. Upp frá furunni eru nú stærstu trén á Galtarlæk. Heimilisfólkið hefur ýmislegt fyrir stafni í skóginum. Þau hafa ræktað býflugur með góðum árangri í rúman áratug enda njóta býflugur sín vel í vel hirtum og blómlegum skóginum.

Að lokinni göngu var boðið upp á kleinur og ketilkaffi við opinn eld enda fátt notalegra. Nokkrir tóku til máls og þar á meðal sagði Hrefna Jóhannesdóttir, sviðsstjóri bændaskógræktar hjá Skógræktinni, frá ýmsum áformum hjá þeim. Áhugi á skógrækt hefur sjaldan verið meiri og er allt útlit fyrir stórauknar gróðursetningar næstu árin.

Auk þeirra verður að sinna umhirðu og sinna þeim skógum sem vaxa vítt og breitt um landið.

Óhætt er að segja að skógarnir á Suðurlandi vaxi og dafni. Að líta yfir afrakstur frumkvöðlanna er uppörvandi og má segja að þessi stund með skógarbændum þennan fallega miðvikudag hafi verið degi vel varið. Skógar eru svo sannarlega komnir til að vera; nú og til framtíðar.





Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is







LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA
HÖFUÐBORGARSVÆÐINU, VESTFJÖRÐUM OG SUÐURLANDI

Barnaverndarmál, forsjármál, hjónaskilnaðir, sambúðarslit, kaupmálar, erfðaskrár, seta í óskiptu búi og dánarbússkipti.

Skaðabótaréttur og réttarstaða ýmissa aðila vegna tjóns af FISKELDI.

Tímapantanir nauðsynlegar í síma **777 5729** og á netfangið ***thuridurhalldorsdottir@gmail.com***.

*Fyrsti tími að kostnaðarlausu.*

**Þuríður Halldórsdóttir lögmaður**
**Eco&LawConsult ehf**
**s. 777 5729**

GARÐYRKJA



# Sorpkvarnir

## – Uppfinning andskotans?

**Í sumum löndum er nokkuð um að komið sé fyrir sérstakri kvörn, tengd eldhúsvaskinum sem malar matarúrgang. Þannig má losa hann út í fráveitukerfið og losna við fyrirhöfnina sem fylgir því að koma honum fyrir á annan hátt.**

Þetta kerfi er eingöngu mögulegt þar sem fráveitulagnir borga, bæja og sveitarfélaga eru sérstaklega hannaðar fyrir slíka losun. Flestar kvarnir nota miðflóttaaflsdælur til að mylja matarleifar og draga til sín fitu og annan úrgang sem fer þessa leið.

*Ókostirnir eru margir*

Hér á landi eru þessi tæki sem betur fer lítið notuð, enda eru fráveitukerfi engan veginn hönnuð til að taka við öllu þessu viðbótarmagni lífræns efnis. Alkunna er hversu slælega mörg sveitarfélög hafa sinnt fráveitumálum enda afar kostnaðarsamt að setja upp fullkomnar hreinsistöðvar. Með réttu verklagi og fullkomnum búnaði er samt hægt að safna skólpi og hreinsa það svo vel að lokafrárennsli stöðvanna getur farið nokkuð hreint út í sjó. Mun erfiðara reynist að losna við afrennsli án neikvæðra umhverfisáhrifa þar sem þarf að notast við enn viðkvæmari viðtaka eins og ár og stöðuvötn. Það hefur reynst ganga hægt að koma upp fullkomnum hreinsistöðvum og almenningur mætti láta betur í sér heyra um þau mál.

Hvernig sem því er háttað eru íslensk frárennsliskerfi hreint ekki til þess fallin að taka við möluðum matarúrgangi í viðbót við „hefðbundið" skólp. Lagnakerfin eru of þröng og oft undir allt of miklu álagi nú þegar.

*Lausnirnar eru einfaldar*

Allur afskurður við matseld ætti að sjálfsögðu að fara í endurvinnslu. Sú endurvinnsla gæti sem best átt sér stað á heimilinu, með einföldum jarðgerðaraðferðum. Annar kostur er að notast við lífrænu ílátin sem ættu, lögum samkvæmt, að vera við öll heimili og þjónustuð af viðkomandi sorphirðufyrirtækjum.

Flokkun lífræns heimilissorps er einfalt verkefni sem er fæstum ofviða. Hér er um að ræða mikil verðmæti í formi lífrænna efna sem eru notuð ýmist sem jarðvegs-næringarauki í ræktun í heimilisgarðinum eða í miðlægum jarðgerðarstöðvum. Upplýsingar um heimilisjarðgerð er víða að finna, bæði hefðbundna loftháða jarðgerð og loftfirrða vinnslu, sk. Bokashi-gerjun.

*Samfélagslegar áskoranir*

Sorpkvarnir eru dýr heimilistæki sem ganga fyrir rafmagni. Til að þær virki sem skyldi þarf að skola efninu niður með miklu vatni sem að sínu leyti veldur auknu álagi bæði á vatnsveitur og frárennsliskerfi. Þær þarfnast viðhalds og það þarf að skipta um síur reglulega. Einnig verður að hafa fyrir því að saxa allan úrgang þannig að hann komist niður í gegnum eldhúsvaskinn. Þá er hætt við að óæskileg efni eins og fita, plast- og málmagnir slæðist með og valdi stíflum og kostnaðarsömum tæknilegum vandamálum í hreinsunarferlinu.

Myndist stíflur nærri vaski eða á einkalóð vegna uppsafnaðra matarleifa úr sorpkvörninni er það á ábyrgð húseiganda að sjá um hreinsun, viðhald og hugsanlegar endurnýjanir lagna, sem getur verið erfitt að framkvæma svo vel sé í þeim lagnabúnaði sem við eigum að venjast.

Í nágrannalöndum okkar hefur notkun sorpkvarna ekki náð verulegum vinsældum og í mörgum sveitarfélögum er notkun þeirra beinlíns bönnuð.

Er þá horft til verulegs kostnaðarauka við hreinsanir á lögnum og tækjabúnaði sveitar- og bæjarfélaga sem af notkun þeirra hlýst auk tæringar lagna, auknum ágangi rotta og músa sem þarf að verjast og að sjálfsögðu vegna þess að aðrar leiðir við losun eru mun skynsamlegri með tilliti til umhverfisáhrifa.

Þess eru jafnvel dæmi að sveitarfélög hafi lagt í það átak að greiða heimilum fyrir að taka niður sorpkvarnir vegna alls þessa álags.

*Umhverfið*

Staðbundin ofauðgun næringarefna getur valdið raski á vistkerfum strandsvæða nærri skólpræsum og er oftast tengd frárennsli frá heimilum og alls kyns mannlegum athöfnum. Ekki er á bætandi með því að hleypa í gegnum eldhúsvaskinn auknu magni lífrænna efna í formi hakkaðra matarleifa. Það er fyrst og fremst nitur og fosfór sem getur valdið ofauðgun en þessi efni er einmitt að finna í ríkum mæli í matarleifum.

Molta sem myndast við jarðgerð er mjög ákjósanlegur næringarauki, bæði í heimilisgarðinum, á opnum svæðum í eigu sveitarfélaga, á golfvöllum og til að bæta jarðveg sem þarf á lífrænu efni að halda sem og við landgræðslustörf og gróðursetningu nýskóga. Önnur afurð jarðgerðar er lífgas sem nota má sem orkugjafa.

Þannig má nýta lífrænan eldhúsúrgang sem verðmætt efni í stað þess að láta hann hverfa í gegnum sorpkvörnina, jafnvel með neikvæðum áhrifum á umhverfi og vellíðan fólks.

***Ingólfur Guðnason***
*brautastjóri garðyrkjubrauta, Garðyrkjuskólanum Reykjum/FSu*

Á FAGLEGUM NÓTUM

Stöðluð vinnubrögð:

# Ekki einungis fyrir stóru búin



**Snorri Sigurðsson**
snorri.sigurdsson@outlook.com

**Kýr og allir nautgripir hafa afar sterkar grunnþarfir og eru mikil vanadýr, svo þegar við vinnum með þessar skepnur er einn af lyklunum að góðum árangri að gera umhverfið og vinnuna í kringum gripina eins einsleita og hægt er.**

Þetta er best gert með kerfislægri nálgun með því að útbúa svokallaða SOP ferla (Standard Operating Procedure). Því leiðinlegra sem það er fyrir okkur, því betra er það fyrir nautgripina. Sama umhverfi, sama fóður, sama stjórnun, sama rútína – alla daga, allt árið! Sé þetta í boði gefur það þann stöðugleika og hina kerfisbundnu nálgun sem skepnurnar eru ánægðastar með og það skilar sér í t.d. meiri vexti og/eða mjólk!

Notkun á SOP á kúabúum víða um heim hefur farið ört vaxandi á undanförnum árum og úttekt á hundruðum kúabúa af ýmsum stærðum í fjölmörgum löndum hefur sýnt að þau bú, þar sem notaðir eru fyrir fram ákveðnir og fastir verkferlar, eru að jafnaði betur rekin en hin sem ekki notast við slíka ferla. Þannig eru þeir bændur, sem nálgast verkefnin á sínum kúabúum á kerfisbundinn hátt með notkun á stöðluðu verkferlaskipulagi, almennt að ná betri árangri en hinir. Þetta skýrist fyrst og fremst af því að þó svo að við séum þaulvön ákveðnum verkum, þá getur alltaf komið upp breytileiki í vinnubrögðunum sem hefur áhrif á gripina.

*Aðeins fyrir stóru búin?*

En hvers vegna er ekki algengara, en raun ber vitni um, að sjá bændur nota SOP við verk á kúabúunum, jafnvel þótt þeir viti jafnvel að það virki og bæti rekstur búsins?

Mig grunar að ástæðan sé sú að flestir bændur gætu nánast séð um algengustu verkin á sínum búum með lokuð augun, þ.a. kunna alla verkþætti svo vel að þegar og ef þeir lesa um góðan árangur við notkun á SOP þá sjái þeir ekki beint tilgang með því. Þeir séu í raun og veru með staðlaða verkferla, þeir séu bara ekki skrifaðir niður. Þetta er a.m.k. mín reynsla og sérstaklega meðal kúabænda sem eru með færri en 500 kýr. Afstaða margra þeirra er að SOP kerfi séu aðallega gagnleg fyrir „stærri bú" enda væri það nánast flokkað sem kæruleysi ef ekki væru notaðir staðlaðir verkferlar á slíkum búum. Stærri búin eru nefnilega oftast mjög fljót að taka upp fasta verkferla við dagleg störf, ekki síst vegna þess að á þessum búum eru oftast margir starfsmenn og þá sjá bændurnir sér enn meiri hag í því að gera hlutina eins stöðuga og hægt er á milli vakta.

Þessi nálgun við dagleg og reglubundin verkefni á kúabúum á þó ekki síður við um minni kúabúin líka.

*Ef það virkar fyrir flugmenn ...*

Það er auðvelt að skilja að bændur séu efins um að það hjálpi að skrifa niður þá verkferla sem þeir vinna daglega við, eitthvað sem þeir kunna utan að!

Það er þó margsannað að þetta virkar einmitt sérstaklega vel hjá þeim sem vinna við staðlaða vinnu. Hefur þú t.d. einhvern tíma velt því fyrir þér af hverju atvinnuflugmenn nota alltaf staðlað form? Það hvarflar varla að nokkrum að þeir kunni ekki að taka á loft, fljúga og lenda flugvél enda gera þeir það næstum á hverjum degi, rétt eins og kúabændur sinna sínum daglegu og reglubundnu verkum. En jafnvel með sína miklu reynslu flugmanna þá styðjast þeir við stöðluð form sem taka þá skref fyrir skref í gegnum verkefnið.

Hvers vegna? gætir þú spurt. Jú, til að minnka líkurnar á því að mistök verði. Þetta er nákvæmlega það sama og á við um staðlaða verkferla á kúabúum, þeir eru gerðir til að minnka líkurnar á minni háttar mistökum og því einsleitari sem verkin eru, því betra er það fyrir skepnurnar.

*Hvernig gert?*

Þegar kemur að því að útbúa SOP fyrir algenga verkferla á kúabúum er oftast byrjað á því að taka fyrir þá verkþætti sem tengjast viðkvæmustu hópunum á búinu. Eftir það er síðan farið yfir önnur dagleg og reglubundin verk þar til búið er að ná utan um öll venjubundin störf búsins.

Reynslan sýnir að árangursríkast er að útbúa SOP með myndum og texta en þetta er vissulega misjafnt eftir bændum, þ.e. hvað hentar hverju sinni. Aðalatriðið er að ganga úr skugga um við gerð á SOP að þar sé verkferlinum lýst á þann hátt að hver sem er, sem er vanur búskap, gæti í grundvallaratriðum tekið sig til og fylgt leiðbeiningunum án aðstoðar og klárað verkefnið með sóma. Ef það er hægt, þá hefur tekist vel til!

*Aðeins 5 SOP?*

Á hverju kúabúi ættu að vera tugir mismunandi lýsinga fyrir hina daglegu og reglubundnu verkferla



**Þrátt fyrir mikla reynslu nota flugmenn staðlaða verkferla til þess að draga úr hættu á mistökum.**



**Staðlaðir verkferlar í kringum það hvernig kálfar eru meðhöndlaðir við fæðingu, s.s. vigtun, eru mikilvægir.**


Skráning á því hvernig standa eigi að þrifum á drykkjarstöðum nautgripa getur reynst mjög gagnleg.

en til að draga saman efnið verður hér útbúið dæmi þar sem einungis er hægt að búa til 5 SOP. Ef svo væri, þá myndi greinarhöfundur leggja til við viðkomandi kúabónda að gera eftirfarandi:

**Nr 1**, skrá niður og staðla hvernig staðið er að því að meðhöndla kálfa við fæðingu.

Hvað eigi að gera og hvenær, eins og t.d. broddmjólkurgjöf (magn, gæði brodds og hvenær), skráningu, merkingu, vigtun, hreint umhverfi o.fl. mætti skrá niður,

**Nr 2**, hvernig næstu dagarnir í lífi kálfsins eiga að vera. Hvernig staðið skuli að daglegri mjólkurfóðrun, hvenær kálfur fái aðgengi að kjarnfóðri í fyrsta skipti, hvernig fylgst sé með áti á kjarnfóðri, hvernig daglegt heilsufarsmat skuli framkvæmt og skráð, hvenær eigi að byrja að draga úr mjólkurgjöf o.þ.h.

**Nr 3**, myndi tengjast því hvernig eigi að bregðast við ef kálfur veikist. Hér gæti t.d. verið lýst atriðum eins og meðferð, einangrun, hvernig eigi að sótthreinsa umhverfið þar sem veikur kálfur hefur verið o.s.frv.

**Nr 4**, gæti t.d. snúið að því hvernig staðið er að vinnu við mjaltir og þá fyrir þá sem eru með mjaltaþjóna hvernig vinnubrögðunum er háttað í kringum þær kýr sem þarf að sækja svo dæmi sé tekið. Bændur með hefðbundin mjaltatæki gætu hér t.d. verið með lýsingu á því hvernig koma eigi fram við kýr við mjaltir, hvernig auðkenna eigi kýr sem eru hægmjólkandi eða í meðhöndlun, hvernig standa eigi að því að þrífa spena og spenaenda, hversu langur örvunartíminn eigi að vera o.s.frv.

**Nr 5**, í þessu tilbúna dæmi hér gæti t.d. snúið að kúm með ætlaða júgurbólgu. Hér má tiltaka hvernig á t.d. að taka spenasýni, hvernig á að gefa lyf og hvenær, hvernig frátöku á mjólk sé háttað hjá viðkomandi grip, hvað eigi að gera við mjólkina o.s.frv.

Hér að ofan voru tekin 5 dæmi um SOP fyrir kúabú, en í raunveruleikanum ættu bændur ekki að halda aftur af sér og búa til eins mörg SOP og þeir vilja: fyrir fóðurblöndun, til að fóðra, til að ýta að fóðri, fyrir þrif á mjaltaaðstöðu eða legubásum og svona má lengi telja. Sé þetta gert aukast líkurnar á því að búið verði enn betur rekið en nú er!





Ekki tapa öllu úr frystinum!
Með hitaeftirliti færðu skilaboð um leið og eitthvað er að.
MÆLIBÚNAÐUR
www.maelibunadur.is - sími 661-1169 - sala@maelibunadur.is

TGB
Play different
TGB Blade 600 LTX
100L kassi og hiti í handföngum

-561cc mótor 45 hestöfl
-Rafmagnsstýri
-spil 3000lbs
-4wd/2wd með driflæsingum að framan
-Dráttarkrókur
-Hátt og lágt drif
-18l bensíntankur
-12" Álfelgur / 25" Kenda Bighorn
-T3b dráttavélarskráning
Fullt verð 2.065.890 m.vsk
Tilboð: 1.750.000kr m.vsk.
HRAUNHAF
www.hraunhaf.is / info@hraunhaf.is
696-5198 / 898-2663


VERKEFNASTJÓRI ÓSKAST
ÁRBÖÐIN Í LAUGARÁSI
Mannverk leitar að öflugum verkefnastjóra til að stýra byggingaframkvæmdum við nýtt baðlón á Suðurlandi. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni og skemmtilegar áskoranir með góðri liðsheild.

STARFSSVIÐ
- Fag- og fjárhagsleg umsjón með framkvæmdum
- Undirbúningur og stjórnun verkefna
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Kostnaðareftirlit

MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR
- Verkfræði- eða tæknimenntun
- Farsæl starfsreynsla af verkefnastjórnun byggingaframkvæmda
- Þáttaka í baðlónaverkefnum kostur
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Góð kunnátta í ensku og íslensku

ÁRBÖÐIN Í LAUGARÁSI
Framkvæmdir við nýtt baðlón í Laugarási Biskupstungum eru í undirbúningi en stefnt er að opnun í maí 2025. Baðlónið verður staðsett á bökkum Hvítár og mun heita Árböðin. Hönnun stendur nú yfir og framkvæmdir munu hefjast í upphafi næsta árs. Arkitektar eru T.ARK, verkfræðihönnun er hjá Eflu og Hildiberg sér um lýsingarhönnun. Staðsetningin í Laugarási er í miðju uppsveitanna, nærri gullna hringnum og stutt í helstu náttúruperlur og sögustaði.

Mannverk er verktaka- og þróunarfélag sem sérhæfir sig í verkefna-, hönnunar og byggingastjórnun ásamt almennri framkvæmdaráðgjöf. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á www.mannverk.is
Umsóknarfrestur er til 4. október og skal senda ferilskrá á mannverk@mannverk.is.
Nánari upplýsingar veitir Hjalti Gylfason (hjalti@mannverk.is) í síma 7711100.
MANNVERK FRAMKVÆMDIR OG RÁÐGJÖF



vörukaup
Tel. 516-2600 | vorukaup@vorukaup.is
CLAGE

LESENDARÝNI

# Sömu tækifæri um allt land

**Ísland eignaðist nýlega einhyrning, frumkvöðlafyrirtæki sem er metið á yfir einn milljarð bandaríkjadala.**

Nýsköpunarfyrirtækið Kerecis, sem nýtir sér auðlindir sjávar í þeim tilgangi að útbúa lækningavörur, var stofnað og byggt upp á Ísafirði og selt fyrir metfjárhæð. Kerecis hefði ekki byggst upp á Vestfjörðum ef þar væri ekki fyrir vel menntað fólk sem hefur umsjón með rannsóknum, þróun og framleiðslu.

Sumt af því fólki hefur þurft að flytja landshorna á milli og jafnvel til annarra landa til að verða sér úti um menntun. Aðrir hafa haft kost á því að nýta sér fjarnám og þannig fengið tækifæri til að búa sér og fjölskyldum sínum heimili í heimabyggð á meðan það viðar að sér ómetanlegri þekkingu og færni. Ef fólkið sem fór burt hefði ekki komið aftur hefði Kerecis líklega aldrei orðið að því sem það varð.

Að sama skapi þarf öll þjónusta að vera til staðar í nærsamfélagi, þar með talin heilbrigðisþjónusta. Ljósmæður á Norðurlandi og Sjúkrahúsið á Akureyri hafa nýlega vakið athygli á því að ljósmæðrum fjölgar lítið fyrir norðan eftir að fjarnám í ljósmóðurfræðum var lagt niður fyrir 15 árum. Fæðingarþjónusta er lykilatriði í því að halda byggð í landinu en það eiga þess ekki allir kost að flytja milli landshluta með börn og buru til að leggja stund á það nám sem hugurinn leitar til. Það hefur greinilega orðið raunin með ljósmóðurfræðina.

*Árangurstengd fjármögnun*

Í nútímasamfélagi gefast þó ýmis tækifæri til að stunda ýmiss konar fjarnám og fjarvinnu, en betur má ef duga skal. Sjálf hef ég ferðast um landið og sett upp skrifstofu ráðherra óháð staðsetningu á kjörtímabilinu. Það hefur verið mér dýrmætt að hitta og tala við fólk um land allt og heyra af þeim tækifærum og áskorunum sem það fæst við í byggðum landsins. Oft er mikill samhljómur í þeim málum sem fólk viðrar en eitt atriði stendur þó upp úr; ákall um aukið fjarnám á háskólastigi. Það er eðlilegt ákall því fjarnám er nauðsynlegt svo að byggðir landsins blómstri og að fólk geti valið að búa þar sem hjarta þeirra slær.

Fyrr í vikunni kynnti ég áform um gagngera breytingu á fjármögnun



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

háskóla á Íslandi þar sem farið er úr ógagnsæju og margdrifnu kerfi frá 1999 í árangurstengda fjármögnun. Um árabil hefur verið kallað eftir endurskoðun á kerfinu til að auka skilvirkni og gæði háskólanna. Kerfið hefur hingað til ekki búið til þá hvata sem eru forsenda meiri árangurs háskólanna. Breytingarnar fela í sér að fjármögnun til kennslu og rannsókna verða árangurstengdar ásamt því að í fyrsta sinn er kynnt til leiks sérstök fjármögnun til að mæta samfélagslegu hlutverki háskóla, sem m.a. felst í nýsköpun í kennslu sem og að jafna tækifæri til náms óháð búsetu, uppruna og samfélagsstöðu. Þetta þýðir að með nýju skipulagi myndast í fyrsta skipti hvati fyrir háskólana í landinu til að efla fjarnám og bjóða ný tækifæri fyrir fólk um allt land. Í stað þess að skólarnir sjái aukið fjarnám sem byrði eða óyfirstíganlegt verkefni verður þeim nú beinlínis umbunað fyrir að bjóða upp á slíkt og styrktir til að efla námsframboðið. Í samræmi við byggðasjónarmið og áherslur um að menntun verði gert hátt undir höfði í öllum landshlutum sem og velsældaráherslu ríkisstjórnarinnar, þá verður í fyrsta sinn sérstök fjármögnun til eflingar byggðar fyrir landsbyggðaháskóla sem bjóða upp á staðnám. Þetta er mikilvægt til að gæta að háskólasamfélögum um allt land vegna smæðar skólanna og eðli náms svo sem á sviði búvísinda, sem er dýrara nám en stærri skólar bjóða upp á á höfuðborgarsvæðinu

Í fólki um allt land býr kraftur, sköpunargáfa og hæfileikar. Fái landsmenn allir tækifæri til að efla sig enn frekar í háskólanámi í sinni heimabyggð – hvort sem það er færni í að aðstoða fæðandi konur og bjóða nýja einstaklinga velkomna í heiminn, umbreyta fiskroði í lækningamátt – eða eitthvað alveg nýtt – þá munu heimabyggðir þeirra fá að njóta afrakstursins og byggð blómstra um allt land. Við höfum öll hagsmuni af því og það mun auka lífsgæði hér á landi enn frekar.

***Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir***
*háskólaráðherra*



Ánægðir nemendur eftir einstaklega lærdómsríka daga og góðar móttökur í Danmörku. Myndir / Helena S. Stefánsdóttir

# Námsferð nema Garðyrkjuskólans

**Þann 19. ágúst sl. héldu af stað 24 nemendur í námsferð til Danmerkur. Ferðinni var heitið á Blomsterfestivalen í Óðinsvéum en þar er árleg blómahátíð.**

Í einmuna blíðu var sunnudeginum varið í að skoða sýninguna, en allur miðbærinn var undirlagður af margs konar blómaskreytingum og garðlistaverkum og fjöldi fólks og fyrirtækja kom að sýningunni. Margs konar sölubásar með plöntum, verkfærum og handverki eru ómissandi þáttur af sýningunni.

Mánudaginn 21. ágúst var ferðinni heitið í GASA group, en það er heildsali og dreifingaraðili fyrir blóma- og plöntuframleiðendur um öll Norðurlönd og víðar. Þar fengum við að kynnast starfseminni, skoða húsnæðið þeirra og fræðast um það hvernig starfsemin yrkju fer fram. Þegar heimsókninni hjá þeim lauk var haldið í Kortegaard, sem er garðstöð sem sérhæfir sig í framleiðslu götutrjáa. Þar fengum við að skyggnast inn í verkferla í framleiðslu sem við þekkjum ekki hérlendis. En þetta fyrirtæki ræktar tré fyrir sveitafélög og garðyrkjufyrirtæki



Á Blomsterfestivalen í Óðinsvéum var fjölbreytt upplifun fyrir allan aldur.



Í Tækniskólanum í Hróarskeldu var margt að sjá og fjölbreyttur tækjakostur var ákveðið menningarsjokk.

sem vilja fá ákveðnar tegundir í ákveðinni hæð og panta tré mörg ár fram í tímann.

Þriðjudaginn 22. ágúst skiluðum við af okkur herbergislyklum á hótelinu í Óðinsvéum og héldum af stað með rútu til Hunsballe grönt. Claus Hunsballe tók þar á móti okkur, en hann er garðyrkjubóndi sem ræktar fyrst og fremst jarðarber, bæði hefðbundin og lífræn, ásamt því að rækta lauk í knippum, kúrbít og hnúðsellerí. Þarna skoðuðum við húsin sem hann ræktar jarðarberin í, en þau eru aðeins stærri í sniðum en við þekkjum hér heima og má nefna sem viðmið að fyrsta húsið sem við skoðuðum hjá honum er 1 hektari að stærð og það er bara eitt hús af mörgum.

Næst lá leiðin í Tækniskólann í Hróarskeldu, Roskilde tekniske skole, þar kynntum við okkur garðyrkjudeildina og fræddumst um þær námsleiðir sem eru í boði. Line Juliane Ronne leiddi okkur um skólann þar sem við fengum að skoða margbreytilegar vélar og tæki sem nemendur fá að nota í sínu námi, ásamt gróðurhúsum og ræktunarsvæðum utandyra sem eru mjög vel búin til kennslu.

Síðasta stoppið okkar var svo í Skovskolen, sem er hluti af Kaupmannahafnarháskóla. Þar tók Bent Jensen á móti okkur og byrjaði á að fræða okkur um sögu skólans. Skovskolen kennir allt sem við kemur skógum og viðhaldi skóga, trjáklifur, umgengni við veiðidýr og skógnytjar. Svo fór hann með okkur um svæðið og tók smá verklega kennslu í að saga með langsög. Að lokinni skoðunarferð um svæðið bauð Bent okkur svo í mat í mötuneyti skólans.

Í lok dags héldum við svo til Kaupmannahafnar þar sem við gistum síðustu tvær næturnar. Það sem eftir var ferðar var frjálst og nýttu nemendur í að skoða Grasagarðinn í Kaupmannahöfn, Kongens have, tívolígarðinn og fleira garðyrkjutengt, eftir áhugasviði hvers og eins.

Okkur er ljóst eftir þessa ferð að möguleikarnir í garðyrkju eru endalausir, það þarf einungis vilja og hugmyndaflug. Danir eru töluvert framar en við í mörgu og getum við svo sannarlega nýtt okkur það og lært af þeim. Það á ekki bara við um garðyrkjustöðvarnar heldur líka aðstöðu og búnað garðyrkjuskólanna þarna ytra sem er margfalt betri en hér á Íslandi. Við þurfum að fá stjórnvöld til þess að fjárfesta í grænni framtíð og uppbyggingu Garðyrkjuskólans á Reykjum.

***Jóhanna Hjaltadóttir***
***og Helena Stefánsdóttir***

Nesdekk er umboðsaðili MAXXIS DEKK á Íslandi

DEKK FYRIR
FJÓRHJÓL OG BUGGY



| MAXXIS DEKK | MAXXIS DEKK | MAXXIS DEKK | TOYO TIRES |
|---|---|---|---|
| **Bighorn 1 & 2** | **Carnivore** | **Liberty ML3** | **Toyo MT/SXS** |
| **Radíal fjórhjóladekk** Með breiðan snertiflöt tryggir jafnt og gott grip. Hentar í nánast allt undirlag, sand, drullu og snjó. | **Radial - Buggy bílar** Gróft mynstur sem tryggir gott grip á klettum, rótum, sandi og drullu. Hentar í fjölbreitt undirlag. | **Radíal - Buggy bílar** Hentar fyrir þunga hleðslu. Mynstur á dekki gefur jafnt og gott grip. | **Radíal - Buggy bílar** Tryggir gott grip á slóðum, ójöfnu yfirborði og drullu. |



Bókaðu tíma fyrir bílinn þinn og skoðaðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Breiðhöfði 13 110 Reykjavík 590 2080 Tímabókun
Fiskislóð 41 101 Reykjavík 561 4110 Tímabókun
Skeifan 9 108 Reykjavík 590 2098 Tímabókun
Lyngási 8 210 Garðabæ 565 8600 Tímabókun
Njarðarbraut 9 260 Reykjanesbæ 420 3333 Tímabókun
Njarðarnesi 1 603 Akureyri 460 4350 Tímabókun
Austurvegur 54 800 Selfossi 590 2095 Tímabókun

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200



## Eyrarbakki:

# Sumarferð félags eldri borgara

**Félag eldri borgara á Eyrarbakka fór sumarferð þann 31. ágúst sl. og var farið vítt og breitt um Reykjanesið.**

Sérstök hátíðarmóttaka var í Byggðasafninu á Garðskaga. Þar ræður ríkjum Margrét I. Ásgeirsdóttir, fv. yfirbókavörður Bókasafns Árborgar. Hún veitti faglega og ljúfmannlega leiðsögn um safnið.

Meðfylgjandi mynd var tekin við safnið í lok heimsóknarinnar og á henni eru frá vinstri: Skúli Þórarinsson, Norma Einarsdóttir, Margrét I. Ásgeirsdóttir (safnstjóri), Kristín Eiríksdóttir, Guðrún Thorarensen, Kristín Vilhjálmsdóttir, Guðný Rannveig Reynisdóttir, Inga Kristín Guðjónsdóttir, Erla Karlsdóttir, Sigríður Sæmundsdóttir, Jónína Kjartansdóttir, Trausti Sigurðsson, Ólöf Guðmundsdóttir, Vilbergur Prebensson, Kristján Gíslason, Unnur Ósk Kristjónsdóttir, Erlingur Guðjónsson, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Kristinn Þórarinsson, Alda Guðjónsdóttir, Emil Ragnarsson, Jón Gunnar Gíslason og Björn Ingi Bjarnason.

## Húsavík:

# Réttað hjá félagi tómstundabænda

**Réttað var í Húsavíkurrétt á dögunum og var margt um manninn í réttinni.**

Að sögn Atla Vigfússonar í Laxamýri er forystuhrúturinn Moli mjög sérstakur og vel þekktur á Húsavík, en fagnaðarfundir urðu þegar þeir félagar, Aðalsteinn Árni Baldursson, hittust í réttinni.

Vegna þoku þurfti að seinka smölun um einn dag en það kom ekki að sök. Mikill áhugi er á fjárrækt í félagi tómstundabænda á Húsavík og er réttardagurinn jafnan mikill hátíðisdagur.

Að sögn Atla komu allir með fjárbókina og vel var fylgst með heimtum. Féð var fallegt að sjá og heldur vænna en í fyrra.



Aðalsteinn Árni Baldurson með félaga sínum, forystuhrútnum Mola.
















LESENDARÝNI

# Þúsund tonna kornþurrkstöð í Eyjafirði of lítil

**Í vor vann ég lokaverkefni mitt í búvísindum við Landbúnaðarháskóla Íslands. Fjarðakorn, kornræktarfélag í Eyjafirði kom með hugmynd að verkefni sem var að skoða fýsileika og hagkvæmni þess að reisa kornþurrkstöð í Eyjafirði.**


Oddleifur Eiríksson.

Áhugi á eflingu kornræktar hefur aukist að undanförnu, bæði meðal bænda og ráðamanna, en innviðir fyrir greinina eru takmarkaðir. Rakastig korntegunda við þreskingu er oft of hátt fyrir langtímageymslu. Á Íslandi er korn oft skorið við 25–40% rakastig en hámarks rakastig korns svo það sé geymsluhæft í eitt ár er 14,5%.

Með því að fjarlægja vatnið úr korninu, lækkar vatnsvirkni þess og örverur geta því ekki vaxið og spillt korninu. Einnig er hægt að votverka korn en meirihluti af korni á Íslandi er votverkaður (60%). Votverkun hentar þó ekki til dæmis í kjarnfóður- og matvælaframleiðslu en til þeirrar notkunar þarf að þurrka það. Kornþurrkun fer fram með því streyma miklu magni af lofti um kornið. Hægt er að stytta þurrktímann bæði með því að hækka hitastig loftsins sem blásið er um kornið og með auknum blástursþraða. Of hátt hitastig loftsins getur hins vegar skemmt kornið og dregið úr spírunarhæfni þess. Bæði er hægt að nota olíu og gas til að hækka hitastig þurrkunarloftsins.

Á Íslandi er víða að finna heitt vatn sem má nýta til þurrkunar á korni og getur verið talsvert ódýrara heldur en að nota til að mynda olíu. Þurrkun korns er ein orkufrekasta aðgerð landbúnaðar í löndum tempraða beltisins. Í byggræktun í Finnlandi er þurrkun um 30% af beinum orkukostnaði framleiðslunnar. Þrátt fyrir það er þurrkun korns mest notaða verkunaraðferðin í Finnlandi og er um 85–90% af kornuppskerunni þurrkuð.

### *Kornþurrkarar*

Þegar það kemur að vali á kornþurrkara þarf að hafa í huga að þurrkarinn nái að anna afköstum þreskivélanna. Að hafa tækja- og mannafla aðgerðalausan er kostnaðarsamt sem, eðli málsins samkvæmt, tefur kornskurðinn.

Hægt er að flokka kornþurrkara í gerðir eftir uppbyggingu og virkni þeirra. Þannig má skipta þeim í lotuþurrkara (e. batch load), gegnumstreymisþurrkara (e. continuous-flow) og hringrásar lotuþurrkara (e. recirculating dryers). Í gegnumstreymisþurrkurum er korni dælt í gegnum þurrkarann og það þurrkað samstundis. Þetta er afar orkufrek aðferð til að þurrka korn en helsti kostur þessara þurrkara er sá að hann getur tekið við miklu magni af korni á stuttum tíma. Einhver hætta er á skemmdum á korninu sökum þess hve hröð þurrkunin er en hægt er að koma í veg fyrir það með réttum stjórnunarháttum. Lotuþurrkarar virka þannig að ákveðinn kornskammtur er settur inn í þurrkarann og sá skammtur þurrkaður í einni lotu. Tíminn sem fer í að fylla og tæma þurrkarann nýtist ekki til þurrkunar og þurrkunin getur orðið ójöfn þar sem kornið sem er næst loftinntakinu þornar meira en kornið sem er fjær því.

Hringrásarlotuþurrkarar eru síðan í raun blanda af lotuþurrkara og gegnumstreymisþurrkara. Þeir virka þannig að kornið sem er á botninum er flutt með snigli, lyftu eða sambærilegu efst í síloið. Með því að halda korninu á hreyfingu í þurrkaranum verður rakastig, þurrkaða kornsins einsleitara. Hringrásin á korninu er sérstaklega þörf þar sem rakastig korns við uppskeru er mismunandi. Í Norður-Evrópu er þetta algegnasta gerð þurrkara.

### *Eyfirðingar ættu að huga að stækkanlegri 2.000 tonna stöð*

Verkefnið mitt var tilviksrannsókn. Tilviksrannsókn er fræðileg athugun á tilteknu máli, manneskju, hóp eða atviki í raunverulegum kringumstæðum. Þó það sé ekki hægt að draga almenna ályktun um uppsetningu þurrkstöðva út frá verkefninu, má hugsanlega nýta svipaðar aðferðir og notaðar voru í verkefninu til að skoða önnur sambærileg atvik.

Markmið verkefnisins var að kanna fýsileika og hagkvæmni kornþurrkstöðvar í Eyjafirði. Kornræktendum í Eyjafirði hefur þó einnig verið boðið að þurrka korn sitt í graskögglaverksmiðju við Húsavík sem til stendur að reisa. Viðbót við verkefnið var því að meta flutningskostnað bæði fyrir þurrkstöð í Eyjafirði og Þingeyjarsveit og bera saman. Unnið var út frá sviðsmynd núverandi ræktunar og einnig hámarksræktun ef uppbygging til kornræktar tækist vel.

Spurningalisti var sendur út á kornræktendur í Eyjafirði meðal annars til að finna út núverandi ræktun. Þeir bændur, sem sögðust myndu nýta sér þurrkarann yrði hann reistur, rækta um 1.250 tonn.

Sömu bændur myndu rækta að hámarki um 2700 tonn ef uppbygging kornræktar tekst vel til. Ríflega 60% af þeim sem svöruðu spurningalistanum voru tilbúnir að leggja til hlutafé í stöðina. Flutningskostnaður við að flytja korn til og frá Húsavíkur voru um 5,9 kr/kg samanborið við 2,3 kr/kg ef kornið var flutt að Syðra-Laugalandi í Eyjafirði þar sem ný kornþurrkstöð yrði líklega reist ef til kæmi. Þó er hagkvæmara að flytja kornið til Húsavíkur heldur en að þurrka það í 1.000 tonna stöð á Syðra-Laugalandi vegna lægri þurrkkostnaðar í graskögglaverksmiðjunni.

Hins vegar er 2.500 tonna stöð í Eyjafirði hagkvæmari heldur en að flytja kornið til Húsavíkur en miðað við núverandi framleiðslu væri ekki hægt að fullnýta þá stöð.

Hægt er að lesa verkefnið í heild sinni sem og önnur áhugaverð lokaverkefni nemenda Landbúnaðarháskóla Íslands inni á skemman.is, safni námsritgerða og rannsóknarita.

***Oddleifur Eiríksson**, höfundur*
***Helgi Eyleifur Þorvaldsson**, leiðbeinandi*

# Kvikmyndin Konungur fjallanna

**Bíóhúsið á Selfossi var troðfullt af fólki sunnudagskvöldið 10. sept. sl. þar sem fram fór frumsýning á kvikmyndinni Konungur fjallanna. Kristinn Guðnason, fjallkóngur á Landmannaafrétti, lét gesti sína bíða eftir sér eins og alvöru kvikmyndastjarna.**


Guðni Ágústsson.

Mikil eftirvænting lá í loftinu og smalar og vinir fjallmannanna voru mættir. Ekkert er jafn heillandi eins og göngur og réttir á haustin. Myndin fangaði vel ævintýrið um líf og starf sauðfjárbóndans frá sauðburði til rétta. En hæst reis myndin við smalamennsku í einu fegursta fjalllendi Íslands inn við Landmannalaugar og Hekla er drottning öræfanna þar sem fjallkóngurinn Kristinn Guðnason stýrir liði sínu til smalamennsku. Myndin sýnir vel töfra íslenskrar náttúru, þar sem smalinn fer um fjöll og firnindi, sundríður ár og rekur lagðprúða hjörðina til rétta.



Fjallkóngurinn er sögumaður myndarinnar. Þar bregst Kristinn ekki, af hógværð og festu segir hann söguna. Kristinn er sannur bóndi og rekur af tilfinningu, þann unað sem smalamennskur, sauðkindin og hesturinn gefur bóndanum. Hann ann afrétti sínum og í 42 ár hefur hann stýrt liði sínu og farið í smalaferðir í ein sextíu ár. Gestir kóngsins og smalanna eru svo fólk frá mörgum þjóðlöndum, margir koma aftur haust eftir haust. Hver sá sem horfir á þessa mynd skilur á eftir hvílík menning er fólgin í smalamennskum um afrétti landsins. Hestar og menn svitna saman og gleðin yfirgnæfir allt erfiði. Myndinni er leikstýrt af Arnari Þórissyni og framleiðendur myndarinnar eru Áslaug Pálsdóttir og Guðrún Hergils Valdimarsdóttir. Tónlist er í höndum Úlfs Eldjárn og hljóð Péturs Einarssonar. Þessa kvikmynd verða allir að horfa á og hana ætti að sýna í skólum landsins. Myndin er ákall um forna og nýja menningu og landbúnað sem er einstakur á veraldarvísu. Ég skora á Sunnlendinga að njóta kvikmyndarinnar Konungur fjallanna í Bíóhúsinu á Selfossi næstu vikur. Enn fremur verður hún sýnd í Laugarásbíói í Reykjavík. Myndin kallar á fjölskylduferð í bíó.

***Guðni Ágústsson***






# Opið bréf til forsætisráðherra

**Nú styttist í jólin og í nýtt ár. Í landinu okkar eins og öðrum löndum um heiminn er fólk með ólæknandi sjúkdóma, bæði líkamlega og andlega sjúkdóma.**

Þessir sjúkdómar sem ég er að tala um er til að mynda krabbamein í sínum mörgum myndum, flogaveiki, MS, Alzheimer, MND, geðklofi, geðhvarfasýki, einhverfa, offita, hjartasjúkdómar og lömun svo eitthvað sé nefnt. Þetta fólk getur ekki unnið og verður að reiða sig á ríkið til að halda húsi yfir höfði sér og mat ofan í sjálft sig og fjölskyldu sína.


Dagbjört Gísladóttir og Gísli Hvanndal Jakobsson.

En málið er að 270 til 290 þúsund eða minna getur engan veginn hjálpað þessu fólki á mánuði nema að borga hluta af reikningum sínum, þegar það er búið að borga 150 þúsund til 200+ í leigu. Það er mikil fátækt á Íslandi og því miður er Ísland ekki besta landið lengur í heiminum á okkar tímum. En ríkisstjórnin virðist loka augunum fyrir fátækt og erfiðleikum bæði öryrkja og eldri borgara og velja að horfa í hina áttina og gleyma okkur. Já, ég er líka á örorkubótum vegna flogaveiki og móðir mín vegna krabbameins.

Ég er með spurningar til þín, Katrín.

Ætlar þú og ríkisstjórnin að gera eitthvað í desember fyrir öryrkja? Hversu mikil verður hækkunin á örorkubótum í janúar 2024?

Mig langar til að fá að draga upp mynd af einum aðstæðum öryrkja.

Ímyndaðu þér einstæðu feðurna þar sem lögheimilið er hjá barnsmóður eða öfugt. Þeir eða þær fá ekkert frá ríkinu með börnunum sínum. Öryrkjar með þrjú börn jafnvel, eins og svo algengt er í dag. Hvernig gengur það upp? Svarið er að það gengur ekki upp.

Hvenær fá öryrkjar að vera áhyggjulausir? Kvíðalausir, lausir við ótta um að missa allt og lenda á götunni því ríkið vill ekki hjálpa þeim? Ég tók bensín á bílinn fyrir 5 þúsund og fékk 15 lítra. En það er svo sem ekkert miðað við matvöruverð, afborganir af leigu, húsnæðislánum og/eða öðru.

Það er bersýnilegt að í augum ríkisstjórnar Íslands eru öryrkjar þriðja flokks borgarar. Eða það er allavega upplifun margra okkar. Ég verð bara að vera pínu beinskeyttur við þig, Katrín, því ég hef bara heyrt orð en ekki séð nein verk í þágu öryrkja og eldri borgara.

Öryrkjar þurfa að staðfesta reglulega til Tryggingastofnunar að þeir séu enn þá lamaðir, enn þá með MS og flogaveiki til að fá krónurnar sínar frá ríkinu.

Staðreyndin er sú að miðað við hækkun matvara í landinu, bensíns, leigu og alls annars að þá þurfa öryrkjar lágmark 450 til 500 þúsund á mánuði til að eiga fyrir leigu, afborgunum, mat og öðru út mánuðinn. Öryrkjar og allt fólkið í landinu er á dýrasta leigumarkaði sem ég hef fundið miðað við önnur lönd.

Stendur þú enn þá fyrir jöfnuði, Katrín? Er þetta velferðarkerfi sem við búum í?

Ertu til í að gera eitt fyrir mig? Hugsaðu þegar þú gekkst fyrst inn á þing. Hverjar voru hugsjónir þínar þá? Hverju vildir þú virkilega breyta og gera betra?

Mínar hugsjónir eru allavega „Einn fyrir alla og allir fyrir einn. Jöfnuður. Velferðarríki.

Ertu enn þá vinstri græn? Ertu kona fólksins í landinu? Þá meina ég alls fólksins í landinu. Ekki bara þá sem eiga stór ítök í bönkunum og tengjast stórum og sterkum fjölskylduböndum.

Inga Sæland alþingiskona hefur gert hvað eitt mest fyrir aldraða og öryrkja í landinu. Hún er stórkostlegasti alþingismaður síðasta áratugar í sögu Íslands. Það munu allir muna eftir henni löngu eftir að hún kveður þetta jarðlíf því hún er samkvæm sjálfri sér og stendur við orð sín þó margir reyni að berjast á móti henni. Inga Sæland er sjálfri sér trú og fólkinu í landinu.

Ég bið þig innilega að taka hana til fyrirmyndar og hjálpa fólkinu í landinu sem þarf á því að halda, Katrín. Því þetta fólk, Katrín, reiðir sig allt á þig og ríkisstjórn Íslands. Þú bókstaflega, ásamt Alþingi, hefur líf okkar og lífsgæði í höndum þar.

Virðingarfyllst,

***Gísli Hvanndal Jakobsson**,*
*tveggja barna faðir,*
*með sjúkdóminn flogaveiki.*

# Aukinn stuðningur til vínbænda innan ESB á árinu 2023

**Í júní síðastliðnum samþykkti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sérstakar ráðstafanir til að bregðast við ójafnvægi á vínmarkaði víða innan ESB.**


Erna Bjarnadóttir.

Þessar ráðstafanir eru grundvallaðar á sameiginlegri landbúnaðarstefnu ESB (e. Common Agricultural Policy, CAP). Samkvæmt gildandi áætlunum um stuðning við vínframleiðslu verður nú mögulegt fyrir aðildarríkin að gera ráðstafanir til að fjarlægja umfram vín af markaði. Með öðrum orðum að stýra framboðinu til að koma í veg fyrir verðfall á afurðunum. Einnig var heimilaður aukinn sveigjanleiki í framkvæmd vínstuðningsáætlana til að draga úr vínframleiðslu, svo sem aukinn sveigjanleika til að fjarlægja berjaþrúgur áður en þær eru fullþroskaðar til víngerðar, svokallað „græn uppskera“ eða „green harvesting“.

### *Hvað kallar á aukinn stuðning við vínrækt?*

Í reglugerð ESB sem innleiðir þennan aukna stuðning kemur fram að víngeirinn hafi orðið fyrir barðinu á samdrætti í neyslu vegna mikilla hækkana á verði matvæla og drykkjarvara, sem auk góðrar uppskeru 2022 og afleiðingar markaðsörðugleika í kjölfar heimsfaraldursins hafa leitt til birgðasöfnunar.

Framleiðsla á víni Evrópusambandsins jókst um 4% á þessu ári miðað við árið áður en upphafsbirgðir voru 2% hærri miðað við meðaltal síðustu 5 ára. Samdráttur í vínneyslu á yfirstandandi markaðsári er áætlaður 7% á Ítalíu, 10% á Spáni, 15% í Frakklandi, 22% í Þýskalandi og 34% í Portúgal. Samhliða því hefur vínútflutningur ESB á tímabilinu janúar til apríl 2023 verið 8,5% minni en árið áður, sem stuðlar að því að birgðirnar aukast enn frekar.

Fyrrnefndar markaðsaðstæður hafa eins og fyrr segir leitt til sölusamdráttar fyrir vínræktendur og framleiðendur í ESB, lækkun markaðsverðs á víni og þar af leiðandi alvarlegt tekjutap, sérstaklega á ákveðnum svæðum sem helst verða fyrir barðinu á þessari þróun. Ástandið er þó breytilegt innan ESB. Mest hafa áhrifin verið á rauðvín og rósavín frá ákveðnum héruðum Frakklands, Spánar og Portúgals, en önnur vín og/eða aðildarríki gætu lent í svipuðum erfiðleikum á ákveðnum framleiðslusvæðum.

### *Inngrip framkvæmdastjórnarinnar nú*

Ráðstafanirnar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt eiga að hjálpa greininni til að takast á við núverandi ójafnvægi á innri markaði ESB. Framkvæmdastjórn ESB segir að nauðsynlegt hafi verið að samþykkja tímabundnar markaðsráðstafanir til að koma í veg fyrir að óselda vínið hefði áhrif á allan innri markaðinn og auk þess sem framleiðendur gætu átt í erfiðleikum með nægjanlegt geymslurými fyrir nýja uppskeru, segir í tilkynningu framkvæmdastjórnar ESB.

Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar verður heimilt til 15. október 2023 að eima vínið sem hefur mest áhrif á markaðskreppuna samkvæmt stuðningsáætlunum fyrir vín. Það er tekið af markaði og áfengið sem fæst má aðeins nota í öðrum tilgangi en matvælum til að forðast röskun á samkeppni.

Framkvæmdastjórnin veitti einnig aukinn sveigjanleika í framkvæmd og fjármögnun vínstuðningsáætlana fyrir fjárhagsárið 2023. Þetta mun gera aðildarríkjum kleift að laga ráðstafanir sínar betur að ástandi vínmarkaðarins á yfirstandandi ári og nýta betur „græna uppskeru“ til að koma í veg fyrir að birgðir safnist upp. Við núverandi aðstæður er styrkþegum vínstuðningsáætlana leyft að aðlaga fyrirhugaða starfsemi sína og í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum að hrinda upprunalegum verkefnum sínum í framkvæmd aðeins að hluta. Samfjármögnunarhlutfall ESB á aðgerðum sem tengjast endurskipulagningu, grænni uppskeru, kynningu og fjárfestingum verður einnig hækkað úr 50% í 60%.



### *Nýr stuðningur skerðir ekki árlegan stuðning við vínrækt*

Á vettvangi ESB er víngeirinn studdur með vínstuðningsáætlunum í vínframleiðslulöndum ESB. Þannig er árleg fjárhagsáætlun upp á 1.061 milljón evrur af sjóðum ESB tileinkuð stuðningi við fjárfestingu atvinnulífsins, nýsköpun, kynningu á vörum sínum, endurskipulagningu og tryggingu uppskeru þeirra. Samkvæmt núverandi CAP eru almennar vínstuðningsráðstafanir grundvallaðar á sameiginlegu landbúnaðarstefnunni en stefnan gerir jafnframt ráð að framkvæmdastjórn ESB geti gripið til ráðstafana sem þessara þegar ójafnvægi myndast á mörkuðum. Þessi nýji og tímabundni stuðningur mun ekki hafa áhrif á annan almennan stuðning ESB við víngeirann og öllum núverandi styrkhæfum aðgerðum er því haldið áfram.

### *Mikilvægi vínræktar í ESB*

Eins og hér kemur fram er stuðningur við vínrækt innan ESB hluti af sameiginlegu landbúnaðarstefnunni, CAP. Vínrækt er enda mikilvæg atvinnugrein og hluti af menningu og landslagi á stórum svæðum í Evrópu. Í gamni og alvöru má því segja að hún sé eins konar „sauðfjárrækt“ þeirra.

Hér er greinilega gripið til markvissra aðgerða til að forða alvarlegum áhrifum á bændur á stórum svæðum innan sambandsins. Ljóst má vera að sumar af þeim ástæðum sem tilteknar eru í ákvörðun ESB um stuðning við vínbændur (og reyndar einnig aðra bændur) eiga að sönnu einnig við hér á landi.

***Erna Bjarnadóttir**, hagfræðingur Mjólkursamsölunnar.*





Veitulausnir

MÁLMSTEYPA
Þorgríms Jónssonar ehf.
Miðhrauni 6, 210 Garðabæ, s. 544 8900
m@malmsteypa.is malmsteypa.is





**Hilltip Icestriker 900–1600L**
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



**Hilltip Icestriker 380–550L**
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.



**Hilltip Icestriker 600 TR**
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



**Hilltip Snowstriker VP**
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



**Hilltip Snowstriker SP**
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.



**Hilltip Fjölplógur MVP**
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

Wendel
Stofnað 1957

**A Wendel ehf.**
**Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,**
**S:551 5464 - wendel@wendel.is**
**www.wendel.is**

VÉLABÁSINN

# Afbragðsgóður Kína-Benz

## – Prufuakstur á smart #1



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is




Smart #1 er nýr bíll sem veitir öðrum rafknúnum fólksbílum afar öfluga samkeppni. Allt útlit að innan sem utan er hannað af Mercedez-Benz, á meðan vélbúnaður og rafhlöður koma frá kínverska fyrirtækinu Geely. Myndir / ÁL

**Bílategundin smart** *(nafnið á víst að vera í lágstöfum)* **er aftur mætt á sjónarsviðið, nú sem fimm sæta vandaður rafbíll á afar samkeppnishæfu verði. Þetta er miðlungsstór fólksbíll sem veitir Volkswagen Id.3, Tesla Model 3 og Nissan Leaf afar sterka samkeppni.**

Þessi bíll er kominn langan veg frá því sem áður var. Smart bílar voru þekktir fyrir að vera tveggja sæta borgarbílar, það stuttir að hægt var að leggja þvert í stæði. Nú er smart af sömu stærð og venjulegir fólksbílar, eins og Volkswagen Golf. Þetta er ekki endilega ókostur, því þessi bíll hefur mikið og vandað innrarými og er enginn eftirbátur stærri lúxusbíla. Bíllinn í þessum prufuakstri var af gerðinni Pro+, sem þrátt fyrir að vera ódýrasta týpan er með öllum þeim búnaði sem mann vantar.

Nú er smart í helmingseigu Mercedes-Benz, á meðan kínverska bílasamsteypan Geely á hinn helminginn – sama fyrirtækið og á Volvo og Polestar. Við þróun þessa bíls sá Benz um allt sem kemur að útliti og útfærslu á innra og ytra byrði. Á meðan þróaði Geely drifrás, rafhlöður og undirvagn, sem á margt sameiginlegt með hinum nýja Volvo EX30. Sjálf framleiðslan á sér stað í Kína.

### *Mörg einkenni Mercedes-Benz*

Að utan eru alls staðar mjúkar línur og ber bíllinn mörg sambærileg útlitseinkenni og stærri bifreiðar frá Mercedes-Benz. Þau eru skýrust þegar horft er aftan á bílinn, en hann virðist vera eins og smækkuð útgáfa af EQB.

Þegar inn er komið tekur á móti manni innrétting með miklum þokka. Þrátt fyrir að hart plast leynist víða er útlitshönnunin og notagildið næstum upp á tíu. Stýrið er með marga stillimöguleika og er mjúkt viðkomu, með tökkum fyrir helstu skipanir, eins og hraðastilli og hljóðstyrk.

Smart er fimm sæta og má segja að fjögur af þeim séu lúxussæti. Framsætin eru stillanleg með rafmagni og geta þeir leggjalengstu vel við unað. Einnig er mjóbaksstuðningur sem er hægt að stilla á fjölmarga vegu. Aftursætin eru afar rúmgóð, jafnvel þó framsætin séu í öftustu stöðu. Fram- og aftursætin eru í raun engu síðri en í stórum Benz, en önnur sætaröðin er til að mynda rúmbetri en sú sem er í Mercedez-Benz EQB.

Skottið er alla jafna ekkert sérlega rúmgott, en skotthlerinn er þó stór og flúttir við gólfið. Undir því er nothæf geymsla fyrir hleðslukapla og annað smádót. Þegar aftursætin eru lögð niður verða þau nær alveg flöt og rýmið því afar nytsamlegt. Jafnframt er önnur sætaröðin á sleða og því hægt að láta aftursætisfarþega fórna smá fótarými fyrir stærra skott.

### *Margmiðlunarskjár eins og snjallsími*

Margmiðlunarskjárinn er stór og með mikla upplausn. Stýrikerfið er með því besta sem markaðurinn býður upp á. Í raun engu verra en í nýjustu snjallsímunum og mjög skamman tíma tekur að átta sig hvar allt er. Jafnframt gefur hann notandanum möguleika á að stilla og fikta í ótrúlegustu hlutum, eins og hversu hátt heyrist í stefnuljósunum. Valmyndin fyrir hita og blástur er alltaf sjáanleg neðst á skjánum og er miðstöðin snögg að hitna eða kólna.

Myndavélar eru að framan og aftan og undir báðum hliðarspeglum. Þær gera akstur í þröngum rýmum auðveldan, en þær sýna skýra og stóra mynd í öllum birtuskilyrðum. Þegar lagt er í stæði sést meira að segja hversu margir sentímetrar eru í fyrirstöðu.

### *Fullkomlega lyklalaust aðgengi*

Þegar kemur að akstri þarf notandinn einungis að vera með lykilinn í vasanum. Þegar gengið er að bílnum fer hann úr lás og um leið og sest er um borð og ýtt á hemlafetilinn er bifreiðin komin í gang. Gírstöngin er við stýrið og þarf ökumaðurinn einungis að ýta á D til að aka af stað. Þegar á leiðarenda er komið ýtir maður bara á P og stígur frá borði. Bíllinn sér sjálfur um að slökkva á sér og læsa öllum hurðum þegar hann skynjar að lykillinn er fjarri. Akstursupplifunin er með þeim hljóðlátustu og skákar smart mun stærri bílum. Því er hægt að slaka á og njóta tónlistar sem spilast úr fyrsta flokks hljóðkerfi. Rétt er að nefna sérstaklega hversu mjúk fjöðrunin er, sem er ólík mörgum nýrri rafmagnsbílum sem eiga það til að vera hastir, þar sem fjöðrunin þarf gjarnan að vera stíf til að bera þungar rafhlöðurnar.

Í innanbæjarakstri er smart léttur og lipur. Lítil fyrirhöfn er að snúa stýrinu og allt viðbragð er snöggt, enda úr 272 hestöflum að moða. Ef rafmagnsfóturinn (það sem áður nefndist bensínfótur) er settur í botn þrýstast þeir sem eru í bílnum aftur í sætin og næst hundrað kílómetra hraði á 6,7 sekúndum.

Með því að ýta á hnappa í stýrinu virkjast akstursaðstoðin, sem er meðal annars skynvæddur hraðastillir og akreinavari. Þessu tölvukerfi er vel hægt að treysta til að sjá um mest allan aksturinn á vegum þar sem vegmerkingar eru í lagi.

### *Þrír ókostir*

Eins og áður segir er smart með nánast allt upp á tíu, en það eru þrír smávægilegir ókostir sem rétt er að nefna. Fyrst er það inngjafarfetillinn sem er ekki upphengdur, heldur á löm í gólfinu. Þetta gerir hægri fótinn þvingaðan í akstri. Ókostur númer tvö eru stefnuljósin, en þau virðast geta hangið inni í óratíma, löngu eftir að búið er að beygja. Þriðji ókosturinn eru handföngin í hurðunum. Þau eru ankannalega formuð og of framarlega þannig að erfitt er að hafa stjórn á hurðinni þegar opnað er á þröngum bílastæðum – sérstaklega ef það er einhver vindur. Undirritaður endaði á að halda í brúnina á hurðavasanum til að missa dyrnar ekki í næsta bíl.

### *Tölur*

Helstu mál í millímetrum: Lengd, 4.270; breidd, 1.822; hæð 1.636. Eigin þyngd 1.820 kílógrömm. Rafhlaða er 66 kílóvattstundir. Hægt er að hlaða með allt að 150 kílóvatta straum (með því besta sem býðst). Smart #1 Pro+ er afturhjóladrifinn, með 272 hestöfl og með drægni allt að 420 kílómetrum. Verðið á Pro+ er frá 5.990.000 krónum.

### *Að lokum*

Þessi bíll er sá besti sem undirritaður hefur prufað lengi og fór langt fram úr öllum væntingum! Hér er tæki sem er vandað, hlaðið útbúnaði, vel útfært og á góðu verði.

Tekið skal fram að bíla- og vélaumboð borga hvorki nú né endranær fyrir umfjöllun hjá Bændablaðinu og þetta því einlægt álit blaðamanns.



Að aftan minnir Smart á Mercedez-Benz EQB.



Innréttingin er á pari við það sem þýskir bílaframleiðendur bjóða.



Aftursætin eru rúmgóð, jafnvel þó framsætin séu í öftustu stöðu.




Skottið er ekki mjög stórt en sætin leggjast nær alveg flöt.

SÖFNIN Í LANDINU

## Heimilisiðnaðarsafnið:

# Öflugt safnastarf

**Ágætis aðsókn hefur verið á sýningar Heimilisiðnaðarsafnsins í sumar. Nú er hefðbundnum opnunartíma lokið en opnað er sérstaklega fyrir hópa eftir samkomulagi.**

Fyrir 20 árum var nýja safnhúsið vígt við hátíðlega athöfn en eins og flestir vita að þá tengist það við litla safnhúsið sem er tileinkað lífi og starfi Halldóru Bjarnadóttur (1873–1981).

Með tilkomu nýja hússins opnaðist gott aðgengi gesta að safninu og munum þess og á hverju ári er opnuð ný sýning textíllistafólks. Þessar sérsýningar hafa verið mjög ólíkar á milli ára en eiga það þó sameiginlegt að gefa innsýn í fjölbreyttan listiðnað og handmennt og eru verk sýninganna gjarnan innblásin af munum safnsins.

Sumarsýning/sérsýning ársins sem opnuð var í vor er fjölbreytt yfirlitssýning á textílverkum Philippe Richart (1952–2021). Philippe var fæddur í Alsír en fluttist ungur til Frakklands þar sem hann ólst upp. Hann kynntist þar íslenskri eiginkonu sinni, Jóhönnu Hálfdánsdóttur, frá Bolungarvík og fluttist með henni til Íslands árið 1979 og bjó hér ævina á enda. Philippe var búfræðingur að mennt en eftir að hann kom til Íslands lærði hann vefnað hjá Guðrúnu Vigfúsdóttur á Ísafirði.

Heillaðist hann af gæðum og eiginleikum íslensku ullarinnar sem varð grunnur að hans listsköpun. Frá 1995 starfaði hann að mestu sem handverks- og listamaður á handverksstofu sinni og kenndi auk þess ýmiss konar listiðn s.s. spjaldvefnað, myndvefnað, leðursaum og tálgun ýsubeina. Þemað í verkum hans tengdist íslenskri náttúru og lagði hann áherslu á að viðhalda íslenskum handverkshefðum og nota íslenskt hráefni.



Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi. Mynd / af vefsíðu

Þá skal nefnt að mörg undanfarin ár hafa verið haldnir Stofutónleikar í Heimilisiðnaðarsafninu og margt þjóðþekkt fólk stigið þar á svið sem og heimafólk. Rétt eins og með sumarsýningarnar að þá hafa Stofutónleikarnir verið mjög ólíkir á milli ára en skapað sérstakan sess í viðburðum safnsins og menningarlífi héraðsins.

Í sumar var það óperusöngkonan Alexandra Chernyshova sem söng fyrir okkur en um árabil bjó hún ásamt fjölskyldu sinni í Skagafirði og er okkur að góðu kunn. Alexandra hefur ekki aðeins sungið sig inn í hug og hjörtu landsmanna, heldur komið fram víða um heim. Áður en Alexandra fluttist til Íslands var hún fastráðin einsöngvari við óperuna í Kyiv.

Á Stofutónleikum myndast oft mikil og góð stemning enda nálægð flytjenda og tónlistargesta mikil. Hvað viðburði varðar á næstunni að þá er að venju stefnt á góðan fyrirlestur og síðar í haust mun verða haldið námskeið um íslenska þjóðbúninga og þjóðbúningaskart í samstarfi við Byggðasafn Skag- firðinga og Byggðasafn Húnvetninga og Stranda. Þá munum við halda í þá hefð að bjóða upp á Upplestur á aðventu ásamt heitu súkkulaði og smákökum. Þegar haustar að hefst ævinlega vinna við innra starf safnsins, s.s. skráningu og varðveislu á nýjum aðföngum sem og frágangi á rannsóknarverkefnum.

Heimilisiðnaðarsafnið er viðurkennt safn en til að hljóta hana þarf að uppfylla fjölmörg skilyrði bæði um sjálfstæði, eignarhald og ábyrgð í rekstri. Safnið hefur hlotið ýmsar viðurkenningar en daglegt þakklæti og hlýja safngesta ásamt fallegum ummælum vegna upplifunar, hughrifa og fróðleiks á sýningum safnsins er það sem stendur uppúr.

***Elín S. Sigurðardóttir***
*forstöðumaður*




Lögfræðistofa Reykjavíkur

LÖGMANNSÞJÓNUSTA



Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli.
Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl.
Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður • helgi@lr.is • Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík • Austurvegi 4, Hvolsvelli • Sími 515-7400



Atvinna í boði
Reykjabúið ehf / Mosfellsbæ

√ Reykjabúið ehf auglýsir eftir eftir starfsmanni í almenn störf á fuglabúi.
√ Vinna við eldi á fuglum og hvað eina sem til fellur.
√ Fullt starf.
√ Æskilegt að viðkomandi hafi einhverja reynslu í skepnuhirðingu.
√ Bílpróf.

Nánari upplýsingar veitir Jón Magnús, reykjabuid@kalkunn.is

Reykjabúið ehf, 271 Mosfellsbæ

REYKJABÚIÐ


## KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




www.bbl.is

MATARKRÓKURINN

# Veturgamalt í vetur



**Haraldur Jónasson**
haradlur@gmail.com

**Lambakjötið er nú flest allt komið úr dölunum, af fjöllum og heiðum. Þar sem það hefur verið að safna í sig bragði. Villibragði. Lambaafurðir eru jú tæknilega séð villibráð hafandi alist upp úti í guðsgrænni náttúrunni.**

Þetta létta villibragð er auðvitað einkennandi fyrir okkar ágæta lambakjöt. En lambakjötið er þó stundum full bragðlítið af því að það er einmitt svo ungt. Svolítið eins og kjúklingur rauða kjötsins, sérstaklega þessir hefðbundnu bitar eins og kótelettur og læri. Mjög bragðgott auðvitað, bara svolítið bragðdauft. Alla vega fyrir lengra komna í fræðunum. Fyrir þá sem vilja færa sig upp um borð og elda bragðgott og líka bragðmikið „lambakjöt" þá er kominn tími til að prófa veturgamalt.

Munurinn á því að elda veturgamalt og haustlamb er hversu unga lambið er meyrt en það veturgamla er seigara í sér. Það þarf því að elda lengur og hægar. Það er helsta ástæðan fyrir því að Íslendingar moðsteiktu allt hérna í gamla daga. Eða önnur ástæðan, hin er að við áttum nær engan við til að brenna. Bara mó og eitthvert sprek. Þessu ætlum við að líkja eftir með því að elda hægt og innilokað. En reyndar líka með mæjónesi, sem sennilega var ekki mikið brúkað í torfbæjum hér í denn.

Læri af veturgamalli á er ekki bara svolítið bragðsterkara, það er líka mun erfiðara að finna og svo líka mun stærra. Þannig að þegar það finnst í sérverslun með kjöt eða beint frá býli munu ekki allir eiga nógu stóran pott til að steikja það í. Þetta er allt í lagi ef til er ofnskúffa, helst djúp. Tjalda bara yfir lærið með smjörpappír og loka svo eins vel og hægt er með álpappír. Heimakokkarnir sem ætla að elda ærlæri í air-fryer, þurfa að hafa eitthvað annað í matinn.

### *Mæjóneslæri*

Svona gerum við þetta: Í botninn á íláti sem lærið passar ofan í er settur góður slatti af öllu því rótargrænmeti sem er búið að dvelja innst í grænmetissskúffunni.



Allt sem ekki er orðið brúnt fer í pottinn, gulrætur, laukur, sellerí, hvítlaukur eru fullkomin blanda. Nóg að grófskera grænmetið og merja hvítlaukinn. Það verður sigtað frá síðar. Í lærið eru svo skornar nokkrar djúpar rendur. Alveg niður í bein eða þar um bil. Þetta gerum við til að búa til sem mest yfirborð fyrir krydd og kröst.

Því næst er það þáttur mæjónesunnar. Já, mæjónes á kjötlæri. Ekki vera hrædd við mæjónesið. Í grunninn er það bara olía og egg. Mæjóið er til þess að halda kryddinu á kjötinu. Líka hægt að nota gott sinnep en það gefur aukabragð sem mæjónesið gerir ekki. Út í tvær tvær, þjár matskeiðar af góðu mæjónesi fer drjúgur slatti af kryddi. Hvaða kryddtegundir eru notaðar fer svolítið eftir smekk. Hægt að nota uppáhalds tilbúnu blönduna og salt. Eða þessa blöndu hér: Matskeið af milligrófu salti, tvær teskeiðar af pipar, teskeið af; laukdufti, hvítlauksdufti, oregano og þurrkaðri steinselju. Plús rauðar piparflögur eða chiliduft í snefilmagni. Alla vega fyrir þá hugrökku.

Jukkinu er nuddað á allt lærið og sérstaklega í rákirnar djúpu. Það svo lagt ofan á gróft skorið grænmetið og vatni bætt í fatið, pottinn, skúffuna eða hvaða það ílát sem varð fyrir valinu. Magn af vatni fer svolítið eftir ílátinu og reyndar líka hversu mikla sósu á að gera. Við viljum náttúrlega mikla sósu, því fer slatti af vatni í botninn en að minnsta kosti hálfur lítri. Þeir sem nota ofnskúffu þurfa að setja svo fljóti um alla skúffuna langleiðina upp að lærinu. Ekki vera hrædd við að lærið fái á sig smá vatn. Bara ekki láta það það liggja of djúpt í því. Sentimetri eða svo er í fínu lagi.

Tjalda yfir lærið með smjörpappír og loka svo ílátinu með loki eða álpappír. Aftur þurfa ofnskúffukokkarnir að gera sitt besta. Þetta verður lengi inni í ofninum þannig að vatnið mun gufa upp ef ekki er sæmilega tjaldað yfir. Smjörpappírinn er með sem auka rakavörn.

Lærið fer í ofninn. Hann á að vera stilltur á sirka 140 gráður og þarna á lærið að malla, hulið, í að minnsta kosti þrjá tíma. Verður bara betra ef tímarnir verða fjórir en allt umfram það er óþarfi og mögulega ekki til bóta. Munið að við erum ekki að elda þangað til lærið verður ákveðið heitt, við erum að elda kjötið þangað til það verður ætt. Eða að minnsta kosti hægt að tyggja það. Stoppa áður en lærið breytist í kæfu.

### *Skorpa og sósa*

Þegar lærið er búið að hanga í ofninum í þrjá, fjóra tíma er komið að því að taka lokið eða pappatjaldið af. Hella soðinu í pott. Passa að skafa allt úr fatinu. Allt sem er þarna inniheldur bragðið. Hækka ofninn í 190 gráður og setja kjötið bert inn í ofninn. Nú til að fá góða skorpu á kjötið. Endarnir á skurðunum munu verða geggjaðir.

Þá er að sigta allt grænmetið frá soðinu og baka upp sósu. Áður en það er gert þarf þó að smakka soðið til. Svo hægt sé að meta hversu mikið salt vantar. Saltið sem upp á vantar munum við sækja í kjötkraft. Bæta krafti eða teningum út í soðið þangað til það er orðið svolítið of salt. Það á eftir að baka upp sósuna og svo er sósan líka saltgrunnurinn af réttinum. Þannig að hafa soðið smá salt en ekki eins og Rauða hafið samt.

Til að baka upp sósu þarf að þykkja hana með smjörbollu sem er sirka jöfn hlutföll af hveiti og feiti. Jöfnum hlutföllum eftir vigt, ekki rúmmáli. Skulum samt ekkert missa okkur í nákvæmninni. Erum að þykkja sósu, ekki leysa ráðgátur alheimsins. Betra að hafa örlítið meira af fitunni til að byrja með. Minni líkur á að sósan hlaupi í kekki.

Magn af smjörbollu er sirka einn á móti tíu fyrir sósu í þynnri kantinum. Þannig að ef sósumagnið á að enda sem lítri er gott að miða við sirka 50 grömm af hveiti og 50 grömm af smjöri í bolluna.

Sósulitur er svo fyrir áhugafólk. Í staðinn brúnum við bolluna. Það gerum við með því að hræra hveitið og smjör saman og velta því um í rétt rúmlega miðlungs heitum potti. Þangað til að blandan byrjar að brúnast örlítið og upp stígur léttur hnetukeimur. Þegar við brúnum bolluna svona er aftur gott að hafa örlítið meiri fitu en hveiti. Næst er að hræra soðið saman við. Öruggast er að gera það í smáum skömmtum. Þessi sósa þarf ekki rjóma en rjómasletta hefur aldrei skaðað neinn. Smakka til með pipar og mögulega salti.

Þetta er þjóðlegur réttur og því gott að bera fram með hefðbundnu lambakjötsmeðlæti. Kartöflur þó tæknilega eina nauðsynlega meðlætið. Mín tillaga er þessi; af því að nú er tíminn til að kaupa glænýjar íslenskar: Sjóða kartöflur í léttsöltu vatni þangað til þær eru tilbúnar, hella vatninu af, setja smjörklípu í pottinn og kremja kartöflurnar (með hýðinu) örlítið og blanda smá rjóma, af því hann skemmir jú ekkert.

Smakka til með salti og pipar.

ERFINGJAR LANDSINS

## Tónlistarglaður boxari!

**Hún Snærún Hrafna er kát og liðug eins og sjá má á myndinni, enda eru fimleikar eitt af hennar aðaláhugamálum.**



**Nafn:** Snærún Hrafna Jónsdóttir.

**Aldur:** 9 að verða 10 ára.

**Stjörnumerki:** Vog.

**Búseta:** Teigasel 2, Jökuldal.

**Skóli:** Brúarásskóli.

**Skemmtilegast í skólanum:** Smíði og íþróttir.

**Áhugamál:** Fimleikar og að hjóla.

**Tómstundaiðkun:** Ég er í fimleikum og boxi. Svo er ég líka í Tónlistarskóla Norður-Héraðs þar sem ég fæ að spila á margt.

**Uppáhaldsdýrið:** Hundar og kindur. Uppáhaldskindin er kindin Kleina.

**Uppáhaldsmatur:** Hamborgari og lambalæri.

**Uppáhaldslag:** Esjan með Bríeti.

**Uppáhaldslitur:** Blár og appelsínugulur.

**Uppáhaldsmynd:** Zootropolis.

**Fyrsta minningin:** Þegar ég var 3 ára og allir uppteknir í fjárragi, stálumst við Heiðdís systir mín í fjárkrítina og máluðum okkur bláar í framan.

**Við hvetjum sem flesta til að hafa samband ef ykkur langar að vera með!**
Hafið samband: **sigrunpeturs@bondi.is**

## SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

**Setja skal inn tölur frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt - og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | 1 | 9 | 3 | | | 4 | 2 |
| | | 5 | | | 2 | 3 | | 8 |
| 3 | | 4 | 5 | 1 | | | | |
| | 8 | | | | 9 | | 5 | 4 |
| 2 | 9 | | 4 | | 1 | | 7 | |
| 5 | 4 | | | | 7 | 9 | 6 | |
| 7 | 3 | | | 8 | | | | |
| | | | 2 | 9 | 5 | 4 | | |
| | | | 1 | | | 6 | | 9 |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | | | | | | |
| | | | 3 | | 9 | | | 8 |
| | | | | 6 | | 2 | 5 | |
| | | 6 | | 3 | | | | |
| | 1 | 4 | | | | 6 | | |
| | 5 | 3 | | | | | | 2 |
| 4 | | | 5 | | | 9 | | |
| 2 | | | | 4 | 7 | 3 | | |
| | 9 | | 2 | | | 1 | | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 9 | 2 |
| 8 | | | | | | 3 | | |
| | | 3 | 1 | | 6 | 7 | | |
| | | | 4 | 6 | 8 | | | |
| | | | | 9 | | 2 | | 1 |
| | | | | | | | | |
| | | 8 | 6 | | 4 | | 7 | 5 |
| 7 | | 2 | | 5 | | | 8 | |
| 4 | | | 8 | | | 1 | | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | 5 | | | | | | |
| | | 4 | 3 | | | 2 | | |
| | 9 | 6 | | 4 | 1 | 5 | | |
| | | 8 | | | | | | 7 |
| | 7 | | | | | 1 | | 4 |
| 9 | | | | 7 | 4 | | 8 | |
| | | | | | | 3 | | |
| | | | 8 | | | | 1 | |
| | | 7 | | 9 | 2 | | | |

HANNYRÐAHORNIÐ

# Vetrartrefill

## – Uppskriftin er í einni stærð en auðvelt er að breyta bæði breidd og lengd

**Efni:**
Einn þráður Þingborgarlopi í sauðalit og einn þráður Hörpugull, sem er litaður Þingborgarlopi. Eins má nota Slettuskjótt sem er litaður tvöfaldur Þingborgarlopi. Hægt er að nota nánast hvað sem er sem er svipað að grófleika og tvöfaldur lopi, t.d. einn þráð lopa og einn þráð Love Story eða Gilitrutt frá Helene Magnússon, Lambaband frá Gilhaga og einn þráð af Love Story. Jurtalitað Dóruband (Þingborgarband) og einn þráður lopi er líka frábært saman. Möguleikarnir eru óendanlegir, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum.

**Tillögur:**
100 g Þingborgarlopi og 100 g (2 dokkur) Hörpugull.
200 g (4 dokkur) Slettuskjótt
100 g plötulopi og 50 g (2 dokkur) Love story. Þessi blanda er mjög fíngerð og létt.
100 g plötulopi og 100 g (4 dokkur) Gilitrutt
100 g plötulopi, 100 g (2 hespur) Dóruband
Svo er hægt að nýta afganga sem til eru og hægt að blanda ýmsu saman og útkoman getur orðið mjög skemmtileg.

**Áhöld:**
6 mm prjónar, þægilegast er að prjóna þennan trefil á 80 sm hringprjón, en líka hægt að nota bandprjóna.

**Aðferð:**
Trefillinn er prjónaður með garðaprjóni fram og til baka. Kantur er tveggja lykkju snúrukantur (I-Cord) og er gerður svona: Prjónið þar til 2 lykkjur eru eftir á prjóninum, takið bandið fram fyrir prjóninn og takið þessar tvær lykkjur sem eftir voru óprjónaðar á hægri prjóninn.







Þegar prjónað er til baka er bandið fyrir aftan þessar tvær lykkjur. Gerið eins þegar komið er á hinn endann. Myndbönd á YouTube sýna þetta mjög vel.

**Trefillinn:**
Fitjið upp 50 lykkjur. Prjónið 2 lykkjur, sláið upp á prjóninn og prjónið þar til 4 lykkjur eru eftir, prjónið tvær lykkjur saman og gerið snúrukant á endann eins og lýst er að ofan. Prjónið til baka þar til 2 lykkjur eru eftir og gerið snúrukant þar einnig. Endurtakið þessar umferðir þar til trefillinn er orðinn nógur langur og fellið þá af, en hann má alveg ná 150 sm svo hægt sé að vefja honum um hálsinn á sér.

*Hönnun: Katrín Andrésdóttir*

**Skaftárhreppur**
Auglýsing um skipulagsmál

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum 14. september að auglýsa eftirfarandi deiliskipulag:

Deiliskipulag Hemruhlíðar skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
Tillagan felur í sér 29 sumarhúsalóðir á bilinu 0,51-0,67 ha.
Aðkoma að svæðinu er frá Hrífunesvegi 209.

Tillagan liggur frammi til kynningar á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 4, á skrifstofutíma sveitarfélagsins frá 19. september til og með 31. október 2023.

Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á www.klaustur.is.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 4, 880 Kirkjubæjarklaustri eða á netfangið klaustur@klaustur.is.

Sveitarstjóri Skaftárhrepps
Einar Kristján Jónsson



Þingborg
s. 846 9287, 482 1027
www.thingborg.is
facebook/thingborgull

Ullarverslunin Þingborg selur hágæða lopa og band úr sérvalinni lambsull. Sauðalitir og litaður lopi í ýmsum litatónum og jurtalitað band í frábæru úrvali. Eins er í versluninni band frá Helene Magnússon, Love Story og Gilitrutt.
Ullarverslunin er staðsett í Gömlu Þingborg sem er 8 km fyrir austan Selfoss.
Verslunin er opin alla daga nema sunnudaga frá 10-17



BÆRINN OKKAR



**Á Skáney hefur sama ættin búið frá 1909. Lengst af var blandaður hefðbundinn búskapur. Hross, kýr og kindur. Hrossarækt hefur verið markviss frá því um 1940 en til eru skráðar ættir hrossa frá því fyrir aldamótin 1900. Kúabúskap var hætt fyrir rúmum 2 árum.**

# Skáney



**Býli:** Skáney í Reykholtsdal í uppsveitum Borgarfjarðar.

**Ábúendur og fjölskyldustærð:** Haukur Bjarnason og Randi Holaker ásamt dætrunum Kristínu Eiri, 14 ára og Söru Margréti, 7 ára. Ásamt því að foreldrar Hauks, þau Bjarni Marinósson og Birna Hauksdóttir, búa þar einnig. Á bænum eru 2 hundar og 2 kettir.

**Stærð jarðar:** Skáney og það sem tilheyrir er um 1.000 hektarar.

**Gerð bús:** Á Skáney er rekið allsherjar hrossaræktarbú með öllu því sem tilheyrir, ræktun, þjálfun, sala, stóðhestahald og reiðkennsla en bæði Randi og Haukur eru útskrifaðir tamningamenn og reiðkennarar frá Hólaskóla. Randi er auk þess menntuð hjúkrunarfræðingur og starfar sem verkefnastjóri Reiðmannsins hjá LbhÍ. Einnig eru fáeinar kindur til gamans.

**Fjöldi búfjár:** Tæplega 100 hross og um 90 kindur.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig:** Vaknað milli kl. 7–8 og börnum komið af stað í skólabílinn sem kemur kl. 8.00. Skepnum gefið og hirt um þær. Hross þjálfuð allan daginn og snúist í því sem þarf hverju sinni. Reynt að ljúka dagsverkum ekki mikið seinna en milli kl. 19 og 20 á kvöldin.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin:** Skemmtilegast að sjá ungviðið komast heilbrigt á legg og springa út. Leiðinlegast: óhöpp og uppákomur hjá dýrum þegar ekkert er hægt að gera fyrir þau og eins þegar vélar og tæki bila.

**Hvernig sjáum við búskapinn fyrir okkur eftir 5 ár:** Við sjáum hann fyrir okkur með svipuðu sniði en með betri úrvinnslu á hrossum í keppni og sýningar, jafnvel með aukinni hestatengdri ferðaþjónustu og reiðkennslu.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum:** Epli og tómatsósa.

**Hver er vinsælasti maturinn:** Ærfille, lambalæri og folaldasteik.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin:** Nú í seinni tíð þegar nýtt hesthús og reiðhöll var tekið í notkun 2013.

FRÆÐSLA



Rauðbrystingur er enn einn fuglinn sem verpir ekki á Íslandi en stoppar hér engu að síður í nokkurn tíma á ferð sinni milli vetrar- og varpstöðva. Slíkir fuglar kallast gjarnan fargestir eða umferðarfuglar. Þessi meðalstóri vaðfugl er með varpstöðvar á Grænlandi og íshafseyjum Kanada. Vetrarstöðvarnar eru hins vegar í Vestur-Evrópu og Vestur-Afríku. Þetta er þó nokkurt ferðalag og er Ísland mikilvægt stopp á leiðinni eins og er algengt meðal þeirra fargesta sem koma hér við á ferð sinni milli varp- og vetrarstöðva. Rauðbrystingur sækir í leirur og þangfjörur þar sem hann leitar að skordýrum, skeldýrum og krabbadýrum. Endrum og sinnum sjást þeir líka inn til landsins. Þeir eru ákaflega félagslyndir og sjást oft í gríðarstórum hópum sem geta skipt þúsundum. Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

## Tíska:

# Dress í anda Yellowstone

**Þann 7. desember árið 1977 birtist grein undir þáverandi „Tískuhorni" Dagblaðsins, með yfirskriftinni: *Kúrekaföt og prjónaðar sokkabuxur í tísku fyrir veturinn og vorið.***

Þá reið bandarísk kúrekatíska yfir veröldina, allt frá beinsniðnum gallabuxum, kúrekahöttum og tilheyrandi jökkum. Kemur fram í greininni að þær konur sem kjósa síður að klæðast buxum megi bera grófar sokkabuxur við kjóla eða pils. *„Sem betur fer fyrir okkur á þessu skeri eru nú í tízku þykkar mjög grófar sokkabuxur, jafnvel prjónaðar. I tízkuritum segir að þessar sokkabuxur eigi einnig að vera i mörgum og skærum litum og eigi konurnar að vera í gamaldags prjónaleistum utan yfir. Leistana á síðan að bretta niður á hálfhá stigvél eða ef verið er í síðbuxum að gyrða þær niður í leistana."*

Bendir greinarhöfundur á að sokkabuxur sem þessar megi sem best fitja upp á sjálf/sjálfur og þá um 60 lykkjur fyrir konur í meðalstærð. Lengd fer auðvitað svo eftir stærð þess sem mun klæðast sokkabuxunum.

Ekki fer sögum af hvernig almennt gengur að prjóna sokkabuxur svo vel fari en eflaust eru einhverjir lagnir við slíkt.

### *Yellowstone (þjóðgarðurinn)*

Í dag er ekki annað hægt að segja en kúrekatískan sé farin að kitla marga, eins og vant er með reglulegu millibili. Tískufrömuðir vilja helst meina að þessar stundirnar sé það helst vegna áhrifa einna vinsælustu þáttaraðar Netflix um þessar mundir – Yellowstone. Fjalla þættirnir – sem hefur verið líkt við vestræna útgáfu af The Sopranos – um Dutton-fjölskylduna sem rekur nautgripabúgarð í bandaríska ríkinu Wyoming. Þar á fjölskyldan í erjum við hina og þessa en deilt er um landamæri eigna, við nágranna, indíána, byggingaverktaka svo eitthvað sé nefnt. Fyrir áhugasama má víst horfa á þættina í sjónvarpi Símans en einn aðalleikara er enginn annar en Kevin Costner (sem er í furðu góðu formi miðað við aldur).



Einn frægasta hver heims, „Old Faithful", má finna í Yellowstone-þjóðgarðinum.

Ríkið Wyoming er annars hvað þekktast fyrir Yellowstone-þjóðgarðinn, sem er fyrsti og elsti þjóðgarður heims, stofnaður árið 1872, og má rekja upphaf skipulegrar náttúruverndar beinustu leið til hans. Í þjóðgarðinum má finna heita hveri á borð við einn frægasta goshver heims, „ Old Faithful", sem fær nafn sitt af því hve hann gýs reglulega. Áhugavert er að á meðan þarna er að finna mikið skóglendi urðu yfir 3.000 ferkílómetrar fyrir skógareldum árið 1988. Til þess að virkja betur vöxt trjáa eftir þau ósköp, var tekin sú ákvörðun, um 10 árum seinna, að úlfar voru fluttir í þjóðgarðinn, en þeim hafði verið útrýmt þar á þriðja áratug 20. aldar. Breytingar urðu á gróðurfari í kjölfarið og uxu ösp og víðir í meira mæli þar sem úlfarnir höfðu áhrif á staðsetningu grasbíta sem nörtuðu áður í trén.

### *Klæðnaður alvörukúreka*

Fyrir þá sem taka kúrekatískuna alvarlega má finna tillögur á aragrúa vefsíðna hverju helst á að klæðast. Ef um alvarlega fjárfestingu er að ræða þykir ráðlegast að byrja á því að festa kaup á Stetson kúrekahatti, einu vandaðasta merki kúrekahatta. Annað vandað merki, sem hóf göngu sína á vegum borgarinnar Dallas árið 1927, ber nafnið Resistol. Var nafnið leikur að orðum, en þar er vitnað í enska orðið resistance enda á hatturinn að gagnast í öllu veðri.



Aðalleikendur og tískufyrirmyndir sjónvarpsþáttanna vinsælu, Yellowstone.



Stetson-hattar af bestu gerð og kvenstígvél frá merkinu Ariat.

Fyrir smarta kúreka af öllum kynjum, má smella sér á Ralph Lauren gallaskyrtu, en öllu þekktari í hópum harðsvíraðra kúreka er merkið Ariat. Það verður þó með sanni að segjast að skyrturnar eru keimlíkar en þetta er allt spurning um hvort fólk er atvinnukúrekar eða helgardjammarar í kúrekalíki. Ariat skyrturnar eru öllu ódýrari, eða um þriðjungur þess sem þarf að punga út fyrir RL skyrtuna.

Nú, svo verður að nefna tegund skyrtu frá merkinu Filson sem hefur verið kúrekum innan handar síðan fyrir þarsíðustu aldamót (1897 ATH.). Þar ber hæst þykk bómullarskyrta undir nafninu „Moleskin Seattle Shirt" og er hún talin hvað endingarbest allra skyrtna.

Er merkið Ariat aftur á vörum manna er kemur að skófatnaði og eftir lýsingunni að dæma komast engin önnur kúrekastígvél með tærnar þar sem þau hafa hælana. Frá þeim koma handgerð stígvél meistara Leonborgar Mexíkó, en sú borg er annáluð fyrir listræna og vandaða handverksmenn. Fyrir áhugasama má leita eftir nafninu Stillwell cowboy boot a vefsíðu Ariat, en þau eru gerð úr úrvals amerísku buffalóleðri, með tvöföldum hæl, táfýluvörn og sterkum sóla og ekki víst að nokkurt skótau eigi þar sinn líka.

### *Óþvegnar gallabuxur og prjónaskapur*

Að endingu verður að taka fram að hér hefur verið farið lauslega yfir fatnað ætluðum öllum kynjum og fyrir þá sem kjósa að ganga í kjólum fer ekki sögum af handprjónuðum sokkabuxum á vefsíðum tískunnar. Gallabuxur má hins vegar finna hvar sem er, aðalatriðið er að þær séu alls ekki úr teygjuefni, heldur endingargóðu gamaldags denimefni. Taka skal fram að þær fara best ef þær eru ekki þvegnar í nokkra mánuði … Verði ykkur að góðu. */SP*





# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** www.bbl.is/smaauglysingar

**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

**Jesús sagði:**
„Dæmið ekki svo að þér verðið ekki dæmd. Því að með þeim dómi, sem þér dæmið, munuð þér dæmd verða."
Matt. 7.1
biblian.is



5 mánaða hreinræktaður íslenskur rakki frá Gerplu-Kennel er til sölu. Frábær skapgerð, barngóður, hlýðinn í innkalli, taugasterkur. Alvanur umgengni við kýr og hinn efnilegasti félagi og vinnuhundur. Upplýsingar í s. 868-4400.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.




Fyrir nánari upplýsingar kíktu á Súperdaga Sixt auglýsinguna á bls. 63 í blaðinu.




Sparið milljónir með Grunnstoðum. Uppl. í s. 866-4788 og 866-7500.



Álbrautir fyrir kerruna. Parið frá 400 kg í burðargetu og allt að 4.060 kg. Ýmsar lengdir. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mosf. s. 894-5111 opið frá kl.13-16.30 www.brimco.is



Til sölu Toyota Hilux árgerð 2007, ekinn 83.935 km. Ásett verð kr. 3.500.000. kristinerna@gmail.com



Toyota Overlocker DF 234 saumavél til sölu. Vélin er vel með farin og lítið notuð, ábreiða fylgir. Verð kr. 55.000. Uppl. í s. 864-7832.



Hliðgrindur. Vandaðar stækkanlegar hliðgrindur frá 1,0-6,0 m í tveimur þéttleikum. Góð læsing og lamir fylgja. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos s. 894-5111. Opið kl. 13-16.30. www.brimco.is.



Til sölu állok á pallbíl, Toyota Hilux. Passar á árgerð 2020 og væntanlega fleiri, bogarnir fylgja með. Fast verð kr. 250.000. Nýtt kostar kr. 468.000. Nánari upplýsingar í s. 869-8515.



Er með til sölu Case IH 4240 (4wd) XL. Hann er árgerð 1995 og er 94 hö. Hann er staðsettur í Mosfellsbæ og upplýsingar í s. 899-5146. Tilboð óskast.



Snjóblásari til sölu. Keyptur hjá Þór í nóvember 2021, allt um hann hér https://thor.is/vara/schulte-sdx-102-snjoblasari/ Verð kr. 1.500.000 +vsk. Upplýsingar í s. 860-8160 eða hjaltimar@live.com



Sánahús, 4-6 manna úr cedrus viði með 8kw Harvia ofni. Stærð- 210 cm X 240 cm. Verð kr. 995.000 m/ vsk. Upplýsingar valdi@barki.is s. 569-4000. Barki ehf.

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ díselvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í S. 527-2600.



GÁMASLISKJURNAR KOMNAR, GOTT VERÐ.
VÍR OG LYKKJUR EHF
772-3200



LANDAHREINSUN
JARÐAHREINSUN

Vind upp gamlar girðingar og aflagðar. Þarf að geta keyrt meðfram, staurað af um leið.

Sími 855 1930, Hjörtur

## Bústjóri hjá Nautís

Fyrirtækið Nautís, sem rekur einangrunarstöð fyrir Aberdeen Angus holdagripi að Stóra Ármóti Flóahreppi, óskar eftir að ráða bústjóra til að sjá um búið frá næstu áramótum.

- √ Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af kúabúskap eða umhirðu nautgripa, ásamt því að hafa búfræðipróf eða sambærilega menntun.
- √ Nauðsynlegt er að búseta sé nærri holdanautabúinu.
- √ Umsóknarfrestur er til 1. október.

Allar nánari upplýsingar um starfið gefur Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri Nautís, sveinn@bssl.is , sími 894-7146



**2ja manna infrarauður saunaklefi**
Stærð 120x100x200 cm. (BxDxH)
Kr. 260.000,- fyrir einfasa rafmagn.



**Rafmagnspotturinn HYDRO**
Stærð 200x200x95cm.
Kr. 850.000,- m/loki, tröppu, síu o.fl.

GODDI.IS
Auðbrekka 19, 200 Kópavogur
s. 5445550






Man árgerð 2000 T32 19-464650.000 km, 80% dekk. Bilaður sveifarás. Verð kr. 300.000. Uppl. í s. 898-9556.




Fyrir nánari upplýsingar, kíktu á Súperdaga Sixt auglýsinguna á bls. 63 í blaðinu!



Asbest. Bensín. Leysiefni. Umhverfisstofnun óskar eftir ábendingum um mengaðan jarðveg. Vinsamlegast tilkynnið menguð svæði á - ust.is/mengadur-jardvegur



Svart veggjastál, 39 fermetrar. Lártrapisuprófíll. Verð kr. 80.000 m/vsk. (kr. 64.516 án/vsk.) H. Hauksson ehf. | www.hhauksson.is. S. 588-1130. hhauksson@hhauksson.is



Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus fræsing, verð reiknast á fermetra. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Nánari upplýsingar og tilboð í S. 892-0808- Oliver.



Sky 21 gestahús 21 m². Tvöföld nót. Stærð 21 m² / L 5,60 x B 3,90 / Hæð 3,645 / Bjálki 70 mm / Gler tvöfalt. Innifalið í verði er allt timburverk, hurð og gluggar með tvöföldu gleri, milliveggur og milliloft. Fylgihlutir- Þakjárn 0,6 mm galv. Þakpappi (ísl 1x20 m). Þaksaumur 3,8x60 mm RAL0000. Kjölur galv. Einangrun í gólf og þak (140 mm). Rakasperruplast yfir einangrun í lofti. Trétex plötur undir einangrun í gólfi. Tréskrúfur. Vinklar. Kambsaumur. Verð áður kr. 3.190.000 m/vsk Tilboðsverð kr. 2.550.000.kr. m/vsk. Upplýsingar í s. 663-4203.



Bílaflutningavagn frá USA. Innfluttur nýr 2022. 7,3 m x2,55 Verð kr. 4.200.000. Upplýsingar harryholmgeirs@gmail.com



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Til sölu Case traktorsgrafa 2007 árgerð, vél í fínu standi. Verð kr. 5.500.000 +vsk. Upplýsingar í s. 892-6263.



Gas-magnsmælirinn Senso4s er tilvalinn fyrir heimiliseldunaraðstöðuna, útigasgrillið, húsbílinn þinn, eða hvar sem gaskútar eru notaðir. Sjá nánar www.herumbil.is



Isuzu Trooper árg. 2001, ekinn 230.000 km. Dísel, Sjálfskiptur. Verð kr. 500.000. Uppl. s. 660-8305.



Stór og öflug háþrýstidæla fyrir verktaka til sölu. Dælan er ný og ónotuð, FDX Xtreme XL, www.comet-spa.com. Dælan er 16 L / min og max þrýstingur er 520 Bar. Vél - 26 hestöfl, Kohler, dísel, KDW 1003. Vélin er vatnskæld og með rafstarti. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - e-mail - hak@hak.is.



Sandblástursgámur til sölu, tilvalið að nýta sem reykkofa. Stærð- 4,2 m. x 1,80 m. x 2,40 m. (lægsta hæð). Verð kr. 200.000. Staðsettur á Húsavík. S. 464-2303



Til sölu Massey Ferguson 135. Upptekin vél, nýtt rafkerfi. Nýr vatnskassi og ýmislegt fleira. Óskað er eftir tilboðum. Upplýsingar gefur Guðni í s. 896-6712.



Díselhitari, app- stýrður 12 eða 24v 5kw. Hægt að ræsa með símanum. Samsettur eða ósamsettur. Verð kr. 68.900.- Orkubóndinn.is Tranavogi 3, 104 Reykjavík, s. 888-1185.



Díselhitarar. 5kw 12 eða 34v. Verð frá kr. 48.900.- Orkubóndinn.is Tranavogi 3, 104 Reykjavik S. 888-1185.



Rúlluvagnar. Stærð á palli L10,5 m x B2,55 m. Burðargeta/Hlassþyngd 14 tonn. Litur svartur og rauður. Verð kr. 3.370.000 m/vsk (kr. 2.717.741 án vsk). H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is s. 588-1130. hhauksson@hhauksson.is



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Tilboð. Weckman 90G sturtuvagn, með 9 tonna burðargetu/hlassþyngd er nú á tilboði. Verð kr. 1.640.000 m/vsk. (verð áður kr. 1.790.000 m/vsk.) H. Hauksson ehf. | www.hhauksson.is s. 588-1130. hhauksson@hhauksson.is



Travel Lite - 800. Einn eigandi, nýr ísskápur m. pressu, wc, fjarstýrður lyftubúnaður, 2 stórir rafgeymar. Uppl í s. 822-1845.



Ford F350 Plantinum 2016 árgerð, ekinn 71.000 km. 20" felg, 37" dekk, 1 árs. Hlaðinn aukabúnaði. Camper festingar. Loftpúðar að aftan. S. 866-4736. Verð kr. 9.500.000 m/vsk.



Höfum heimreiðina í lagi svo gestir komist á bæi. Snjóblásari fyrir minni traktora, 210 cm breiður. Verð kr. 795.000 +vsk. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is.




Fyrir nánari upplýsingar kíktu á Súperdaga Sixt auglýsinguna á bls. 63 í blaðinu.

**Nýsköpun í vestri:**
Frumkvöðla- og fyrirtækjamót á Vesturlandi



**Hvar:** Hjálmaklettur í Borgarnesi
**Hvenær:** Föstudaginn 29. september kl. 10-18

Frumkvöðla- og fyrirtækjamótið er opið öllum sem hafa áhuga á nýsköpun og frumkvöðlastarfi, umhverfismálum og sjálfbærni. Hádegismatur í boði og léttar veitingar í lok dags.

- Fræðsla
- Vinnustofur og tengslamyndun
- Úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands
- Reynslusögur
- Heimsókn í Kviku nýsköpunarrými

Öll velkomin og þátttaka er ókeypis.
Nánari upplýsingar og skráning á **www.gleipnirvest.is**

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI
SÓKNARÁÆTLUN
NÝ VEST
Gleipnir







**Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar**



**S: 527 2600**




Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is

NÝI ÖKUSKÓLINN

Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári

Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is

Réttindin gilda í Evrópu
Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið

Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far

ÁSCO
BÍLARAFMAGN

OKKAR ÆR OG KÝR
— STARTARAR OG ALTERNATORAR —



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengi fyrir togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarslæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áriðlar 12V og 24V í 240V. Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, spennufellur 24V í 12V, truflanaþéttar, loftnetsframleningar. Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi í bíla. Glleröryggi 20 og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. Stór öryggi uppí 250A. Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir bassakeulur. Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. Díóur. Raffgeymaskór. Jarðsamband. Díóðubrýr. Reimskífur fyrir alternatora. Kúplingstrissur. Startarakol. Legur í alternatora. Kol í alternarora. Viðnám 0,25W uppí 25W. Og margt margt fleira.

ÁSCO

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is BÍLARAFMAGN

SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ
ALLAR GERÐIR
TJAKKA



VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús
af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463

VÉLSMIÐJA GRUNDARFJARÐAR






Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta- 8.000 kg. Stærð- 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól o.fl. Lengdir- 1,6 m,-2 m-2,1 m-2,5 m-3 m-3,5 m-4 m-4,5 m-5 m. Burður fyrir par- 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163.



Vandaðir vatnabátar frá Póllandi. Stærð- 4,04 m x 1,67 m, 110 kg. Bátarnir eru með tvöföldum botni með frauði á milli. Bátunum fylgir sami búnaður og á mynd, ásamt tréárum. Vinsamlega hafið samband fyrir nánari upplýsingar. Hákonarson ehf, netfang: hak@hak.is. S . 892-4163.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is.



Slöngubátar fyrir alhliða veiði. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari- 680 kg og 1500 kg CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf / S. 892-4163 / netfang- hak@hak.is




Kornvalsar frá SIPMA í Póllandi. https://www.sipma.pl/produkt/zgniatacze-ziarna/ Frábærir valsar í mörgum útfærslum. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang hak@hak.is




Ledljós fyrir kerrur og landbúnaðartæki. 12 og 24 V, 7 pinna tengi. 2,5 m kapall á milli ljósa og 12 m kapall í pinnatengi. Segulfesting, IP66 vatns- og rykvörn. Handhæg plasttaska fylgir. Til á lager. Hákonarson ehf, S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is - www.hak.is



Háþrýstidælur fyrir verktaka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísel. Margar stærðir, allt að 700 Bar. Einnig öflugir vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.

## Óska eftir

Óska eftir að kaupa gömul hlutabréf frá Loftleiðum, Flugfélagi Íslands og öðrum flugfélögum. Einnig einkennismerki og aðra gamla safngripi frá flugfélögum. Eiríkur L, andromeda@simnet.is.

Óska eftir amerískum pikkup. Ford f350/250, Dodge ram, Chevrolet silverado eða Gmc sierra. Mega þarfnast lagfæringa. S. 774-4441.

Kaupi vínylplötur og CD. Staðgreiði stór plötusöfn. Plötumarkaður Óla, Ísbúðin Háaleitisbraut 58. S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Leita að gömlum reiðtygjum í endurvinnsluverkefni. Taumlásar, hringir, mél, taumar, allt getur nýst. Frekari upplýsingar - Sigríður s. 660-7667.

Er að leita að gömlum tætara aftan á 75hp traktor og flaghefil, ef einhver liggur á slíku og vill losna við. Er líka að leita að garðskúr af minni gerðinni. Staðsetning á Suðurlandi er kostur. S. 860-4514 - Óskar.

Gamli rauði 100 kr. seðillinn óskast keyptur. Vinsamlegast geymið auglýsinguna. S. 893-0878.

Óska eftir að kaupa styttur eftir Guðjón R. Sigurðsson (1903-1991) Þórður Sævar - S. 663-1306/ thordur785@gmail.com

## Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johanhelgi.is s. 820-8096.

## Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang- einar.g9@gmail.com - Einar G.

Tækifærisskáldið Daníel Daníelsson, nú umtalað í Bændablaðinu og Morgunblaðinu. Get samið söngtexta, ástarbréf, ljóð og fleira. Pantanir í s. 694-2748.

Ódýr og góð tjaldvagnageymsla í Mosfellsbæ Sept.–maí. Verð kr. 40.000–50.000. bjarniskeggjo@gmail.com - sendið sms. í s. 698-0906.

Landsbyggðin lifi

FRAMFARAFÉLAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS

Landsbyggðin lifi (LBL) og Framfarafélag Fljótsdalshéraðs (FF)

**Aðalfundur og málþing um sjálfbærni**

Aðalfundur LBL verður haldinn kl. 09:00 þann 30. september 2023 í Sláturhúsinu á Egilsstöðum. Samtökin eru opin öllum landsmönnum og hvetjum við fólk til að mæta og kynnast starfinu.

Klukkan 14:00 standa samtökin LBL ásamt Framfarafélagi Fljótsdalshéraðs fyrir málþingi um landsbyggðarmál, sjálfbærni og fleira.

**Á málþinginu verða eftirfarandi erindi:**

**Guðrún Schmidt** ræðir um grunnstef málþingsins, sjálfa sjálfbærnina.

**Oddný Anna Björnsdóttir**, Beint frá býli, fjallar um sjálfbærni og nýsköpun.

**Rúnar Þór Þórarinsson** frá Jarðlífi hf. fjallar um lífrænan áburð og lífkolagerð.

**Cornelius Aart Meijles** Verður bóndinn læknir framtíðarinnar?

**Anna Berg Samúelsdóttir** frá Matis fjallar um málefni tengd sjálfbærni, m.a. um hringrásarkerfið og stefnu stjórnvalda.

Við skorum á alla þá sem hafa áhuga á sjálfbærni, matvælaöryggi og lífrænni ræktun að mæta.

Sjáumst, Stjórnin

# BÍLALEIGUBÍLARNIR ERU KOMNIR Í SÖLU!

SIXT




**Toyota BZ4X AWD - 2022**
9.000 km. - Rafmagn - Sjálfskiptur
Ásett verð: 8.990.000
**Súperverð: 6.990.000**




**Opel Mokka - 2021**
22.000 km. - Rafmagn - Sjálfskiptur
Ásett verð: 4.290.000
**Súperverð: 3.990.000**




**Toyota Landcruiser - 2021**
55.000 km. - Dísel - Sjálfskiptur
Ásett verð: 10.490.000
**Súperverð: 9.990.000**




**Marvel R Electric - 2022**
5.000 km. - Rafmagn - Sjálfskiptur
Ásett verð: 6.990.000
**Súperverð: 6.290.000**

## LÆKKAÐ VERÐ – ÓTRÚLEGT ÚRVAL!

# SÚPERDAGAR

Birt með fyrirvara um mynda og texta brengl




**Tesla Model 3 Long Range - 2022**
25.000 km. - Rafmagn - Sjálfskiptur
Ásett verð: 6.890.000
**Súperverð: 6.490.000**




**Jeep Compass - 2021**
74.000 km. - Bensín/rafmagn - Sjálfskiptur
Ásett verð: 5.990.000
**Súperverð: 4.990.000**




**SsangYong Rextexon - 2019**
92.000 km. - Dísel- Sjálfskiptur
Ásett verð: 4.890.000
**Súperverð: 4.590.000**




**Hyundai Kona - 2020**
13.000 km. - Rafmagn - Sjálfskiptur
Ásett verð: 4.790.000
**Súperverð: 4.590.000**




**Opel Ampera-E - 2020**
30.000 km. - Rafmagn - Sjálfskiptur
Ásett verð: 4.390.000
**Súperverð: 3.790.000**




**Toyota C-HR - 2021**
84.000 km. - Bensín/Rafmagn - Sjálfskiptur
Ásett verð: 4.690.000
**Súperverð: 3.990.000**




**Nissan Qashqai - 2020**
76.000 km. - Dísel - Sjálfskiptur
Ásett verð: 3.890.000
**Súperverð 3.290.000**




**Nissan Micra Tekna - 2019**
59.000 km. - Bensín - Beinskiptur
Ásett verð: 2.390.000
**Súperverð: 1.990.000**




**Opel Vivaro - 2022**
21.000 km. - Rafmagn - Sjálfskiptur
Ásett verð: 5.290.000
**Súperverð: 5.090.000**




**SsangYong Korando - 2018**
90.000 km. - Dísel - Sjálfskiptur
Ásett verð: 3.090.000
**Súperverð: 2.790.000**




**Opel Astra ST - 2018**
97.000 km. - Bensín - Sjálfskiptur
Ásett verð: 2.690.000
**Súperverð: 2.490.000**




**Reykjavík**
Krókháls 9
590 2035
Opið virka daga frá 10 - 18
Laugardaga frá 12 - 16

**BÍLALEIGUBÍLAR Á MÖGNUÐUM KJÖRUM! | MEIRA ÚRVAL Á SIXTBILASALA.IS**

# AFLVÉLAR

VALTRA dráttarvél
með fjölplóg og
sanddreifara
frá TOKVAM






Fjölplógar, salt- og sanddreifarar í
mörgum stærðum frá PRONAR




Snjóblásarar frá TOKVAM
í mörgum stærðum



Fjórhjól AODES 650, 850 og 1000



Fjórhjól xWolf 700

AFLVÉLAR

2018 2022
Framúrskarandi fyrirtæki

TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI

Selfossi | Akureyri | Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is